# FRÉTTABLAÐIÐ

241. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 2015





**Víðtæk verkfallsáhrif** Hafið er verkfall hjá félagsfólki SFR og Sjúkraliðafélagsins. Félögin, ásamt Landssambandi lögreglumanna sem er með í viðræðum við ríkið, funduðu í gær hjá ríkissáttasemjara, en án árangurs. Lögreglumenn, sem ekki eru með verkfallsrétt, fjölmenntu fyrir utan hjá ríkissáttasemjara í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekkert gefið eftir í verkfallsaðgerðum

SFR, lögreglumenn og sjúkraliðar geta unnið með nýtt tilboð ríkisins. Hátt í sex þúsund starfsmenn lögðu niður störf á miðnætti.

**KJARAMÁL** Hátt í sex þúsund ríkisstarfsmenn fóru í verkfall á miðnætti en samninganefndir ríkisins og SFR – stéttarfélags í almannaþágu, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna náðu ekki saman á fundi sínum í gær. Nýtt tilboð ríkisins er til skoðunar hjá félögunum þremur.

„Eftir að við förum yfir málin þá komumst við að þeirri niðurstöðu að þetta væri hugmyndafræði sem hægt væri að vinna á,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, en boðað hefur verið til samningafundar klukkan eitt í dag.

Engar krónutöluhækkanir eru fólgnar í tilboðinu og að sögn Árna er tilboðið afar hrátt en hægt er að vinna áfram með það.

Þótt tilboðið verði rætt áfram mun verkfallið hafa sinn gang. „Þetta þýðir ekki að það sé slegið undan í þeim málum.“

Verkföll munu hafa umtalsverð áhrif á starfsemi fjölda stofnana.

Verkfallið er nokkuð flóknara fyrir Landspítalann en undangengin verkföll. Þó veltur það á því hvort undanþágunefndir verði við undanþágubeiðnum af hálfu spítalans.

„Við leggjum höfuðáherslu á að sinna bráðaþjónustu og tryggja öryggi sjúklinga í þessu verkfalli,“ segir Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. „Áhrif þess eru mjög víðtæk og ná til allra sviða spítalans. Við munum fresta skipulögðum aðgerðum, skerða starfsemi dag- og göngudeilda sem og legudeilda, þar sem við munum einnig þurfa að loka sjúkrarýmum,“ segir hann.

Verkföll munu bitna á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur framhaldsskóla en starfsemi brautanna mun skerðast og í sumum tilfellum verður þeim lokað tímabundið.

– srs, óká / sjá síðu 16

> Við munum fresta skipulögðum aðgerðum, skerða starfsemi dag- og göngudeilda sem og legudeilda.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans

## Hætta ekki notkun á eiturefnum

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin telur sig tæplega geta hætt að nota eiturefnið Roundup til að eyða gróðri í vegköntum nema að komi til aukinna fjárveitingar til viðhalds. Að öðrum kosti verði öryggi vegfarenda sett í annað sætið.

Notkun efnisins er skýrð með því að gróðureyðing með vistvænni aðferðum er kostnaðarsamari.

Gróðureyðing í vegköntum er mikilvæg til að viðhalda umferðaröryggi. Stýrihópur umhverfisráðherra hefur óskað eftir samvinnu Vegagerðarinnar við að eyða ágengum tegundum, meðal annars með Roundup sem inniheldur efnið glýfosat sem er talið mögulegt að valdi krabbameini í mönnum.

- shá / sjá síðu 12

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Árni Páll Árnason svarar fyrir sig. 26




24

**SPORT** Gríðarleg pressa á KR-ingum í úrvalsdeild karlakörfunni. 34-36

**MENNING** Hin 97 ára Jenna Jensdóttir rithöfundur hefur miklu að miðla. 42-50

**LÍFIÐ** Hvaða námskeiðum gætu þingmenn staðið fyrir? 54-62

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










**Í dag** verða suðvestan 8 til 13 metrar á sekúndu á landinu, en þó gæti verið heldur hvassara nyrst. Með hlýju lofti kemur raki og því má búast við súldarlofti sunnan og vestanlands en útlit fyrir bjartviðri um austanvert landið. SJÁ SÍÐU 40

# Skólabörn skunda á brott



Þessir hressu krakkar áttu leið um Langholtsveginn í gær. Þegar þvera þarf götuna er gott að hafa þá sem eldri eru til að líta eftir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Katrín Jakobsdóttir vill að aðgerðir gegn ástandskonunum verði rannsakaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Katrín vill rannsókn

**ALÞINGI** Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, vill rannsókn á aðgerðum stjórnvalda gagnvart íslenskum konum á hernámsárunum. Katrín ræddi þetta málefni undir liðnum störf þingsins á þessu á Alþingi í gær og óskaði eftir svari frá innanríkisráðherra vegna málsins.

Katrín vakti máls á þessu í tilefni af heimildarmyndinni Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum, sem sýnir aðstæður sem urðu til þess að fjöldi stúlkna var vistaður á vinnuhæli.

> Gripið var til ótrúlegra ráðstafana til að stöðva samskipti þessara stúlkna.
>
> Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna

„Þær aðstæður voru […] hernámið 1940 sem olli þvílíkum usla í íslensku samfélagi að gripið var til ótrúlegra ráðstafana til að stöðva samskipti þessara stúlkna sem voru á öllum aldri, allt frá ungum stúlkum upp í konur á sjötugsaldri, við hina erlendu hermenn.“

Katrín benti á að svo langt var gengið að sett voru neyðarlög til að lækka sjálfræðisaldur til að hægt væri að koma höndum yfir þessar ungu konur. – bo

# Arctic Circle-ráðstefnan hefst í dag

**STJÓRNMÁL** Arctic Circle-ráðstefnan verður sett í dag. Formleg dagskrá hefst með ljósmyndasýningu fyrir utan Hörpu klukkan 17.30.

Ráðstefnan, sem snýr að málefnum norðurslóða, fer fram í Hörpu og stendur allt fram á næsta sunnudag. Meðal þeirra sem koma fram á ráðstefnunni eru Ólafur Ragnar Grímsson forseti, Albert fursti af Mónakó og Philippe Couillard, ríkisstjóri Québec.

Ýmsir fræðimenn munu flytja ávarp á ráðstefnunni, meðal annars frá Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands, MIT, Harvard og Tufts-háskóla.

Ólafur Ragnar sagði á Bylgjunni að ráðstefnan væri vettvangur fyrir þjóðina til þess að fylgjast með því hvernig staða Íslands breytist. – sg




# Hafa endurhannað vinsælan stafaruglsleik

**Þeir geta glaðst sem leiðist fjöldi e-a í skrafli. Ofurtölva og helstu sérfræðingar landsins komu að gerð nýs stigakerfis fyrir stafaruglsleikinn vinsæla. Kerfið verður tekið upp í leiknum netskrafl.is á netinu og von á útgáfu í verslanir líka.**

**AFÞREYING** Lokið hefur verið við hönnun á nýju stigakerfi fyrir íslenska útgáfu skrafls, stafaleiksins sem byggir á erlendu útgáfunni Scrabble. Að nýja skraflinu stendur Skraflfélag Íslands og segir Jóhannes Benediktsson, formaður félagsins, að vinna við nýja stigakerfið hafi verið afar umfangsmikil og staðið yfir síðasta hálfa árið.

Gamla stigakerfið segir hann vera frá 1990. Það hafi verið búið til af metnaði, en um leið nokkrum vanefnum, enda ekki við tölvukost nútímans að styðjast. Við nánari skoðun hafi það reynst meingallað. Hafi leikmaður dregið eina ú-ið voru til dæmis yfir helmingslíkur á sigri hans. Þessi og fleiri vankantar hafi verið lagaðir. „Til dæmis getur sá sem spilar skrafl í nýja kerfinu fundið 70 prósentum fleiri orð þegar hann dregur stafi af handahófi úr pokanum, því stafirnir endurspegla nú íslenskuna betur.“ Jóhannes líkir breytingunni við að teknir hafi verið upp alvöruspaðar í borðtennisleik í stað panna.

Í vinnslu nýja kerfisins segir Jóhannes að virkjaðir hafi verið allir helstu skraflsérfræðingar landsins, um 40 talsins, þar á meðal tölvukarlarnir Hjálmar Gíslason og Vilhjálmur Þorsteinsson og stærðfræðingarnir Stefán Ingi Valdimarsson og Sigrún Helga Lund. Þá hafi verið leigður tími í ofurtölvu til að aðstoða við tölfræðilegan samanburð á rúmlega 10 milljón mögulegum „niðurlögnum“ í leiknum.

Hefðbundið skrafl segir Jóhannes að hafi verið uppselt hér á landi síðustu ár, en leikurinn sé engu að síður afar vinsæll. Fólk spili þetta heima hjá sér og að auki leiki um ellefu þúsund manns reglulega skrafl á netinu, á vefnum Netskrafl.is. Höfundur netskraflsins er Vilhjálmur Þorsteinsson og segir Jóhannes að þar verði nýja kerfið líka tekið upp á næstu dögum. Þá sé von á skrafli um næstu jól sem taki mið af þessu „nýja“ eða „íslenska“ kerfi og verði með nýja stafapokann.



Jóhannes Benediktsson, formaður Skraflfélags Íslands, heimsækir reglulega móðurömmu sína, Guðbjörgu Lilju Maríusdóttur, til að spila við hana skrafl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Til dæmis getur sá sem spilar skrafl í nýja kerfinu fundið 70 prósentum fleiri orð þegar hann dregur stafi af handahófi úr pokanum.
>
> Jóhannes Benediktsson, formaður Skraflfélags Íslands

Breytingin segir Jóhannes að sé stórmál og jafngildi því í raun að skipta um reglur í skák. Á alþjóðavísu hafi hins vegar lengi verið ræddar breytingar á kerfinu án þess að menn hafi getað komið sér saman um þær. „Þetta kemur væntanlega til með að vekja mikla athygli ytra.“ olikr@frettabladid.is

# Til hamingju Skuggi Hótel

Landsbankinn óskar Keahótelum og SA Verki til hamingju með nýtt hótel, sem fjármagnað er af Landsbankanum. Skuggi Hótel er nýtt, glæsilegt 100 herbergja hótel við Hverfisgötu, í göngufæri við miðbæinn. Hótelið er rekið af Keahótelum og hefur vakið athygli fyrir framúrskarandi og fallega hönnun. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**4.220** fermetrar

**100** hótelherbergi

**30** starfsmenn

**202** rúm




Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Börn án greiningar trufla allt skólastarf

**Foreldrar, skólastjórnendur, kennarar og aðrir hagsmunaaðilar sameinast í áskorun til stjórnvalda um að bæta þjónustu við börn í grunnskólum. Áskorunin var send fyrir átta mánuðum en undirtektirnar eru nánast engar.**



Sigríður ásamt Sölva syni sínum sem er einhverfur og gengur í Hólabrekkuskóla. Hún segir úrræðaleysið skerða þjónustu við öll börn. Börn með greiningu fá ekki stuðning og þar af leiðandi truflar það almennt skólastarf fyrir hinum börnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SKÓLAMÁL** Skólastefnan „Skóli án aðgreiningar“ er metnaðarfull stefna. Til þess að sú skólastefna gangi upp þarf hins vegar að tryggja stuðning og þjónustu við öll börn.

Svona hefst áskorun til ríkis og sveitarfélaga frá kennurum, skólastjórum og tuttugu foreldrafélögum í Reykjavík ásamt ýmsum samtökum sem koma að hagsmunagæslu barna. Áskorunin var send út í febrúar og aftur í apríl til allra alþingismanna, borgarfulltrúa og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einu viðbrögðin sem fengust komu frá þeim síðastnefndu sem buðu viðræður í haust.



Í bréfinu kemur fram að þjónusta og stuðningur við börn með hegðunarvanda, geðræn vandamál, málhömlun og þroskahamlanir séu engan veginn viðunandi. Biðlistinn á greiningarstofnunum sé meira en ár, hjá talmeinafræðingum 12-18 mánuðir og að börn í ákveðnum hverfum Reykjavíkurborgar þurfi að bíða í tvö ár eða lengur eftir fyrsta viðtali á þjónustumiðstöð.

Á meðan beðið er eftir þjónustunni vex vandinn innan veggja skólanna sem bitnar á börnunum og fjölskyldum þeirra ásamt því að úrræðaleysið getur haft verulega neikvæð áhrif á skólagöngu annarra barna í sömu bekkjardeild eða skóla.

„Þetta er vandamál allra foreldra því úrræðaleysið í skólunum bitnar á öllum börnum,“ segir Sigríður Björk Einarsdóttir, í stjórn Samfok sem stóð fyrir áskoruninni.

„Foreldrar barna sem eiga ekki í vanda þora ekki að nefna þá hlið því þeir vilja ekki vera sakaðir um fordóma. En það er staðreynd að börn fá almennt ekki jafn góða kennslu vegna barna sem eiga í greinilegum vanda en fá ekki greiningu og ekki þann stuðning sem þau þurfa. Þau trufla skólastarfið of mikið. Það er ekki við börnin sjálf að sakast, heldur kerfið sem er ekki að sinna þeim.“

Sigríður á sjálf einhverfan son og segist svo sannarlega vera hlynnt skóla án aðgreiningar. En hún segir að stefnunni þurfi að fylgja fjármagn og stuðningur. Eins og staðan er í dag sé stefnan eingöngu hugmyndafræði.

„Í árgangi sonar míns eru tæplega fimmtíu nemendur í tveimur bekkjum. Þar af eru nokkur börn með greiningar og nokkur sem eiga í greinilegum vanda en eru ógreind. Það er einn stuðningsfulltrúi sem flakkar á milli bekkjanna en þarf líka reglulega að sinna öðrum árgangi. Þetta þýðir að allar sérþarfirnar hvíla meira og minna á einum kennara með sinn 25 nemenda bekk.“

Sigríður segir kerfið gríðarlega ferkantað og því eigi það erfitt með að taka á móti börnum sem ekki eru með ferkantaða greiningu eða skerðingu.

„Það er í raun mun auðveldara að taka á móti barni í hjólastól, jafnvel þótt þurfi að gera miklar breytingar á húsnæðinu, því þarfirnar eru þekktar og ákvæði um aðgengi eru skýr í reglugerðum.“

Sigríður bendir einnig á að mikill sparnaður felist í að takast á við vanda barnanna um leið og hann uppgötvast. „Þessi börn geta annars kostað kerfið himinháar upphæðir seinna meir, þegar vandinn er orðinn dýpri og flóknari.“

erlabjorg@frettabladid.is

> Það er staðreynd að börn fá almennt ekki jafn góða kennslu vegna barna sem eiga í greinilegum vanda en fá ekki greiningu og ekki þann stuðning sem þau þurfa. Þau trufla skólastarfið of mikið.
>
> Sigríður Björk Einarsdóttir, í stjórn SAMFOK

## Sérkennurum fækkar




*Heimild: Hagstofa Íslands.

**26%** grunnskólanemenda fengu sérkennslu og stuðning til náms árið 2012. Það eru 11 þúsund nemendur.

**63%** af þeim voru með formlega greiningu. Í þeim hópi eru tvöfalt fleiri drengir en stúlkur.

**55%** aukning varð á sex ára nemendum sem þurftu sérkennslu eða stuðning árin 2005-2012. Á sama tíma nær tvöfaldaðist fjöldi nemenda með erlent móðurmál.

**Hvað er skóli án aðgreiningar?**
Grunnskóli í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi.

**Hvenær byrjaði stefnan á Íslandi?**
Árið 1999 var gefin út aðalnámskrá þar sem byggt var á stefnunni.

**Hefur árangur stefnunnar verið metinn?**
Í maí síðastliðnum skilaði starfshópur mati á framkvæmd stefnunnar en meginniðurstaða hópsins er að stefnan hafi hvorki verið skilgreind né innleidd með nægilega skipulögðum hætti eða kostnaðarmetin sem skyldi og því erfiðleikum bundið að leggja mat á árangurinn. Lagt er til að frekari úttekt verði gerð á framkvæmd stefnunnar.


**Viltu stofna fyrirtæki?**

**Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, útgáfu reikninga, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja, fjármál o.fl.**



**Námskeiðið skiptist í þrjá hluta og verður kennt þriðjudagana 20. og 27. okt., og 3. nóv. kl. 16:10 – 19.**

Námskeiðsstaður er Katrínartún 2 (Höfðatorg), 16. hæð, Reykjavík.

Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is
Fyrirlesari: Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M

**Nánari upplýsingar og skráning í síma 894-6090 eða á alb@lexista.is**
**Námskeiðsgjald er 40.000 kr. og greiðist við skráningu.**

Lexista

**VR og fleiri félög styrkja félagsmenn sína til þáttöku á námskeiðinu um 50%.**


# Ætlar ekki að fara á vasapeninga



Guðrún segir ekki hægt að lifa af vasapeningum sem íbúum á hjúkrunarheimilum eru úthlutaðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SAMFÉLAG** „Ég ætla ekki að fara á vasapeninga, það er mannréttindabrot,“ segir Guðrún Einarsdóttir ellilífeyrisþegi. Guðrún hefur barist fyrir afnámi vasapeningakerfisins og hærri ellilífeyri síðustu ár. Hún var sett á vasapeninga í vor eftir að hafa þurft að leita sér hjúkrunar vegna langvinnra veikinda. Hún mótmælti því harðlega og fór á fund aðstoðarmanns ráðherra. Eygló Harðardóttir, húsnæðis- og félagsmálaráðherra, lýsti því yfir í júní að hún vildi afnema vasapeningakerfið.

Í dag dvelur Guðrún á Hrafnistu og um næstu mánaðamót á hún að fara á vasapeninga til frambúðar. Hún er ósátt við að þingmenn og ráðherrar geri vel við sig á meðan ellilífeyrisþegar lifa undir fátæktarmörkum. Hún nefnir sérstaklega að þrjátíu milljónir hafi farið í dagpeninga þingmanna á þessu kjörtímabili.

„Á meðan þeir þiggja tugi milljóna í dagpeninga í reisum sínum þá fá aldraðir lítið sem ekkert. Ég gef lítið fyrir þá hækkun sem boðuð er á ellilífeyri á meðan réttur fjölda aldraðra er brotinn með því að skikka þá á vasapeninga. Þá eiga aldraðir jafnt sem aðrir rétt á því að vera á lágmarkslaunum, það dugar ekkert minna en þrjú hundruð þúsund krónur. Af minni upphæð er ekki hægt að lifa.“

Í nokkur ár hefur staðið til að endurskoða frá grunni fyrirkomulag greiðslna einstaklinga sem búa á hjúkrunarheimilum og afnema þar með svonefnt vasapeningakerfi.

Um áramótin 2016/2017 fer af stað tilraunaverkefni velferðarráðuneytis á nokkrum hjúkrunarheimilum þar sem vasapeningar verða afnumdir. **-kbg**

# KOMDU OG PRÚTTAÐU!

## Prúttmarkaður Skeifunni 10

### Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Nú er húsgagnaútsölunni í Skeifunni 10 lokið.
Enn eigum við mikið af útsöluvörum og því bjóðum við þér að koma og prútta við okkur. Þetta er einstakt tækifæri til að gera frábær kaup á húsgögnum!








**Prúttsalan stendur aðeins yfir í dag.**
**Opið kl. 8–18**

PENNINN
Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
husgogn@penninn.is

Sími 540 2330
www.penninn.is

ÍSLENSKA /SÍA PEN 76580 10.15

# 80.000 ára gamlar tennur fundust í Kína

**KÍNA** Fornleifauppgröftur í suðurhluta Kína kollvarpar sýn fræðimanna á fólksflutninga nútímamannsins frá Afríku í fornöld. Fólksflutningarnir sem leiddu til dreifingu mannkyns um gjörvallan heim voru áður sagðir hafa átt sér stað fyrir 60.000 árum.

Kínverskir fræðimenn hafa hins vegar fundið tennur í suðurhluta landsins sem eru 80.000 ára gamlar hið minnsta.

**Kínversku tennurnar eru á bilinu 80.000 til 125.000 ára gamlar.**

„Það er deginum ljósara að þessar tennur eru úr nútímamanni. Það sem kemur hins vegar á óvart er aldurinn,“ hefur BBC eftir Maríu Martinón-Torres, doktor í fornleifafræði.

Tennurnar voru grafnar undir kalksteinslagi og segir Martinón-Torres tennurnar því hljóta að vera eldri en kalksteininn. Það þýðir að tennurnar séu á bilinu 80.000 til 125.000 ára gamlar.

Hingað til hafa rannsóknir á erfðaefni og fleiri þáttum bent til að allur sá hluti mannkyns sem býr utan Afríku hljóti að rekja rætur sínar til þeirra manna er fluttust frá álfunni fyrir 60.000 árum. „Mögulega erum við í raun og veru ættuð frá fólkinu sem fluttist frá Afríku fyrir 60.000 árum. Við verðum hins vegar að endurskoða allt sem við vitum um það. Kannski voru fleiri stórir fólksflutningar frá Afríku,“ sagði Martinón-Torres. **- þea**

# Vopnbúinn á Vesturbakkanum



**Palestínskur mótmælandi mundar teygjubyssu í borginni Betlehem. Á sama tíma tóku hundruð hermanna sér stöðu í Ísrael en ástandið á svæðinu virðist versna með degi hverjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Obama sendir 300 hermenn til Kamerún

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnti fulltrúadeild þingsins í gær að 300 hermenn yrðu sendir til Kamerún. Hermennirnir munu manna nýja drónastöð Bandaríkjahers þar í landi.

Drónastöðin mun hafa það markmið að fylgjast með aðgerðum skæruliðasamtakanna Boko Haram, sem hliðholl eru Íslamska ríkinu. Samtökin eru mestmegnis starfrækt í Nígeríu sem á landamæri að Kamerún.

Um níutíu hermenn eru þegar komnir til landsins ásamt nokkrum óvopnuðum Predatordrónum. Hinir hermennirnir 210 munu koma til landsins á næstu vikum að sögn forsetaembættisins.

Þrátt fyrir að hafa aldrei beint sjónum sínum að Bandaríkjunum hefur Bandaríkjaforseti talsverðar áhyggjur af uppgangi Boko Haram en samtökin hafa valdið dauða um tuttugu þúsund manns í Afríku undanfarin ár.



**Predatordróni á flugi.** NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðirnar sem nú verður ráðist í eru umfangsmestu aðgerðir Bandaríkjastjórnar gegn Boko Haram til þessa. Áður hefur Bandaríkjaher ráðist í eina aðgerð gegn Boko Haram en áttatíu hermenn voru sendir til Tsjad í fyrra til að hafa uppi á 200 stelpum sem samtökin tóku til fanga. **– þea**

# Eðlilegt að hafa tvöfaldan refsiramma

**Lektor í lögum segir að sé vilji til breytinga á fíkniefnalögunum ætti að líta til norskrar og danskrar dómaframkvæmdar. Höfuðpaurarnir í máli hinnar hollensku Mirjam náðust ekki þrátt fyrir aðstoð hennar.**

**DÓMSMÁL** „Ef menn ætla eitthvað að fara að breyta þessu þá er bara að horfa til dönsku framkvæmdarinnar. Ef það koma upp risastór smygl eða tilbúningur á fíkniefnum er mjög eðlilegt að vera með rúm refsimörk. Rúm refsimörk eiga einmitt að auka svigrúm dómara við ákvörðun refsingar,“ segir Jón Þór Ólason, lögmaður og kennari í refsirétti við Háskóla Íslands. Í Fréttablaðinu í gær kom fram vilji þingmanna til að skoða breytingar á refsiramma í fíkniefnamálum.

Ellefu ára dómur yfir Mirjam Foekje van Twuijver hefur sætt mikilli gagnrýni síðustu daga fyrir að vera of þungur. Mirjam kom hingað til lands með sautján ára dóttur sinni og rúm nítján kíló af fíkniefnum.



**Jón Þór Ólason, lögmaður og lektor í refsirétti**

Refsirammi fíkniefnabrota á Íslandi er tólf ár. Í blaði gærdagsins spurði Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hvaða refsingu þeir sem fremdu alvarlegri brot en Mirjam, sem er burðardýr, fengju ef þetta fordæmi væri komið.

Samkvæmt Jóni Þór gildir sú regla í dönskum og norskum lögum að refsiramminn er ólíkur fyrir ólík brot. Þannig getur refsirammi fyrir vörslu neysluskammta eða fyrir að vera burðardýr verið annar en fyrir að standa fyrir stórtækum innflutningi eða framleiðslu á miklu magni harðra fíkniefna. „Refsimörk íslensku fíkniefnalaganna, tólf ár, eru allt of mild. Í því ljósi er ég búinn að benda á það lengi að í dönskum lögum eru þeir með sérstaka flokkun þar sem í sérstaklega alvarlegum málum má nota refsimörkin 16 ár. Almenna refsingin er lægri,“ segir Jón Þór.

**snaeros@frettabladid.is**



**Mirjam Foekje van Twuijver, hollensk burðardýr.** MYND/STÖÐ 2

## Fundu hvergi höfuðpaurana

Mirjam nafngreindi og fann Facebook-síður fólksins sem hún sagði að hefði skipulagt innflutninginn. Um þrjá Hollendinga var að ræða: Jeroen Bol, Nikki og Jeroen Knip. Leit lögreglu bar hins vegar engan árangur, að sögn Guðmundar Baldurssonar, lögreglufulltrúa á Suðurnesjum.

„Við vitum ekki hvort hún sagði satt og rétt frá en fólkið er til.“ En hvers vegna var það ekki handtekið og fært til yfirheyrslu? „Það eiginlega var bara óviðráðanlegt. Það var bara ekki til staðar þegar til átti að taka. Það hafði flutt til annars lands.“ Var ekki hægt að finna það í því landi? „Það lá bara ekki fyrir hvert það hafði farið en þau voru allavega farin úr landi. En eins og ég segi, við höfum ekkert nema hennar orð fyrir því að þetta hafi verið fólkið sem gerði þetta. Við komumst í raun bara ekki lengra með það,“ segir Guðmundur.



# TAX FREE DAGAR

# AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
## AF **RAFTÆKJUM**
## DAGANA 15.-19. OKTÓBER

# EINNIG FRÁBÆR SÉRTILBOÐ!

SÉRTILBOÐ
**94.995**
verð áður 129.995
ekki er taxfree á sértilboðum



**Philips**
**47" Smart LED TV**
Módelnr 47PFT5609
Full HD 1920 x 1080p upplausn
Pixel Precise HD myndvinnsla
DualCore örgjörvi
Cloud TV og Cloud Explorer
Multiroom TV
20 W RMS Incredible Surround Hljóðkerfi
Smart TV - Nettenging með opnum netvafra
Wi-Fi 2x2 Þráðlaus móttakari innbyggður
Ljósnemi sem tekur mið af birtu í herbergi
Birtustig: 300 cd/m
Stafrænn DVB-C/T2 móttakari
USB upptökumöguleiki
Ethernet-LAN, Optical út, CI rauf
Orkuflokkur A++
Orkunotkun: 53 kWh/ári
Þyngd: 13.4 kg (14.8 kg m. standi)

SÉRTILBOÐ
**7.995**
verð áður 12.995
ekki er taxfree á sértilboðum



**Philips 2.1 Soundbar heimabíókerfi**
Módelnr. HTL2160
60W Magnari
30W Soundbarhátalarar, 30W Bassahátalari
Dolby Digital og Virtual Surround Sound
Bluetooth þráðlaus tenging
MP3 Link, AUX in, coaxial/optical in og USB
Hægt að festa á vegg
Mál í cm (BxHxD): 80 x 5,2 x 7,5

SÉRTILBOÐ
**19.995**
verð áður 29.995
ekki er taxfree á sértilboðum



**Philips**
**Bluetooth heyrnatól**
Módelnr. SHB6250
40mm Neodymium hátalarar
Tíðnisvið: 8Hz til 22000Hz
32 Ohm
Næmni: 106dB
NFC Bluetooth þráðlaus tenging
Innbyggður hljóðnemi til að tala í snjallsíma
Li-ion rafhlaða endist allt að 11 klst

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Kringlunni. Minna í öðrum verslunum. Gildir til 19.10 á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,35% er alfarið á kostnað Hagkaups.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

## #Égerekkitabú

Fjölmargir einstaklingar hafa lýst glímu sinni við geðsjúkdóma á samfélagsmiðlum í átaki UNICEF við kassamerkið: #égerekkitabú.

**Halldór Auðar Svansson**



Um ævina hef ég verið þunglyndur, á barmi sjálfsvígs, félagskvíðinn, stofnanavistaður vegna geðrofs og sitthvað fleira. Erfiðleikarnir hafa kennt mér einna mest af öllu því sem á daga mína hefur drifið og án þeirra væri ég líklega mun vanþroskaðri en ég er núna. En ég hefði ekki komist í gegnum þá nema með skilningi og stuðningi annarra. #egerekkitabu

**Emmsjé @emmsjegauti**



Að fara til sálfræðings gerir helling. Það er nákvæmlega ekkert skömmustulegt að þurfa að setja plástur á andlegu hliðina. #egerekkitabu

**Steiney Skúladóttir**



Ég sá ekki lífið fyrr en ég byrjaði hjá sálfræðingi. #egerekkitabu

# Úrræðaleysi eftir útskriftina

**Aðstandendur geðsjúkra lýsa erfiðri baráttu við íslenskt geðheilbrigðiskerfi og úrræðaleysi í málefnum þeirra. Eftir ársdvöl á geðdeild átti litla systir Erlu Kristinsdóttur ekki rétt á þjónustu geðlækna eða sálfræðinga Landspítalans.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sífellt fleiri stíga fram undir merkjum #égerekkitabú á samfélagsmiðlum og lýsa glímu við geðraskanir og geðsjúkdóma. Á bak við hverja veika manneskju eru að jafnaði þrír til fimm nánir aðstandendur. Geðhjálp efndi í gær til málþings undir yfirskriftinni Öðruvísi líf þar sem aðstandendur lýstu sinni sýn.

Erla Kristinsdóttir var á meðal þeirra sem stigu fram. Hún sagði frá upplifun sinni af því að eiga systur með þunglyndi. Hún var lögð í einelti og þá fór að bera á þunglyndi og sjálfskaðandi hegðun.

„Hún átti ekki samleið með bekkjarfélögum sínum sem sumir lögðu hana í einelti. Það komu engir vinir heim að leika við litlu systur og í þau örfáu skipti sem það gerðist þá var tilgangurinn annar en að sýna vináttu og kærleika," segir Erla.

Hún segir vanlíðan systur sinnar hafa verið slíka að hún vildi ekki lifa lengur og lýsir viðmótinu þegar leita þurfti læknis. „Það hefði verið svo miklu einfaldara hefði hún fengið krabbamein eða einhvern samfélagslega samþykktan sjúkdóm. Þá hefði hún fengið miklu meiri stuðning og við hennar nánustu aðstandendur líka."

Systir Erlu var viðloðandi geðdeild í rúmt ár. Erla segir það hafa verið ákveðinn létti að vita af henni á öruggum stað. Þegar hún var loks útskrifuð tók úrræðaleysið við.



Erla segir viðhorfsbreytingu nauðsynlega í íslensku geðheilbrigðiskerfi. Hún hefur áralanga reynslu af kerfinu en litla systir hennar hefur glímt við alvarlegt þunglyndi um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Litla systir útskrifaðist af geðdeild og var þá vísað frá sínum geðlækni. Að sögn mátti hann ekki sinna sjúklingum utan spítalans. Sálfræðiþjónustan fylgdi einnig spítalanum og var ekki lengur í boði eftir útskrift. Litla systir þurfti að flytja aftur til mömmu enda bæði orðin atvinnulaus og húsnæðislaus eftir ársdvöl á geðdeild." Þarna hafi baráttan við kerfið harðnað. Loks samþykkti heimilislæknir fjölskyldunnar að hitta systur Erlu á meðan leitað væri að sálfræðingi sem hefði umsjón með meðferðinni. Síðan eru liðin átta ár og systir Erlu er enn án geðlyfja og hefur ekki stigið fæti inn á geðdeild aftur.

Eftir margra ára reynslu af íslensku geðheilbrigðiskerfi segir Erla þörf á viðhorfsbreytingu. „Geðlæknar verða að hugsa út fyrir lyfjaglasið og félagsþjónustan á að mæta geðfötluðum sem manneskjum, ekki sem aumingjum." kristjanabjorg@frettabladid.is

> Við fundum frábæran einkaþjálfara sem hefur unnið með litlu systur í sjö ár með góðum árangri.
>
> Erla Kristinsdóttir


SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**Þér á eftir að líka vel við ŠKODA Fabia.** Glæsileg hönnunin nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að ŠKODA Fabia skyldi vera valinn bíll ársins af WhatCar? og hljóta Red Dot hönnunarverðlaunin 2015. Komdu og prófaðu nýjan ŠKODA Fabia. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins
**2.290.000 kr.**

WHATCAR? Car of the Year 2015

reddot award 2015 best of the best car design

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is

# nettó
lægsta verðið & bestu kaupin



## Verðsprengja

-30%
NAUTAMJAÐMASTEIK
FROSIN
1.959
ÁÐUR 2.798 KR/KG



## Heill kalkúnn
- mismunandi stærðir

-36%
HEILL KALKÚNN - ERLENDUR
4,6 KG - 5,4 KG - 6,6 KG - 7,2 KG
991
ÁÐUR 1.549 KR/KG




GRÍSARIF
FULLELDUÐ
999
ÁÐUR 1.298 KR/KG




-50%
GRÍSABÓGUR
FERSKUR - HRINGSK.
499
ÁÐUR 998 KR/KG




-30%
GRÍSAHRYGGUR
PÖRUSTEIK
1.669
ÁÐUR 2.384 KR/KG



X-TRA FLÖGUR
SOUR CREAM - 300 G
299
ÁÐUR 369 KR/PK




YUM YUM NÚÐLUR
60 G - 5 TEG
59
ÁÐUR 69 KR/PK



-50%
AVOCADO
„HASS" - 750 G NET
288
ÁÐUR 575 KR/KG

## Bakað á staðnum!



-40%
CROISSANT
M/SKINKU OG OSTI
149
ÁÐUR 249 KR/STK

-30%
SKÓGARBRAUÐ
500 G
348
ÁÐUR 497 KR/STK




NETTÓ KAFFI
400 G
498
ÁÐUR 579 KR/PK



APPELSÍNUSAFI
X-TRA - 1,5 L
269
ÁÐUR 299 KR/PK

**Tilboðin gilda 15. sept – 18. október 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Bernie Sanders og Hillary Clinton í sjónvarpskappræðum demókrata á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sakar Sanders um linkind í byssumálinu

**Hillary Clinton fagnaði ákaft þegar Bernie Sanders sagði þjóðina orðna hundleiða á að heyra talað um tölvupóstana hennar. Fátt varð um svör hjá Sanders í kappræðum þeirra tveggja þegar talið barst að nýju frumvarpi um byssulöggjöf.**

**BANDARÍKIN** Hillary Clinton fékk á þriðjudagskvöldið tækifæri til að koma höggi á mótherja sinn, Bernie Sanders, og sakaði hann um linkind gagnvart byssuframleiðendum og skotvopnafíklum í Bandaríkjunum.

„Nei, alls ekki,“ svaraði hún þegar stjórnandi sjónvarpskappræðna demókrata spurði hvort hún teldi Sanders nægilega harðan í byssumálinu.

„Sanders öldungadeildarþingmaður greiddi fimm sinnum atkvæði gegn Brady-frumvarpinu. Eftir að það var samþykkt hefur í meira en tvær milljónir skipta verið komið í veg fyrir byssukaup,“ sagði Clinton í kappræðunum, þar sem fimm demókratar tókust á um það hver þeirra eigi að verða forsetaefni flokksins á næsta ári.

Sanders svaraði því til að vissulega vildi hann stranga byssulöggjöf í Bandaríkjunum. Í þessu tiltekna frumvarpi hefðu hins vegar verið ýmis ákvæði sem hann gat ekki sætt sig við. Svo vísaði hann til þess að kjósendur hans í Vermont væru ekki sérlega áhugasamir um stranga byssulöggjöf: „Ég kem úr dreifbýlisríki og afstaðan til skotvopnaeftirlits er önnur í dreifbýlisríkjum en í þéttbýlisríkjum, hvort sem okkur líkar það betur eða verr.“

Þau Clinton deildu um ýmis önnur mál í kappræðunum en voru hins vegar alveg á einu máli um tölvupóstavandræðin sem andstæðingar þeirra hafa verið að velta Clinton upp úr.

„Ég held að bandaríska þjóðin sé búin að fá miklu meira en nóg af því að heyra um fjárans tölvupóstana þína,“ sagði Sanders, og þá brosti Clinton breitt, þakkaði honum fyrir og tók í höndina á honum.

Þrír aðrir demókratar tóku þátt í sjónvarpskappræðunum og sækjast allir eftir að verða forsetaefni flokks síns í kosningunum, sem haldnar verða í nóvember á næsta ári.

Þetta eru þeir Martin O'Malley, Lincoln Chafee og Jim Webb. Enginn þeirra mælist með minnstu möguleika í skoðanakönnunum. Þar gnæfir Clinton enn yfir aðra, með 43,3 prósenta fylgi samkvæmt nýjustu samantekt á vefsíðunni Realclearpolitics.com.

Sanders mælist þar með 25 prósent og Joe Biden varaforseti er í þriðja sæti, með rúm 17, þrátt fyrir að hafa ekki blandað sér í slaginn. Hann hefur enn ekki tekið af skarið og hvorki lýst yfir framboði né útilokað það. gudsteinn@frettabladid.is

> **Ég held að bandaríska þjóðin sé búin að fá miklu meira en nóg af því að heyra um fjárans tölvupóstana þína.**
>
> Bernie Sanders, öldungadeildarþingmaður frá Vermont og sækist eftir að verða forsetaefni Demókrataflokksins

# Gagnrýna málaþurrð ríkisstjórnarinnar

**ALÞINGI** Fá stór mál ríkisstjórnarinnar eru komin fram á þingi og hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt þunna dagskrá þingfunda það sem af er vetri. Aðeins 23 almennum þingfundardögum er ólokið á þessu ári samkvæmt starfsáætlun þingsins. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, vill skerpa á vinnubrögðum þingsins.

Aðeins eitt mál var til umræðu á þingi í gær frá ráðherra og tvö frumvörp frá heilbrigðisráðherra eru á dagskrá þingsins í dag. Ragnheiður telur ákveðna lensku að þingmál komi seint fram og vill sjá frumvörp sem sannarlega eru tilbúin koma til þings. „Það sem vekur furðu mína er að mál sem unnin voru á síðasta vori skuli ekki vera komin inn aftur. Ég er sammála því að það þarf aðeins að skerpa á þessu. Það er sérstakt að mál sem hlutu ekki náð fyrir þinginu í vor skuli ekki vera komin inn aftur og því þarf að leita skýringa á því,“ segir Ragnheiður.

Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir þessi vinnubrögð ósið. „Á meðan við bíðum eftir stóru málunum frá ríkisstjórnarflokkunum, húsnæðisfrumvörpum velferðarráðherra sem dæmi, þá eru í þinginu um það bil hálftíma þingfundir ef frá eru taldir hefðbundnir upphafsliðir þingstarfa,“ segir Katrín. „Ég er hrædd um að hér verði kraðak þegar líða tekur á þingstörfin og að ráðherrar komi með hrúgu af málum á stuttum tíma. Það kemur bara niður á gæðum og umfjöllun þingmála. Á meðan svona rólegt er hjá ríkisstjórninni ættum við að nota tímann vel og dæla inn þingmannamálum og afgreiða þau þar sem mörg góð mál bíða frá þingmönnum allra flokka.“

Ragnheiður segir þessi vinnubrögð ekki ný af nálinni og slæmt að ekki skuli takast betur til í að breyta vinnubrögðunum. „Það er svo sem hefðbundin venja hér að mál detta inn í bunkum áður en síðasti dagur rennur út. Það gefur hins vegar augaleið að þau mál afgreiðast ekki fyrir jól nema þau sem eru beintengd fjárlagafrumvarpinu. Hin málin færast fram í janúar.“ - sa

> **Það sem vekur furðu mína er að mál sem unnin voru á síðasta vori skuli ekki vera komin inn aftur.**
>
> Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingismaður



> **Ég er hrædd um að hér verði kraðak þegar líða tekur á þingstörfin.**
>
> Katrín Júlíusdóttir alþingismaður




GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 90% FJÁRMÖGNUN




LAND ROVER DISCOVERY 4SE
Nýskr. 05.12, ekinn 98 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 131786.
Glæsilegur bíll
9.690 þús.



HYUNDAI ix35
Nýskr. 03.12, ekinn 57 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.590 þús.
Rnr. 120781.



KIA SPORTAGE III
Nýskr. 05.14, ekinn 41 þús km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr. 282830.



TOYOTA COROLLA SOL
Nýskr. 06.14, ekinn 34 þús km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.490 þús.
Rnr. 283058.



SUBARU FORESTER PREMIUM
Nýskr. 06.14, ekinn 36 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.450 þús.
Rnr. 143051.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 02.14, ekinn 41 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.650 þús.
Rnr. 340084.



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 05.14, ekinn 35 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.590 þús.
Rnr. 283055.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

# DEBENHAMS

# BLÁA

# BOMBAN

**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT MÁNUDAG

**OPIÐ TIL KL. 21:00 Í KVÖLD**

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Vegagerðin eitrar áfram með Roundup

Ef Vegagerðin á að hætta að nota eiturefnið Roundup til gróðureyðingar þurfa að koma til auknar fjárveitingar frá ríkisvaldinu til viðhalds og tækjakaupa. Hinn kosturinn er að setja umferðaröryggi í annað sætið, segir stofnunin.

**UMHVERFISMÁL** Vegagerð ríkisins hefur ekki tekið ákvörðun um að banna notkun á eiturefninu Roundup sem er nýtt til að eyða gróðri í vegköntum. Það hefur þó staðið til um nokkurn tíma. Ástæðan er að stofnunin telur sig tæplega geta hætt notkun efnisins alfarið nema fjárveitingar til viðhalds og tækjakaupa hækki, að öðrum kosti verði öryggi vegfarenda sett í annað sætið.

Þetta kemur fram í svari Vegagerðarinnar við skriflegri fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar er notkun efnisins einnig skýrð með því að gróðureyðing með vistvænni aðferðum er mun kostnaðarsamari en eitrun, og því hafi yfirstjórn Vegagerðarinnar ekki ákveðið að banna notkun efnisins.

Vegagerðin lýsti því yfir árið 2013 að hún ætlaði að draga úr notkun gróðureyðis og að hún stefndi að því að hætta henni alfarið. Gæðadeild Vegagerðarinnar hefur þá beint þeim tilmælum til yfirmanna þjónustustöðva að nota efnið mjög sparlega og helst ekki neitt.

Tvær aðskildar ástæður eru fyrir notkun efnisins eins og kemur fram í svari til Fréttablaðsins. Gróðureyðing í vegköntum er mikilvæg til að viðhalda umferðaröryggi. Hins vegar hefur stýrihópur umhverfisráðherra óskað eftir samvinnu Vegagerðarinnar við að eyða ágengum tegundum, m.a. með Roundup sem inniheldur efnið glýfosat sem nú er talið mögulegt að valdi krabbameini í mönnum.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar frá Umhverfisstofnun, um innflutning gróðureyðandi efna til landsins, er hlutfallsleg notkun Vegagerðarinnar á notkun efnisins á landsvísu innan við 10% flest undanfarin ár.

Í svarinu segir jafnframt að Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkti á þessu ári verkefnið Umhverfisvæn eyðing gróðurs í vegköntum. Verkefnið er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar en verkfræðistofan VSÓ sér um verkefnisstjórn. Árangur verkefnisins, ef vel tekst til, er gróðureyðing við vegi og götur án hættulegra efna. Það er í samræmi við stefnumörkun ríkisins um sjálfbæra þróun, þar sem eitt af markmiðunum er að losun efna sem eru hættuleg heilbrigði og umhverfi verði takmörkuð eins og mögulegt er og verði hætt fyrir árið 2027. Fyrstu niðurstöður verða kynntar á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar 30. október. **svavar@frettabladid.is**

### Ástæður þess að Vegagerðin notar gróðureyði

- Gróðureyðing í vegköntum er mikilvæg til að viðhalda umferðaröryggi. Eitrinu er sprautað á lúpínu, skógarkerfil og hátt gras sem skyggir á vegstikur eða safnar snjó.
- Stýrihópur umhverfisráðherra, sem hefur það hlutverk að finna leiðir til að draga úr neikvæðum áhrifum alaskalúpínu og skógarkerfils, hefur óskað eftir samvinnu Vegagerðarinnar við að eyða ágengum tegundum, m.a. með Roundup.

*Skriflegt svar Vegagerðarinnar til Fréttablaðsins*



**Þessi mynd frá Mýrdalssandi í fyrrasumar sýnir hvernig gróðri hefur verið eytt við vegkanta. Vegagerðin heldur á lofti umferðaröryggi en gagnrýnendur því að efnið sé krabbameinsvaldandi eitur.** MYND/ÁGÚST H. BJARNASON

**Tvær aðskildar ástæður eru fyrir notkun efnisins. Gróðureyðing í vegköntum er mikilvæg fyrir umferðaröryggi. Hins vegar til þess að eyða ágengum tegundum.**






## Slær „eiturefnahernað“ af borðinu í Dalvíkurbyggð

**UMHVERFISMÁL** „Það verður ekki farið í neinn eiturefnahernað hér í Dalvíkurbyggð,“ segir Bjarni Theódór Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar, vegna frétta af eyðingu illgresis í sveitarfélaginu.

Fréttablaðið sagði frá því á þriðjudag að Valur Þór Hilmarsson, umhverfisstjóri Dalvíkurbyggðar, hefði gert áætlun til fimm ára um að hefta útbreiðslu lúpínu, kerfils og njóla. Byggðaráð fól Vali að gera þessa áætlun í mars í fyrra. Í frétt Fréttablaðsins sagði ranglega að aðgerðaráætlun umhverfisstjórans hefði verið samþykkt í byggðaráði. Hið rétta er að hún var lögð fram til kynningar.

„Gerðar hafa verið tilraunir með að slá og/eða eitrun með gjöreyðingarlyfinu Roundup/Clinic. Reynt hefur verið að slá lúpínu og kerfil til að halda útbreiðslunni í skefjum, sláttur kemur ekki í veg fyrir að plönturnar lifi af en hann takmarkar útbreiðslu þeirra. Að fenginni reynslu verður eitrað fyrir lúpínu, eins verður gert við kerfil og njóla. Á lúpínu og kerfil verður notað Roundup en á njóla verður notað Herbamix eða Harmoni,“ var vitnað til áætlunar umhverfisstjórans í Fréttablaðinu á þriðjudag.

„Byggðaráð var bara að kalla eftir því hver hugsanlegur kostnaður við eyðingu á lúpínu væri. Það var enginn að ímynda sér að það gætu verið einhver eiturefni í spilinu. Og málið er ekki einu sinni komið í faglega umræðu í umhverfisráði þar sem situr gagnrýnið fólk sem myndi vilja að umhverfisstjórinn leitaði sér ráða hjá opinberum stofnunum og öðrum,“ segir Bjarni.

Í fyrrnefndri frétt Fréttablaðsins kom fram hjá umhverfisstjóranum að eitur yrði ekki notað þar sem hætta var á að það mengaði grunnvatn og einnig yrði notast við slátt og sauðfjárbeit til að halda lúpínu í skefjum.

Umhverfisstofnun segir illgresiseyðinn Roundup nú til skoðunar innan Evrópusambandsins vegna vísbendinga um að hann kunni að innihalda krabbameinsvaldandi efni.

„Það hafa komið vísbendingar um að þetta geti verið skaðlegt lífríkinu og krabbameinsvaldandi og auðvitað ætlum við ekki taka á ábyrgð á því heldur látum lífríkið njóta vafans í öllu sem við gerum. Að minnsta kosti mun ég ekki standa fyrir því að séu notuð slík efni,“ segir bæjarstjórinn og minnir á að um sé að ræða landbúnaðarhérað og Dalvíkingar hafi byggt upp ímynd í kring um Fiskidaga. „Og fyrir utan að ef þetta er skaðlegt, þá viljum við einfaldlega ekki sjá það.“ **gar@frettabladid.is**



**Lúpínan er umdeild og aðferðir til að hefta útbreiðslu hennar líka.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Það hafa komið vísbendingar um að þetta geti verið skaðlegt lífríkinu og krabbameinsvaldandi og auðvitað ætlum við ekki taka á ábyrgð á því.**



Bjarni Theódór Bjarnason, bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar

Made in Iceland
BIOEFFECT

# BIOEFFECT

KYNNINGARVIKA
í verslunum Hagkaups




## 20% AFSLÁTTUR
## AF BIOEFFECT EGF SERUM



Kaupauki fylgir ef keyptar eru BIOEFFECT húðvörur fyrir 7.900 kr eða meira. *

*Meðan birgðir endast

www.bioeffect.is

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

## NATURE'S COMFORT
heilsurúm m/classic botni

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 100x200 cm.

**Fullt verð: 72.900 kr.**

**25% AFSLÁTTUR**
af 100 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Aðeins **54.675 kr.**



Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

## NATURE'S COMFORT
heilsurúm m/classic botni

Nature's Comfort heilsudýna með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.

**Fullt verð: 164.900 kr.**

**25% AFSLÁTTUR**

Aðeins **123.675 kr.**



## Jackpot
tungusófi

Slitsterkt áklæði, grátt eða antrasite. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 119.900**




Aðeins **89.900 kr.**



**ÁTTU VON Á gestum?**

## Ruben
svefnsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Rúmfatageymsla í tungu.
Stærð: 240/160 x 90 cm H: 85 cm. Svefnsvæði: 140x195 cm.

**Fullt verð: 139.900 kr.**

Aðeins **99.900 kr.**



**Afmælis-stóllinn**

## POLO
hægindastóll

Svart og brúnt leður á slitflötum.
80x90 H:105 cm.

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **19.950 kr.**

## YANKEE CANDLE
ilmvörur

Aldrei meira úrval.

Ilmur októbermánaðar „Honey Glow" fæst í nokkrum stærðum og útfærslum.

**Verðdæmi: Millistórt kerti í glerkrukku**
**Fullt verð: 4.490 kr.**




**Ilmur mánaðarins 25% AFSLÁTTUR**

Aðeins **3.367 kr.**

**Holtagörðum** 512 6800 | **Dalsbraut 1, Akureyri** 558 1100 | **Skeiði 1, Ísafirði** 456 4566

**Afgreiðslutími**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10–18 og Laugardaga frá kl. 11–16

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Við eigum afmæli og nú er veisla



## TVENNUTILBOÐ
dúnsæng + koddi

QUILTS OF DENMARK®

**O&D dúnsæng – Stóri björn**
· 50% dúnn og 50% smáfiður
**Fullt verð: 19.900 kr.**

**+ Dúnkoddi – Stóri björn**
**Fullt verð: 5.900 kr.**

**Fullt verð samtals:**
**25.800 kr.**



AFMÆLIS-
**TILBOÐ**

Aðeins **19.900 kr.**

## STILLANLEGT HEILSURÚM
með Shape heilsudýnu

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



Charlotte & Julien
Dream your world™

| Stærð cm. | Shape og C&J silver |
|---|---|
| 2x80x200 | 349.900 |
| 2x90x200 | 369.900 |
| 2x90x210 | 389.900 |
| 2x100x200 | 389.900 |
| 120x200 | 199.900 |
| 140x200 | 224.900 |

**C&J stillanleg rúm:**
- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- Hljóðlátur mótor

DORMA **VERÐ**

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Verð gildir til 7. nóvember 2015 eða á meðan birgðir endast.*

**www.dorma.is**



**Samninganefnd ríkisins með formanninn, Gunnar Björnsson, í fararbroddi mætir til fundar við samninganefnd SFR, LL og SLFÍ hjá ríkissáttasemjara í gærmorgun.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Legið er yfir hugmynd ríkisins að lausn

**Þrátt fyrir nýtt tilboð af hálfu ríkisins tókst ekki að ná fram kjarasamningi við SFR, sjúkraliða og lögreglumenn á daglöngum samningafundi hjá ríkissáttasemjara í gær. Félögin liggja yfir hugmynd ríkisins að lausn. Verkföllin hafa víðtæk áhrif í samfélaginu.**

Óli Kr. Ármannsson
olikr@frettabladid.is

**KJARAMÁL** Nýtt tilboð af hálfu samninganefndar ríkisins er í skoðun hjá baklandi viðræðunefndar SFR – stéttarfélags í almannaþágu, Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Landssambands lögreglumanna (LL) í gær. Þar sem ekki náðist að ljúka samningum í gær er verkfall því hafið hjá á sjötta þúsund ríkisstarfsmönnum, með umtalsverðri röskun á starfsemi Landspítalans, sýslumannsembætta, Tollsins og Háskóla Íslands, auk fleiri staða.

Þegar fundur félaganna með samninganefnd ríkisins hófst klukkan tíu í gærmorgun höfðu ekki átt sér stað viðræður í rúma viku.

„Samninganefnd ríkisins kom með ákveðna hugmynd, sem við erum að ræða við okkar samninganefnd," sagði Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, laust fyrir hádegi í gær, en þá hafði frekari viðræðum verið frestað fram eftir degi á meðan félögin ræddu hvert fyrir sig hvort hugmynd ríkisins væri raunhæf.

Ekki hefur verið frá því greint í hverju hugmynd ríkisins felst, en síðdegis sagði Árni Stefán hana þó þess eðlis að samninganefndirnar hefðu ákveðið að leggja hana fyrir bakland sitt til umræðu. Áfram yrði unnið að málinu. „Við erum að velta málum upp og við ætlum að það taki töluverðan tíma að fara yfir þessa hugmynd." Verkfallinu yrði ekki frestað.

Hjá SFR er um að ræða blöndu ótímabundinnar vinnustöðvunar hjá völdum stofnunum (Landspítala, Ríkisskattstjóra, sýslumannsembættum og Tollinum) og tímabundinna skæra hjá öðrum, í tveggja sólarhringa lotum fram í miðjan næsta mánuð. 16. nóvember hefst svo ótímabundin vinnustöðvun hjá öllum.

Sjúkraliðar sem starfa hjá ríkinu leggja líka allir niður störf frá miðjum nóvember, en fram að þeim tíma standa skærur á sömu dögum og SFR hefur boðað, auk sértækra vinnustöðvana ákveðna daga hjá Landspítalanum, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

## Starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur munu ekki starfa eðlilega



„Þetta mun koma til með að hafa mikil áhrif á framhaldsskólana," segir **Ólafur Hjörtur Sigurjónsson**, formaður Félags stjórnenda í framhaldsskólum.

Hann segir að margir stuðningsfulltrúar í skólum fari í verkföll sem þýði að takmarka þurfi starfsemi starfsbrauta eða loka þeim tímabundið. „Þetta truflar starfsemi þeirra brauta verulega."

Margir húsverðir munu fara í verkfall. „Ef það er ekki rafræn opnun geta hús verið lokuð. Skólameistari má reyndar opna en þeir eru ekki mikið að hlaupa á milli húsa."

> Ef það er ekki rafræn opnun geta hús verið lokuð.

## Engin símsvörun hjá sýslumönnum og afgreiðslur verða lokaðar



Starfsemi Sýslumannsembættisins mun nær alveg liggja niðri að sögn **Þuríðar Árnadóttur**, staðgengils sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

„Það verður engin símsvörun og afgreiðslur á öllum starfsstöðvum embættisins verða að mestu lokaðar," segir hún en þó munu þeir sem eiga þegar pantaða tíma eða hafa verið boðaðir til lögfræðinga á fullnustu- og fjölskyldusviði geta sótt þá fundi.

„En engum almennum fyrirspurnum verður svarað og erindum sem send eru rafrænt verður ekki sinnt og ekki verður tekið við neinum greiðslum."

Þá verður ekki sinnt neinum þinglýsingum, engin vegabréf gefin út og hvorki leyfi fyrir skilnuðum né hjónavígslu.

## Flugi gæti seinkað



„Það verður flogið samkvæmt áætlun, öll okkar flug. Það er óljóst hvort komi til seinkana og hversu miklar þær verða. Við munum reyna að upplýsa og aðstoða farþega eins vel og við getum ef til seinkana kemur," segir **Guðjón Arngrímsson**, upplýsingafulltrúi Icelandair. Ljóst er því að ekki á að aflýsa neinu flugi í dag.

## Stúdentar þreyttir



„Við skiljum afstöðu rektors en erum kannski ekki með bros á vör," sagði **Aron Ólafsson**, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, í samtali við Vísi í vikunni.

Í viðtalinu sagði Aron stúdenta orðna þreytta á verkföllum og segir að þau bitni óhjákvæmilega á námi þeirra. Aron hvatti þá kennara til að taka fyrirlestra upp og setja á netið.

## Annríki í Vínbúðunum



„Það er ekki margt sem bendir til þess að fólk sé að hamstra áfengi enn sem komið er. Á tölum frá því í gær má sjá að það var talsvert meira að gera en á hefðbundnum þriðjudegi og við áætlum að dagurinn í dag [í gær] verði ívið stærri en hefðbundinn föstudagur væri," segir **Sigrún Ósk Sigurðardóttir**, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

## Engin kennsla mun fara fram við Háskóla Íslands í dag



„Það liggur alveg fyrir að allar kennslustofur hér verða lokaðar nema í Háskólabíói á morgun," segir **Jón Atli Benediktsson** sem ætlar ekki að opna skólastofur í Háskóla Íslands í dag. „Mér finnst þetta bara hrein prinsippafstaða," bætir hann við.

Skólastofur verða lokaðar vegna verkfallsins í dag svo engin kennsla mun fara fram. Aðspurður um hvort hann hyggist opna kennslustofur ef til ótímabundins verkfalls kemur segist Jón Atli ætla að halda sinni afstöðu en vonar að til þess þurfi ekki að koma.

> Það liggur alveg fyrir að allar kennslustofur hér verða lokaðar nema í Háskólabíói á morgun.

## Öryrkjar geta ekki leitað til félagsráðgjafa en geta farið til ÖBÍ



„Við höfum ekki miklar áhyggjur af þessu," segir **Ellen Calmon**, formaður Öryrkjabandalagsins, um verkföll SFR.

Þjónustumiðstöð Tryggingamiðstöðvarinnar verður lokuð meðan á verkfalli stendur en símsvörun verður enn til staðar. Búist er við miklu álagi á stofnunina á sama tíma.

Ellen reiknar ekki með að verkfallið bitni á bótagreiðslum en lokun þjónustumiðstöðvarinnar þýðir að fólk getur ekki leitað til félagsráðgjafa og mun því ef til vill leita frekar til Öryrkjabandalagsins. „Þannig að þetta gæti orðið nokkuð álag á okkur."

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# FJÖLDI UMBOÐSSÖLUBÍLA Á GÓÐUM KJÖRUM Í KAUPTÚNI

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

UB



Toyota Land Cruiser 200
4500 Dísel sjálfsk.
Á götuna 02.15 Ekinn 13.000 km.
Verð: 18.500.000,- Raðnr. 360585

UB



Toyota Yaris Live
1000 Bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna 06.15 Ekinn 6.000 km.
Verð: 2.390.000,- Raðnr. 360619

UB



Toyota Auris TS W/G Active
1400 Dísel 6 gíra beinsk.
Á götuna 02.14 Ekinn 50.000 km.
Verð: 3.590.000,- Raðnr. 310111

UB



Toyota Auris H/B Live
1330 Bensín 6 gíar beinsk.
Á götuna 06.15 Ekinn 7.000 km.
Verð: 3.150.000,- Raðnr. 360617

UB



Toyota Rav4 GX Plus
2000 Bensín Sjálfsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 36.000 km.
Verð: 5.590.000,- Raðnr. 380206

UB



Toyota Corolla S/D Active
1600 Bensín 6 gíra beinsk.
Á götuna 06.15 Ekinn 21.000 km.
Verð: 3.790.000,- Raðnr. 310148

UB



Toyota Land Cruiser 150 VX
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna 04.14 Ekinn 53.000 km.
Verð: 10.990.000,- Raðnr. 360558

UB



Toyota Yaris Active
1330 Bensín 6 gíra beinsk.
Á götuna 06.15 Ekinn 5.000 km.
Verð: 2.590.000,- Raðnr. 360604

UB



Toyota Avensis W/G Live
1800 Bensín Sjálfsk.
Á götuna 05.14 Ekinn 46.000 km.
Verð: 3.990.000,- Raðnr. 310114

UB



Toyota Rav4 GX Plus
2000 Dísel 6 gíra beinsk.
Á götuna 06.14 Ekinn 37.000 km.
Verð: 4.590.000,- Raðnr. 360618

UB



Toyota Land Cruiser 150 GX
3000 Dísel 6 sjálfsk.
Á götuna 01.15 Ekinn 35.000 km.
Verð: 9.490.000,- Raðnr. 360640

UB



Toyota Aygo X-Play
1000 Bensín 5 gíra beinsk.
Á götuna 05.15 Ekinn 25.000 km.
Verð: 1.990.000,- Raðnr. 310149

## SÖLUSKRÁIN STÆKKAR

Vorum að skrá á sölu flestar gerðir af nýlegum Toyota bílum: Land Cruiser, RAV4, Avensis, Corolla Auris, Yaris og Aygo svo dæmi séu tekin. Einnig nokkra glæsilega Lexus bíla.

Úrval notaðra Toyota og Lexus bíla á útisvæði okkar í Kauptúni hefur aldrei verið meira. Renndu við og þú gætir fundið draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB**
**Betri notaðir bílar**

**UB**
**Umboðssölu-bílar**

# Víkingatrú í Venesúela


1


2


3


4

**Þann 12. október ár hvert er haldin dálítið sérstæð samkoma í hlíðum Sorte-fjallsins í Venesúela, þar sem frumbyggjar hylla guði sína og gyðjur. Meðal guðanna eru víkingahetjur á borð við Eirík rauða, sem hafa ratað inn í guðatölu heimamanna þar úr sjónvarpsþáttum um norræna víkinga, sem gerðir voru á Kúbu á áttunda áratugnum og nutu mikilla vinsælda í nágrannalöndunum.**

**1.** Þátttakandi í trúarsamkomunni „Baile de la Candela“, eða elddansinum, liggur á jörðinni umkringdur kertaljósum. Samkoman er haldin í október á hverju ári og dregur til sín fjölda ferðamanna, sem fá að fylgjast með úr fjarlægð.

**2.** Úr sjónvarpsþáttum um norræna víkinga, sem nutu mikilla vinsælda í Mið-Ameríku á áttunda áratug síðustu aldar.

**3.** Partur af athöfninni er að baða sig í ánni.

**4.** Áður en haldið er upp í hlíðar Sorte-fjallsins í Yaracuy-héraði tekur fólk sér pásu til að reykja.

**5.** Dansað á eldi á trúarsamkomu í Yaracuy í Venesúela. Þar hafa trúarbrögð kennd við gyðjuna Mariu Lionca náð fótfestu, en þau eru afbrigði af santería-trúnni sem upprunnin er í Karíbahafinu og blönduð áhrifum úr bæði kaþólskum og afrískum hefðum.

**6.** Einn þátttakenda trúarsamkomunnar í Yaracuy, þar sem guðirnir eru komnir úr ýmsum áttum. Þar á meðal eru frægir indíánahöfðingjar, kaþólskir dýrlingar, víkingahetjur á borð við Eirík rauða og suðuramerískir stjórnmálamenn á borð við Simon Bolivar.
NORDICPHOTOS/AFP


5


6


Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill
5.990 kr.
6.990 kr. (fös.-lau.)
FORRÉTTUR
Hariyali lax
Maríneraður lax í úrvals kryddblöndu og grillaður í tandoori-ofni
AÐALRÉTTIR
Gosht Raulkilla
Safaríkt lambakjöt, marínerað í kewra-vatni, tómatmauki, chillíi og garam masala og grillað í tandoori-ofni
og
Peshwari Murgh
Kjúklingur eldaður í ríkulegri rjóma-lagaðri sósu með kasjúhnetum, kóríander, kúmmin, engiferi, hvítlauk og chillíi
og
Aloo Tilwalle
Rautt kartöflusmælki hægeldað í ljúfri kryddblöndu og sesam fræjum
MEÐLÆTI
Raitha
Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu
Basmati-hrísgrjón
Naan-hvítlauksbrauð
EFTIRRÉTTUR
Kulfi
Indverskur ís með pistasíum og saffran
DIWALI – HÁTÍÐ LJÓSSINS
Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu. Við hjá Austur-Indíafjelaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil frá og með 15. október til 15. nóvember á afar góðu verði: 5.990 kr. virka daga og 6.990 kr. á föstudögum og laugardögum.
Borðapantanir í síma 552 1630.
Chandrika Gunnarsson hjá Austur-Indíafelaginu býður gesti velkomna á Diwali, hátíð ljóssins.
AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is
Hverfisgata 56 Sími: 552-1630 austurindia@austurindia.is Opið: Sun. - fim. frá 17:30 - 22:00, fös. og lau. frá 17:30 - 23:00

# FJÖLSKYLDAN



**Fuglalíf við Tjörnina.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fuglavika í Reykjavík

Reykjavíkurborg og Fuglavernd standa fyrir fuglaviku í Reykjavík dagana 17.-23. október þar sem boðið verður upp á margs konar fræðsluviðburði. Markmiðið er að vekja athygli á því fjölskrúðuga fuglalífi sem gleður borgina árið um kring, gildi þess fyrir borgarbúa og mikilvægi Reykjavíkur og nágrennis fyrir viðkomu og velferð íslenskra fugla.

Boðið verður upp á fjölmargar fuglaskoðanir í Fuglaviku, þ.á m. fuglaskoðun ætlaða börnum og fuglaskoðun á ensku. Þessar fuglaskoðanir verða víða í borginni á þekktum fuglastöðum.

Dagskrá Fuglaviku er aðgengileg á vef Fuglaverndar, fuglavernd.is, og á vef borgarinnar, reykjavik.is. Einnig má finna síður fyrir einstaka viðburði á Facebook.

Í tilefni Fuglaviku kemur út nýr fræðslubæklingur, Fuglaskoðun í Reykjavík, sem verður aðgengilegur á netinu frá og með 17. október.



**Elísabet Jónsdóttir, kennari á unglingastiginu í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ, væntir þess að geta breytt viðhorfi nemenda til námsins með kennslu í markmiðasetningu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Finnst þeir læra fyrir kennara og foreldra

**Kenna á markmiðasetningu á unglingastiginu í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ. Vonast er til að nemendur uppgötvi að ábyrgðin á náminu er þeirra.**

„Það er oft eins og nemendum finnist þeir vera að læra fyrir kennarann eða mömmu og pabba. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að þeir eru að þessu fyrir sig. Ég hef oft hugsað um hvernig hægt sé að breyta þessu viðhorfi þeirra.“ Þetta segir Elísabet Jónsdóttir, sem kennir íslensku og lífsleikni á unglingastiginu í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.

Þegar Elísabet fór á námskeið í markþjálfun kviknaði hjá henni hugmynd um að kenna markmiðasetningu á unglingastiginu. Hún sótti um styrk hjá Sprotasjóði til að búa til nýja valgrein og hefst kennslan eftir áramót. Nú þegar hafa tæplega 40 nemendur í 9. og 10. bekk skráð sig í námið.

„Ég er búin að vera kennari í mörg ár og einnig deildarstjóri. Mér finnst nemendur ekki taka nægilega ábyrgð. Ég vænti þess að eftir nám í markmiðasetningu uppgötvi þeir að þeirra er ábyrgðin á náminu og að þeirra er valið út frá eigin styrkleika og áhugasviði. Áherslan verður á að kenna nemendum að setja sér markmið,“ segir Elísabet.

Hún sér fyrir sér að markmiðasetning verði ekki bara valgrein í framtíðinni heldur sjálfstætt fag. Í Lágafellsskóla er lífsleikni sjálfstæð námsgrein en ekki hluti af samfélagsfræði, sem hún er samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Í lífsleikni kynnast nemendur alls kyns málefnum sem lúta að daglegu lífi, að því er Elísabet greinir frá. „Þeir fá fræðslu um mannréttindi, það er unnið með sjálfsöryggi og námstækni. Kynfræðsla, fjármálalæsi, forvarnir, jafnrétti, hugleiðsla og jóga er meðal þess sem þeir fræðast um auk þess sem við förum og heimsækjum framhaldsskóla og kynnum okkur nám í þeim.“

> **Það er oft eins og nemendum finnist þeir vera að læra fyrir kennarann eða mömmu og pabba. Þeir gera sér ekki grein fyrir því að þeir eru að þessu fyrir sig.**

Elísabet er viss um að auk lífsleikni muni kennslan í markmiðasetningu búa nemendur vel undir lífið. **ibs@frettabladid.is**

## Eitur í þvagi frá myglusveppi í kornafurðum

Af 250 Norðmönnum sem þátt tóku í rannsókn norskra, breskra og ítalskra vísindamanna reyndust 247 vera með eitur frá myglusveppi í kornafurðum í þvagi. Aðeins þrír voru ekki með eitrið deoksynivalenol, DON, í þvaginu. Mesta magnið reyndist vera í þvagi barna en þau borða hlutfallslega meira af mat en fullorðnir miðað við líkamsþyngd.

Í frétt á vef norska ríkisútvarpsins er vitnað í nefnd sérfræðinga um matvælaöryggi sem fyrir tveimur árum hafði áhyggjur vegna barna sem borða graut og brauð í miklu magni. Ekki er útilokað að langvarandi neysla eitursins geti verið skaðleg heilsunni.

Matvælaöryggisstofnun Evrópusambandsins hyggst nú nota niðurstöður norsku rannsóknarinnar til að reyna að reikna út hversu mikið af fyrrgreindu eitri var í matnum sem þátttakendur í rannsókninni neyttu. Mögulega verður hægt að ráðleggja hversu mikils af eitrinu verður hægt að neyta án þess að það valdi skaða.

Í frétt norska ríkisútvarpsins segir að niðurstöður franskrar rannsóknar hafi sýnt bólguviðbrögð í heila og öðrum líffærum músa sem gefið var á hverjum degi í einn mánuð jafn mikið af eitrinu DON og norskir táningar fá í sig. Enn sé aðeins um vísbendingar að ræða sem rannsaka þurfi nánar áður en hægt verður að segja til um áhrifin á heilsu manna. **– ibs**



**Eitur í þvagi Norðmanna frá myglusveppi í kornafurðum er talið stafa af neyslu morgunkorns og brauðs. Á Ítalíu er samhengi milli neyslu pasta og eitursins í þvagi en í Bretlandi er eitrið í þvaginu rakið til kexáts.** FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



# SAMSUNG

# Gerið gæðakaup

SAMSUNG TILBOÐ




***JU6415: 4K • UHD • SMART • 1000 PQI***

*UE**40"**JU6415 **kr.159.900.-***
*UE**48"**JU6415 **kr.189.900.-***
*UE**55"**JU6415 **kr. 239.900.-***

SAMSUNG TILBOÐ

## Eco Bubble

***8 kg. 1400 sn.***

***WW80H7400EW***

Gerð: Eco Bubble (sparkerfi sem þvær betur)
Taumagn: Tekur 8 kg
Vindingarhraði: 1400 sn/mín, afgangsraki 45%
Kollaus mótor: 10 ára ábyrgð á mótor
Fuzzy-logig magnskynjunarkerfi
Hraðkerfi: 15 mín. / Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: A / Orkuflokkur: A+++
Tromlutegund: "Swirl Drum" dregur úr sliti á taui og eykur þeytivinduafköst
Keramik element hitar betur og safnar ekki húð
Hurðarlöm og krókur úr málmi
Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott
Ullarkerfi: ullarvagga
Stilling allt að 19 klst. fram í tímann.
Ekki hægt að breyta stillingum á vélinni í vinnslu
Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn vatnsleka
850 x 600 x 650mm



*Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð*

*Verð kr: 119.900,-* ***Tilboðsverð kr: 99.900,-***



SAMSUNG



*RB29FSRNDWW*

***Kælir - frystir***

*178 cm skápur. 192+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða. Hvítur eða stál.*

***Kr. 109.900,-***

*RB31FERNCSS*

***Kælir - frystir***

*185 cm skápur. 208+98 ltr. Blásturskældur og þarf aldrei að afþýða.*

***Kr. 129.900,-***

SAMSUNG TILBOÐ




***JU6675:***
***• 4K • UHD • SMART • 1300 PQI***

*UE**40"**JU6675 **kr.169.900.-***
*UE**48"**JU6675 **kr. 199.900.-***
*UE**55"**JU6675 **kr. 279.900.-***

Micro Dimming Pro · Quad Core · ULTRA HD · Curved

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

# VIÐSKIPTI

## Nefndin enn ekki fengið kynningu

Ekki er búið að kynna afstöðu Seðlabanka vegna áforma slitastjórna föllnu bankanna um greiðslu stöðugleikaframlags fyrir stýrinefnd um afnám fjármagnshafta. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hefur verið staddur erlendis á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Perú og heimsfundi OECD í Mexíkó en hann kemur til landsins í dag.

Kynna átti afstöðu Seðlabankans opinberlega þriðjudaginn 6. október samhliða útgáfu ritsins Fjármálastöðugleika. Því var frestað þar sem ekki hefði tekist að kynna málið fyrir stýrinefndinni. **– sg**

## Kemur á fót námi fyrir stjórnarmenn

„Þetta verða eins konar þjálfunarbúðir fyrir stjórnarmenn og stjórnarformenn, bæði núverandi og verðandi,“ segir Eyþór Ívar Jónsson um nýtt nám sem ætlað er núverandi og verðandi stjórnarmönnum fyrirtækja. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti og Viðskiptafræðistofnun standa að náminu og hefst námið í nóvember.

Eyþór segir ekki vanþörf á að þjálfa stjórnarmenn enda sé stjórnarseta flókið starf. Stjórnarmenn hafi oft lítinn tíma til að kynna sér mál og þurfi að vera vel inni í mörgum hliðum fyrirtækjarekstursins. Námið verði byggt upp á samræðum og raundæmum sem fólk úr atvinnulífinu leggur fyrir nemendur. **– ih**

## Stjörnustríð í háloftunum




**Japanska flugfélagið All Nippon Airways hefur látið merkja Boeing 787-9 þotu flugfélagsins með tilvísunum í Stjörnustríðsmyndirnar. Flugvélin hefur verið nefnd eftir vélmenninu geðþekka R2-D2. Fyrsta flug þotunnar verður frá Tókýó á laugardaginn, ætlað aðdáendum myndarinnar sem gert verður að klæðast Stjörnustríðsbúningum í fluginu.** NORDICPHOTOS/AFP

## Millilandaflug ekki bæði í Keflavík og Hvassahrauni

„Eins og staðan er núna er ég mjög efins um að það sé raunhæfur möguleiki,“ segir Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, um áform um að byggja nýjan alþjóðaflugvöll við Hvassahraun.

Niðurstaða skýrslu Rögnunefndarinnar sem birtist í sumar var að hagkvæmast væri að byggja flugvöll fyrir innanlandsflug í Hvassahrauni af þeim kostum sem komu til skoðunar. Ein helsta forsendan fyrir því væri að flugvöllurinn gæti orðið alþjóðaflugvöllur sem myndi taka við millilandaflugi af Keflavíkurflugvelli.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, sendi innanríkisráðuneytinu bréf í sumar þar sem óskað var eftir að hefja viðræður um stofnun undirbúningsfélags um flugvöll í Hvassahrauni. Því bréfi hefur enn ekki verið svarað.

Björn telur brýnt að hefja uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli sem fyrst því hann sé nú þegar sprunginn á háannatíma. Búist er við að umferð um flugvöllinn muni nær tvöfaldast fram til ársins 2020.

> **Eins og staðan er núna er ég mjög efins um að það sé raunhæfur möguleiki.**
>
> Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia



Gert er ráð fyrir að framkvæmdir að fyrsta áfanga við stækkun flugvallarins muni hefjast árið 2017 og kosti 70 til 90 milljarða króna. Eigi að færa millilandaflug í Hvassahraun tefjist það að Ísland geti tekið á móti auknum straumi ferðamanna. **– ih**

## Nýr stjórnarformaður Twitter tíst tólf sinnum

Twitter hefur ráðið fyrrverandi forstöðumann viðskiptasviðs Google, Omid Kordestani, sem nýjan stjórnarformann fyrirtækisins. Kordestani er fyrsti stjórnarformaður Twitter sem ráðinn er utan fyrirtækisins.



**Omid Kordestani**
nýr stjórnarformaður Twitter

Vonir eru bundnar við það að hann geti veitt fyrirtækinu nýja innsýn, en það hefur átt í miklum erfiðleikum við að fjölga notendum sínum umfram 300 milljónir mánaðarlega. Twitter tilkynnti í vikunni að til stæði að fækka starfsmönnum um 336 vegna skipulagsbreytinga.

Kordestani hóf störf hjá Google árið 1999 en sagði upp störfum í ágúst. Í millitíðinni var hann ráðgjafi Google á meðan það gekkst undir breytingar og varð að Alphabet.

Kordestani hafði ekki verið mjög virkur á Twitter áður en hann var ráðinn, og hafði einungis tíst átta sinnum, hann hefur nú tíst fjórum sinnum í viðbót um nýja starfið. **– sg**

# Búast við 25 prósenta hækkun fasteignaverðs

**Íslandsbanki spáir því að húsnæðisverð hækki um fjórðung til ársloka 2017. Þá verði fasteignaverð hærra að raungildi en árið 2005. Fylgjast þurfi vel með fasteignaverði í miðbænum. Lítið hafi verið byggt miðað við verðhækkanir.**

Fasteignaverð mun hækka um 25 prósent á þessu ári og út árið 2017 gangi ný þjóðhagsspá Íslandsbanka eftir. Íbúðarverð muni því hækka um 16 prósent að raunvirði á spátímabilinu.

Þá verði raunverð íbúðarhúsnæðis orðið hærra en það var árið 2005 og því „nokkuð hátt sögulega séð“.

Aðspurður hvort hætta sé á fasteignabólu segir Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka, að hafa þurfi auga með verðþróun á ákveðnum svæðum, til að mynda í miðbæ Reykjavíkur.

„En við erum ekki að segja að hækkanirnar séu ekki studdar efnahagslegum rökum, alls ekki því að fasteignaverð hefur fylgt ágætlega vel launaþróun og kaupmáttarþróun.“ segir Ingólfur en Íslandsbanki spáir ríflega 5 prósenta vexti kaupmáttar launa bæði árin 2015 og 2016.

Þá sé ekki að sjá að hækkun íbúðaverðs sé drifin áfram af lántökum líkt og gerðist á árunum fyrir bankahrun. Skuldir almennings séu fremur að lækka. Einnig sé búið að herða á reglum um greiðslumat.

Verðhækkanir í póstnúmeri 101 skýrist að stórum hluta af vexti ferðaþjónustunnar enda hefur mikið af íbúðum þar verið leigt út til ferðamanna. Ingólfur bendir á að þau hótelherbergi sem nú séu í byggingu muni rétt ná að halda í við fjölgun ferðamanna.

Því sé ekki að vænta að nýjar hótelbyggingar nái að mæta eftirspurn eftir húsnæði í miðbæ Reykjavíkur.



**Fasteignaverð hefur hækkað einna mest í miðbæ Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Fjárfesting í íbúðarhúsnæði heldur áfram að vera tiltölulega lítil og nær ekki nema rétt upp í meðaltal síðustu áratuga sem hlutfall af landsframleiðslu undir lok spátímabilsins þrátt fyrir að menn sjái hér krana í hverju horni.**
>
> Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka



Ingólfur segir merkilega lítið hafa verið byggt af íbúðum að undanförnu miðað við hve fasteignaverð hefur hækkað hratt og mikið.

„Þar vil ég meina að hertar reglur um gæði eigna séu að halda svolítið aftur af því annars vegar og hins vegar var talsvert af ónýttum eignum á hliðarlínunni eftir hrunið sem þurfti að koma í umferð áður en menn fóru að byggja nýtt,“ segir hann og bætir við: „Fjárfesting í íbúðarhúsnæði heldur áfram að vera tiltölulega lítil og nær ekki nema rétt upp í meðaltal síðustu áratuga sem hlutfall af landsframleiðslu undir lok spátímabilsins þrátt fyrir að menn sjái hér krana í hverju horni.“

Helst verði það áform stjórnvalda um að byggja 2.300 nýjar félagslegar leiguíbúðir á næstu fjórum árum sem muni drífa áfram fjárfestingar í íbúðarhúsnæði. **ingvar@frettabladid.is**

www.plusferdir.is

Takmarkað magn!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLARHRINGS sprettur Plúsferða

Sólarhringstilboð hefst í dag
fimmtudaginn 15. okt. kl. 12:00!
Skoðaðu öll verðdæmin á Plusferdir.is – núna!
Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur
aðeins **24 klst.** til að bóka fríið á frábæru verði!

## Dublin

**Borgarpakki**
26.–29. nóvember

Taskan fer frítt með (að sjálfsögðu)

FRÁ **59.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna í tvíbýli með morgunverði.

Flug fram og til baka
FRÁ **39.900 kr.***

## Berlin

Brottfarir á tilboði:
5., 12., og 19. nóvember

**Arcadia Hotel Berlin** ★★
5.–8. nóvember

Taskan fer frítt með (að sjálfsögðu)

FRÁ **59.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna í tvíbýli með morgunverði.

## Kanarí

Brottfarir á tilboði:
21. okt., 17. nóv. og 2. des.

**Montemar** ★★
17. nóv. – 2. des. / 16 nætur
FRÁ **92.900 kr.***
á mann m.v. fjóra fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum.

**Montemar** ★★
2.–19. des. / 17 nætur
FRÁ **89.900 kr.***
á mann m.v. fjóra fullorðna í íbúð með 2 svefnherbergjum.

## Tenerife

Brottfarir á tilboði:
21. okt., 19. nóv. og 3. des.

**Aguamar** ★★★
19. nóv. – 3. des. / 2 vikur
FRÁ **89.900 kr.***
á mann m.v. fjóra fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 123.100 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

**Hovima Jardin Caleta** ★★★
3.–22. des. / 19 nætur
FRÁ **92.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með morgunverði. Verð frá 124.700 kr. á mann m.v. tvo fullorðna með morgunverði.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Fyrstur kemur fyrstur fær!

TRAVEL AGENCY ICELANDIC TOURIST BOARD AUTHORISED

**PLÚSFERÐIR** - info@plusferdir.is
* Innifalið: Flug, skattar, gisting og fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Refsigleðin



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í síðustu viku dæmdi Héraðsdómur Reykjaness konu í ellefu ára fangelsi fyrir fíkniefnasmygl. Um er að ræða þyngsta dóm sem fallið hefur hér á landi, fari svo að Hæstiréttur staðfesti dóminn. Konan er útlensk og flutti efnin til landsins sem burðardýr. Samkvæmt framburði hennar vissi hún af tilvist hluta efnanna en ekki öðrum. Hún veitti lögreglu alla þá aðstoð sem hún gat við rannsókn málsins, meðal annars nafngreindi hún þá sem afhentu henni efnin, skipulögðu ferð hennar og aðra sem hún vissi að kæmu að málinu. Hún tók þátt í tálbeituaðgerð til að upplýsa málið frekar og ná þeim sem tækju við efnunum.

Í viðtali við Stöð 2 lýsti konan bágri stöðu sinni í undanfara brotsins; hún var í verulegum fjárhagskröggum með börn á framfæri, stundaði vændi og var í ofbeldissambandi. Hörmulegar aðstæður sem fæstir geta tengt við en réttlæta þó aldrei innflutning á tugum kílóa af fíkniefnum. Slíkt er bannað með lögum og fyrir það ber að refsa.

Hámarksrefsing fyrir fíkniefnainnflutning er tólf ár. Þrátt fyrir að konan væri einungis burðardýr og sýndi mikinn samstarfsvilja til að upplýsa brotið þá fékk hún ellefu ára fangelsisdóm. Í viðtali við Fréttablaðið í dag segir lektor í refsirétti að í dönskum og norskum lögum sé refsiramminn ólíkur fyrir ólík fíkniefnabrot. Ramminn fyrir vörslu neysluskammta eða fyrir að vera burðardýr getur verið annar en fyrir að standa fyrir stórtækum innflutningi eða framleiðslu á miklu magni harðra fíkniefna. Í blaði gærdagsins sagði Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, að ramminn refsaði frekar fórnarlömbum fíkniefnabrota og einkenndist af dómhörku og óðagoti. Helgi telur að endurskoða þurfi refsirammann.

Athugasemd þingmannsins er ekki úr lausu lofti gripin. Dómar í fíkniefnamálum hafa þyngst upp úr öllu valdi. Enginn eða að minnsta kosti ófullnægjandi greinarmunur virðist vera gerður á skipuleggjendum eða höfuðpaurum annars vegar og fótgönguliðum hins vegar. Fíkniefnabrotum hefur fjölgað gríðarlega og nú er meðallengd fangelsisdóma þeirra sem afplána í íslenskum fangelsum um sex ár. Á sama tíma hefur brotum í flestum öðrum afbrotaflokkum fækkað.

Umrædd kona var leiksoppur í gróðaleik undirheimamanna. Manna sem eru nægilega útsmognir til að halda sér í hæfilegri fjarlægð frá brotinu sjálfu. Mannanna sem raunverulega hagnast á innflutningi og sölu fíkniefna. Manna í fínum húsum, á fínum bílum sem finna fólk eins og hana til að vinna fyrir sig skítverkin.

Eins aðkallandi og það er að hætta að refsa fólki fyrir að vinna sjálfu sér skaða með neyslu fíkniefna, þá er jafn aðkallandi að endurskoða almennt refsingar í fíkniefnamálum. Það verður aldrei hörgull á örvæntingarfullu fólki sem skipuleggjendur fíkniefnainnflutnings geta misnotað. Hver er tilgangurinn með því að kippa fólki eins og fyrrgreindri konu út úr samfélagi manna í rúman áratug? Og nú þegar burðardýr hefur nánast sprengt refsirammann; hvað á að gera ef höfuðpaurarnir nást? Varla að hækka refsirammann enn og aftur.

Staðreyndin er sú að kerfið eins og það er í dag virkar ekki. Langflestir sem verða fyrir barðinu á því eru fórnarlömb og sjúklingar sem við ættum að hjálpa í stað þess að láta þá dúsa í tukthúsinu árum saman. Það verður að vona að kjörnir fulltrúar okkar sýni skynsemi og endurskoði refsingar í fíkniefnamálum. Nýting dómstóla á refsirammanum í þessum einstaka málaflokki umfram aðra sýnir að löggjafarvaldið verður að grípa inn í.

**Það verður aldrei hörgull á örvæntingarfullu fólki sem skipuleggjendur fíkniefnainnflutnings geta misnotað.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Að taka umræðuna**

Stjórnarandstöðuþingmaður hefur beðið um það síðan í upphafi árs að ræða við forsætisráðherra um afnám verðtryggingar. Sú beiðni hefur verið ítrekuð oft. Forsætisráðherrann hefur hins vegar ekki viljað verða við þeirri beiðni og hefur hundsað að ræða málið á þinginu. Stjórnarandstaðan undrast að verkstjóri ríkisstjórnarinnar geti með þessum hætti komist undan því að ræða við þingið eitt stærsta kosningamál flokksins. Flokkssystkin forsætisráðherra sögðu í síðustu kosningum, þó um óskylt mál, að það væri hollt að taka umræðuna. Ráðherrann er þeim líkast til ósammála.

**Lítið að frétta af vígstöðvum**

Þingfundur í gær var 54 mínútur að lengd ef frá er talið upphaf þingfundar sem hófst á störfum þingsins og tveimur ræðum um fundarstjórn forseta. Daginn þar á undan stóð þinghald í um 25 mínútur ef fyrirspurnartíminn er dreginn frá. Það er því ljóst að þingstörf fara óvenju rólega af stað þetta haustið og stóru húsnæðismál velferðarráðherra bíða átekta. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, undrast að hverju mál sem sannarlega voru tilbúin til þings síðasta vor komi ekki inn í þingið fyrr. Næg eru verkin fram undan og því mikilvægt að fá góða umræðu um húsnæðismál velferðarráðherra, sem skipta miklu máli fyrir stóran hóp fólks í landinu. sveinn@frettabladid.is

# Réttlát flugfargjöld fyrir alla



Ingibjörg Þórðardóttir
varaþingmaður VG

Ísland er stórt land, strjálbýlt og víða erfitt yfirferðar. Af þeim sökum eru flugsamgöngur nauðsynlegur samgöngumáti innanlands. Þeir sem helst þurfa að reiða sig á innanlandsflug eru íbúar landsins sem búa lengst frá höfuðborginni en þurfa að sækja þangað þjónustu sem ekki er að fá annars staðar á landinu, t.d. í heilbrigðiskerfinu og stjórnsýslunni. Þjónustu sem byggð hefur verið upp fyrir skattfé allra landsmanna hvar sem þeir búa. Þessu til viðbótar þurfa íbúar landsins að ferðast landshorna á milli vegna fundahalda, námskeiða, íþróttaiðkunar og menningarstarfs, svo fátt eitt sé nefnt.

En það er ekki á allra valdi að nota innanlandsflugið til að komast á milli landshluta því fargjöldin eru svo há. Íþróttafólk reynir að ferðast á afsláttarkjörum, svokölluðu ÍSÍ fargjaldi. Aðeins er takmarkað sætaframboð af þeim fargjöldum sem þýðir að oftar en ekki geta lið í hópíþróttum ekki ferðast saman eða að greiða þarf fyrir hluta hópsins fullt fargjald. Vegna þessa er ferðakostnaður mjög íþyngjandi fyrir íþróttafélög á landsbyggðinni.

Dæmi um gríðarlegan kostnað er ef hjón með tvö börn, 12 og 15 ára, eru bókuð frá Egilsstöðum til Reykjavíkur og aftur til baka um næstu helgi. Það kostar fjölskyldu þessa 189.200 krónur. Þessi gífurlegi kostnaður hefur orðið til þess að fólk neyðist til að nota einkabílinn og eyða ómældum tíma í ferðalagið.

Við verðum að reyna að finna leið til að lækka þessi fargjöld. Ein leiðin væri að skoða vel hvort eðlilegt þyki að börn borgi fullorðinsgjald 12 ára gömul. Börn eru börn samkvæmt lögum til 18 ára aldurs og ættu því að borga barnagjald fram að þeim aldri. Einnig mætti ræða hvort eðlilegt væri að byrja á að hækka aldurinn upp í 16 ára eða jafnvel vera með ungmennagjald fyrir 13-18 ára. Þetta geta verið fyrstu skrefin til að draga úr ferðakostnaði íbúa landsbyggðarinnar. Ríkið verður síðan að stíga fleiri skref til þess að allir landsmenn hafi jöfn tækifæri til að nýta sér þjónustu fjarri heimabyggð. Við sem búum á landsbyggðinni hljótum að eiga rétt á því.

**Við verðum að reyna að finna leið til að lækka þessi fargjöld. Ein leiðin væri að skoða vel hvort eðlilegt þyki að börn borgi fullorðinsgjald 12 ára gömul.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Nóbelsverðlaun og misskipting

## Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Nóbelsverðlaun voru fyrst veitt fyrir rannsóknir í hagfræði 1969. Til verðlaunanna hafði verið stofnað árið áður til að fagna 300 ára afmæli Seðlabanka Svíþjóðar, elzta seðlabanka heims. Þá voru tiltölulega nýfallnir frá tveir risar sem hefðu trúlega hreppt eða a.m.k. verðskuldað verðlaunin hefðu þeir enn verið ofar moldu.

**Fyrsta rokkstjarnan**
Annar risinn var bandaríski hagfræðingurinn Irving Fisher (1867-1947), prófessor í hagfræði í Yale-háskóla, einn merkasti hagfræðingur allra tíma og jafnframt næstum örugglega hinn afkastamesti, þótt hann þyrfti að eyða þremur árum á berklahæli. Ritaskrá hans telur 2.425 ritverk. Fisher lét sér fátt óviðkomandi á vettvangi hagfræðinnar og var jafnframt snjall uppfinningamaður. Hann fann t.d. upp spjaldskrána, gagnlegt skrifstofutæki sem lifði fram á tölvuöld. Hann setti fyrstur manna fram vísitölur svo annað dæmi sé tekið úr hversdagslífinu. Hann fór eins og eldibrandur milli fyrirlestrasala og barðist m.a. fyrir bindindi (hann var bannmaður), grænmetisáti og hreinlæti. Fisher var fyrsta rokkstjarna hagfræðinnar.

Ein fyrirlestraferðin endaði illa. Fisher fór um öll Bandaríkin 1929 til að lýsa þeirri skoðun að verðhækkun hlutabréfa væri komin til að vera: Ekkert að óttast, sagði hann. Bréfin hrundu þá um haustið og efnahagslífið með og þá einnig orðstír Fishers. Samt skrifuðu fáir af meira viti og dýpri skilningi en hann um heimskreppuna eftir á, orsakir hennar og afleiðingar. En Fisher fékk ekki að njóta sannmælis fyrir þau skrif fyrr en menn dustuðu af þeim rykið í bankahremmingum síðustu ára.

**Bensíngjöf og bólusetningar**
Hinn risinn var Bretinn John Maynard Keynes (1883-1946), upphafsmaður þjóðhagfræði nútímans. Hann var ekki síður fjöllyndur en Fisher, ýmist háskólakennari í Cambridge eða embættismaður í London, listaverkasafnari og ballettunnandi, kvæntist rússneskri ballerínu. Hann vakti fyrst athygli með því að rísa gegn Versalasamningunum 1919 í bók þar sem hann spáði rétt fyrir um efnahagslegar afleiðingar skaðabótanna sem Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar lögðu á Þjóðverja eftir stríðið mikla sem við köllum nú fyrri heimsstyrjöldina. Frægastur varð Keynes fyrir að rísa gegn ríkjandi hagfræði sem kenndi að kreppan mikla sem hófst 1929 yrði aðeins tímabundin. Tíminn leið, en kreppunni slotaði ekki.

Keynes birti höfuðrit sitt 1936 þar sem hann lagði grunninn að nýrri þjóðhagfræði þar sem almannavaldið hefur svigrúm til að vernda efnahagslífið fyrir duttlungum einkaframtaksins með því t.d. að stíga á bensíngjöfina þegar heimilin og fyrirtækin halda að sér höndum og efnahagslífið lendir af þeim sökum í lægð. Þessu fræðilega framlagi Keynes á heimsbyggðin það að þakka að bankahremmingarnar í Bandaríkjunum 2007-2008 leiddu ekki af sér nýja heimskreppu. Þeir sem halda áfram að berjast gegn arfleifð Keynes af stjórnmálaástæðum eru næsti bær við fólkið sem berst nú gegn bólusetningu barna.

**Deilur um verðlaun**
Bókmenntaverðlaun Nóbels hafa iðulega vakið deilur, ýmist vegna margra rithöfunda sem verðlaunanefndin gekk fram hjá, t.d. Leo Tolstoy, Henrik Ibsen, Mark Twain, Anton Chekov, August Strindberg, Karen Blixen, Graham Greene og Jorge Luis Borges, eða vegna óverðugra höfunda sem sátt náðist um í nefndinni.

Hagfræðiverðlaunin hafa ekki vakið umtalsverðar deilur nema tvisvar, í fyrra skiptið þegar Milton Friedman (1912-2006), prófessor í Chicago, hlaut verðlaunin 1976 og pólitískum andstæðingum hans var ekki skemmt. Friedman var samt fyllilega verður verðlaunanna. Hitt skiptið var þegar tveir fjármálaprófessorar hlutu verðlaunin 1997 og risavaxinn vogunarsjóður sem þeir stýrðu ásamt öðrum komst í sögulegt þrot árið eftir svo að bandarískt efnahagslíf lék á reiðiskjálfi.

**Fátækt skiptir máli**
Fyrir nokkrum dögum tilkynnti Nóbelsnefndin í Stokkhólmi að hagfræðiverðlaunin í ár hljóti Angus Deaton, prófessor í Princeton-háskóla í Bandaríkjunum, fyrir tölfræðilegar rannsóknir m.a. á fátækt og ójöfnuði. Deaton er Skoti, tæplega sjötugur að aldri. Hann sezt við hljóðfærið heima hjá sér flesta daga og spilar m.a. verk Chopins og Schumanns. Hann birti dásamlega bók í hittiðfyrra þar sem hann kortleggur framför heimsins síðustu 250 ár með því að reifa hagtölur og heilbrigðistölur hlið við hlið (The Great Escape: Health, Wealth, and the Origin of Inequality, 2013). Framför heimsins lýsir sér ekki aðeins í meiri tekjum og minna erfiði, heldur einnig og ekki síður í auknu heilbrigði og langlífi.

Með þessari verðlaunaveitingu sendir Nóbelsnefndin skýr skilaboð: Fátækt skiptir máli. Það er holl brýning nú þegar heimsbyggðin á í vök að verjast fyrir árás taumlausrar græðgi á grunnstoðir samfélagsins.

Og svo er það einnig ánægjuleg upplyfting að ár eftir ár skuli berast fréttir frá Nóbelsnefndunum í Stokkhólmi af frækilegum sigrum í fræðum og vísindum ekki síður en t.d. íþróttum.

> **Með þessari verðlaunaveitingu sendir Nóbelsnefndin skýr skilaboð: Fátækt skiptir máli. Það er holl brýning nú þegar heimsbyggðin á í vök að verjast fyrir árás taumlausrar græðgi á grunnstoðir samfélagsins.**





15 OKTÓBER FIMMTUDAGUR

Kl. 17 **Setning Menningarhátíðar Seltjarnarness 2015**
Gallerí Grótta & Bókasafn Seltjarnarness

Kl. 17 **Taktur í 100 ár**
Gallerí Grótta - Sýningaropnun

Kl. 17 **Taktur í 100 ár**
Bókasafn Seltjarnarness - Sýningaropnun

Kl. 20 **Landbrot**
Sýningarsalur í Nesi - Opnunarhátíð

Kl. 20 **Undrabörn Mary Ellen Mark**
Nesstofa - Sýningaropnun

16 OKTÓBER FÖSTUDAGUR

Kl. 11 **Bach fyrir börnin**
Seltjarnarneskirkja

Kl. 15 **Hvað er að virka?**
Bókasafnið - Umræður um unglingabækur

Kl. 16 **Taktur í 100 ár**
Bókasafnið - Leiðsögn og spjall nemenda

Kl. 16.30 **Taktur í 100 ár**
Gallerí Grótta - Leiðsögn sýningarstjóra

Kl. 17 **Lúðrasveit Tónó ásamt sólistum**
Eiðistorg - Helgi Hrafn / Tribute

Kl. 18 **Pop Quiz**
Eiðistorg

17 OKTÓBER LAUGARDAGUR

Kl. 9 **Morgunhugleiðsla og orkuskot**
Systrasamlagið

Kl. 9.30 **Neshreysti**
Plan við Sundlaug

Kl. 10.30 **Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa**
Eiðistorg

Kl. 12 **Músin Marta**
Bókasafn Seltjarnarness

Kl. 13 **Lyfjafræðisafnið**
Sýning

Kl. 16 **Á Valhúsahæð - Tónlistarhátíð Nesbúa 2015**
Seltjarnarneskirkja

Kl. 21 **Tina Dickow, Helgi Hrafn Jónsson og félagar**
Félagsheimili - tónleikar UPPSELT

18 OKTÓBER SUNNUDAGUR

Kl. 10 **Seltjarnarneskirkja**
Fræðsla, guðþjónusta, sýning og markaður

Kl. 14 **Heiðursdagskrá um Jennu Jensdóttur**
Félagsheimili

Kl. 18 **Friðrik Karlsson og Nýjaland**
Seltjarnarneskirkja - Hugleiðsla

Kl. 21 **Tina Dickow, Helgi Hrafn Jónsson og félagar**
Félagsheimili - Aukatónleikar UPPSELT

HAGKAUP SJÓVÁ ÖLGERðIN

# Iðnaður lyganna



Þorbjörn Broddason
prófessor



**Kvartanir Yeminis undan vonsku vestrænna fjölmiðla eru að mínu mati vitahaldlausar og varpa engu ljósi á þá erfiðu stöðu, sem Ísraelsríki er komið í gagnvart almenningi á Vesturlöndum.**

Mánudagskvöldið 12. október hélt ísraelskur blaðamaður og rithöfundur, Ben-Dror Yemini að nafni, fyrirlestur undir ofangreindri fyrirsögn við húsfylli á Grand Hóteli. Fyrirlesturinn var þrútinn af kunnuglegum rökum málsvara Ísraelsstjórnar um vonsku palestínsku forystunnar, mildi og mannúð ísraelska hersins og hræðilegar fyrirætlanir arabaleiðtoga fyrr og síðar. Síðast en ekki síst staðhæfði hann að það nánast einhliða blóðbað, sem Ísraelsmenn hafa staðið fyrir síðustu ár, sé smámunir einir miðað við illvirki annarra stríðsherra.

Grunnmórallinn var í raun hin þekkta mantra, sem forystumönnum Ísraelsríkis er svo tamt að þylja, að ef þeir skyldu reynast vera fantar og skepnur þá séu allir hinir enn þá meiri fantar og skepnur.

Eins og við var að búast gerði ræðumaður sér mikinn mat úr hinum furðulegu sinnaskiptum höfundar Goldstone-skýrslunnar og að sjálfsögðu velti hann okkur Reykvíkingum upp úr samþykktum okkar seinheppnu borgarstjórnar. Einnig reyndist hann vel upplýstur um innanhópserjur meðal íslenskra múslíma og gerði sitt besta til að hræða fundarmenn með sinni túlkun á þeim.

## Óleikur og bjarnargreiði

Hann hélt því blákalt fram að stuðningur við baráttu Palestínuþjóðarinnar gegn ofureflinu væri hinn mesti óleikur og bjarnargreiði. Þeir sem legðu þessari baráttu lið væru að vísu ekki endilega illa innrættir heldur væru þeir nytsamir sakleysingjar. Í gegnum allan sinn langa fyrirlestur hamraði Yemini á þeirri nýstárlegu hugmynd að Ísraelsríki þurfi nú að berjast við endalausar tilraunir hinna virðulegustu fjölmiðla til að afflytja málstað þess, blekkja og jafnvel falsa fréttir. Þetta má heita að hafi verið rauður þráður í máli hans.

Kvartanir Yeminis undan vonsku vestrænna fjölmiðla eru að mínu mati vitahaldlausar og varpa engu ljósi á þá erfiðu stöðu, sem Ísraelsríki er komið í gagnvart almenningi á Vesturlöndum. Í sögulegu ljósi held ég að óhætt sé að fullyrða að almenningsálitið hafi löngum verið hliðhollt Ísraelsríki, sem fólki var gjarnt að skoða í anda frásagnar Fyrri Samúelsbókar um viðureign Davíðs og Golíats. Síðustu tíu árin eða svo hefur sá skilningur farið vaxandi að þeir Davíð og Golíat hafi skipt um hlutverk. Þessa þróun mála geta ísraelsk stjórnvöld kennt sjálfum sér um og engum öðrum.

Eftir fyrirlesturinn fékk Yemini nokkrar fyrirspurnir og þar á meðal eina um mat hans á stöðu Ísraelsríkis eftir tíu ár. Hann svaraði á þá leið að Ísraelsmönnum liði nú betur en oft áður og mundi líða enn betur eftir tíu ár. Hins vegar kviði hann framtíðinni frekar fyrir hönd Palestínumanna. Þetta var hraustlega mælt í ljósi þess að allur fyrirlesturinn var ein samfelld kvörtun undan versnandi viðmóti umheimsins gagnvart þjóð hans og forystumönnum hennar.

# Stöndum vörð um söngnám



Hanna Dóra Sturludóttir
óperusöngkona og söngkennari

**Vandi skólans og annarra tónlistarskóla í Reykjavík á rætur sínar að rekja til deilna ríkisins og Reykjavíkurborgar um hver eigi að borga nám á mið- og framhaldsstigi í söng.**

Áhugi ungs fólks á klassískri söngmenntun á Íslandi er mikill og er það ákaflega ánægjulegt. Íslendingar eru söngelskir og fjöldi íslenskra óperusöngvara á glæstan feril hér heima og erlendis.

Nú er staðan þannig að öllum söngkennurum við Söngskóla Sigurðar Demetz hefur verið sagt upp. Ástæðan er sú að skólinn sér ekki fram á að geta starfað áfram eftir áramót án þess að steypa sér í miklar skuldir. Vandi skólans og annarra tónlistarskóla í Reykjavík á rætur sínar að rekja til deilna ríkisins og Reykjavíkurborgar um hver eigi að borga nám á mið- og framhaldsstigi í söng.

Án þess að vita hvort fjárveiting fæst frá Reykjavíkurborg og/eða ríkinu geta skólar eins og Söngskóli Sigurðar Demetz ekki haldið starfseminni áfram.

Ég er ákaflega þakklát mínum söngkennurum í gegnum tíðina og þau hafa öll haft mikil áhrif á mig. Eftir að ég fór sjálf að kenna, hef ég notið þess að deila þekkingu minni með nemendum og sjá þau þroskast og eflast sem listamenn. Það góða starf sem fer fram í Söngskóla Sigurðar Demetz hefur skilað mörgum góðum söngvurum út í söngheiminn og ég er stolt af því að vinna með þeim listamönnum sem þar eru.

Það væri mikill skaði fyrir sönglist á Íslandi ef skólinn getur ekki haldið starfi sínu áfram.

Ég skora á þá sem með málið fara að standa vörð um söngnám hér á landi og leysa þennan vanda sem við blasir fljótt og farsællega.

# Áfangasigur eða hetjudauði

## – um valkosti í stjórnarskrármálinu í mars 2013



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar



Við hófum merkilega lýðræðistilraun með breytingaferli á stjórnarskrá með þátttöku þjóðarinnar á síðasta kjörtímabili. Þessi tilraun hefur vakið athygli um allan heim og er enn grunnur hugmynda um breytingar. Í umræðu undanfarið hefur borið á því að aðstæðum í lok síðasta kjörtímabils sé lýst þannig að þáverandi stjórnarflokkar hafi haft í hendi sinni að samþykkja fullbúna stjórnarskrá. Svo var ekki.

Ég kom að stjórnarskrármálinu sem nýr formaður Samfylkingarinnar undir lok síðasta kjörtímabils þegar nokkrar vikur voru eftir af þingi. Málið var þá ennþá í meðferð í þingnefnd en framundan var að freista þess að koma því heilu í höfn.

## Þingstuðning skorti

Strax var ljóst að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn voru ekki tilbúnir til samninga um afgreiðslu málsins í heild og höfðu til þess sterka stöðu vegna þess hversu stutt var í þinglok og kosningar. Sjálfstæðismenn voru tilbúnir til að tala málið í kaf og töldu það vænlegt til vinsælda í aðdraganda kosninga. Það flækti málið enn frekar, enda þarf ný stjórnarskrá samþykki tveggja þinga og þeir flokkar sem voru að mælast með meirihlutafylgi voru harðir á móti málinu.

Í byrjun mars 2013 var endanlega ljóst, eftir samtöl við þingmenn Samfylkingar, Vinstri grænna og fleiri, að ekki væri fær leið til afgreiðslu málsins í heild. Málið var þá fyrst að koma fullbúið frá þingnefnd til 2. umræðu og þá voru sjö þingfundadagar eftir samkvæmt starfsáætlun þingsins. Eina leiðin sem var fræðilega fær til að afgreiða málið var að beita því ákvæði þingskapa sem sviptir minnihlutann á Alþingi málfrelsi og bindur enda á umræðu. Forsenda beitingar þess er að umræða hafi dregist úr hófi, en 2. umræða um málið var sem fyrr segir rétt að hefjast. Jafnvel þótt skilyrðin hefðu verið uppfyllt, var ekki meirihluti þingmanna fyrir beitingu þessa ákvæðis til að koma stjórnarskránni í heild í gegn. Við margreyndum síðar að ná meirihluta til að koma í gegn með hörðu afmarkaðri breytingum, en það tókst ekki heldur. Það var því engin leið fær.

## Skot í fótinn?

Þegar ég tjáði mig um það að ekki ynnist tími til að ljúka málinu í heild var ég ekki að segja neinar fréttir, heldur einfaldlega að greina frá augljósri staðreynd. Var ég að skjóta mig í fótinn og gera mér samninga um framhald málsins erfiðari? Nei, því stjórnarandstaðan var fullkomlega meðvituð um það hvað tímanum leið og um þá óeiningu sem var innan stjórnarmeirihlutans um afgreiðslu málsins. Klukkan gekk á okkur, ekki þá.

**Var ég að skjóta mig í fótinn og gera mér samninga um framhald málsins erfiðari? Nei, því stjórnarandstaðan var fullkomlega meðvituð um það hvað tímanum leið og um þá óeiningu sem var innan stjórnarmeirihlutans um afgreiðslu málsins. Klukkan gekk á okkur, ekki þá.**

Eftir á að hyggja voru það mistök af mér að greina frá þessari staðreynd opinberlega að félögum mínum óviðbúnum og kalla þannig svikabrigsl yfir mig og Samfylkinguna. En miðað við stöðuna blasti ekkert annað við en að málið myndi tapast í þingsal. Það var gríðarlega mikilvægt að halda málinu á lífi og grafskrift þess mátti ekki verða málþóf á þingi, án nokkurs fyrirheits um framhald á nýju kjörtímabili. Hvernig svo sem þessi staða varð til leit ég svo á að formaður Samfylkingarinnar bæri ábyrgð á að koma málinu í farveg. Ég tók alvarlega umboðið úr þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 um að þjóðin vildi að lagt yrði fyrir Alþingi frumvarp byggt á tillögum stjórnlagaráðs og taldi mig skuldbundinn að virða þann vilja, óháð örlögum málsins í þessu tímahraki. Ef við hefðum haldið áfram að þrjóskast við hefði tækifærið til að byggja málinu framtíð á nýju kjörtímabili farið forgörðum.

## Framhald gert mögulegt

Með samþykkt nýs tímabundins breytingaákvæðis við stjórnarskrána, sem við formenn Samfylkingar, Vinstri grænna og Bjartrar framtíðar gerðum tillögu um, tókst að gefa fyrirheit um frekari vinnu við stjórnarskrárbreytingar á grundvelli tillagna stjórnlagaráðs. Í krafti þess ákvæðis var eftir kosningar samið við nýjan stjórnarmeirihluta um áframhald vinnu við stjórnarskrárbreytingar og nú hillir mögulega undir samkomulag fulltrúa allra flokka um ákvæði um þjóðareign á auðlindum, þjóðaratkvæðagreiðslur, fullveldi og náttúruvernd. Þessi vinna hefði aldrei átt sér stað á miðju kjörtímabili, ef ekki hefði verið vegna þess að okkur tókst að búa til þrýsting með samþykkt nýs breytingaákvæðis undir lok síðasta kjörtímabils.

Það hefur verið nefnt sem mistök af minni hálfu að halda málinu ekki til streitu og láta reyna á vilja meirihluta þings til að binda enda á umræðu, taka málfrelsið af minnihlutanum og ganga til atkvæða um málið. Ég er ósammála því. Slík atburðarás hefði leitt okkur til ósigurs, því við höfðum ekki nægan stuðning til að tryggja framgang slíkrar tillögu. Stjórnarmeirihlutinn hefði þá farið tvístraður til kosninga, með ósigur í þessu stóra máli ríkisstjórnarinnar í farteskinu og án þess að nokkur önnur mál fengjust afgreidd. Stjórnarsamstarfið við VG hefði verið í uppnámi. Það er skrýtinn liðsforingi sem teflir liði sínu í öruggan ósigur og hetjudauða í stærsta málinu nokkrum vikum fyrir kosningar, í stað þess að leita eftir áfangasigri.

## Má beita öllum meðölum?

Til að taka af allan vafa hafði ég rótgróna og djúpstæða andstöðu gagnvart því að svipta minnihlutann málfrelsi í jafn stóru máli og hér um ræðir. Ákvæði þingskapa um að taka málfrelsið af minnihlutanum hefur ekki verið beitt nema í undantekningartilvikum og aldrei á síðustu áratugum. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur hafa setið í ríkisstjórn drýgstan hluta lýðveldistímans og vinstrihreyfingin á Íslandi hefur reitt sig á aðgang að ræðustól Alþingis til að hafa áhrif á framgöngu meirihlutans. Þannig töfðum við fjölmiðlalögin og þannig komum við í veg fyrir að vatnið væri einkavætt á sínum tíma. Ég hef alla tíð gagnrýnt harkalega það hráa meirihlutaræði sem hefur einkennt íslensk stjórnmál og talað fyrir auknum áhrifum minnihlutans og meðal annars rétti hans til að vísa málum í þjóðaratkvæði. Á meðan að ég var í meirihluta gagnrýndi ég oft félaga mína í meirihlutanum fyrir að ganga of hart fram gagnvart minnihlutanum og aflaði mér ekki alltaf vinsælda með því.

Prófsteinninn á lýðræðisviljann er hins vegar ekki hvernig manni líður þegar maður er sjálfur borinn atkvæðum, heldur hvað maður gerir þegar maður er í aðstöðu til að bera aðra atkvæðum. Það er freistandi að sannfæra sjálfan sig um að í lagi sé að ganga hart fram í þetta eina skipti, því maður viti sjálfur að maður hefur rétt fyrir sér. En nákvæmlega þannig verður yfirgangurinn samtalinu yfirsterkari. Ég er lýðræðisjafnaðarmaður af hugsjón og hef aldrei getað samrýmt það þeirri hugsjón að taka grundvallarrétt af minnihlutanum, sama hversu sannfærður ég er um að ég hafi rétt fyrir mér. Markmið lýðræðisjafnaðarmanna á að vera að auka rétt minnihlutans, ekki að grafa undan honum. Ekki bara stundum heldur alltaf.

## Skelfilegt fordæmi

Ef við hefðum farið áfram með stjórnarskrármálið, með einhvers konar hótun um afnám málfrelsis minnihlutans í farteskinu, hefðum við alltaf lent á vegg því stuðningurinn var ekki fyrir hendi. En það sem verra er: Við hefðum skapað fordæmi sem ekki hefði verið aftur tekið og veikt stöðu íslenskrar vinstri hreyfingar næstu áratugina. Við hefðum glatað þeim neyðarhemli sem stjórnarandstaðan hefur ítrekað nýtt á þessu kjörtímabili. Ný ríkisstjórn hefði getað komið að málum með öðrum hætti og getað keyrt öll mál í gegn. Það væri þá að öllum líkindum búið að samþykkja lög um nýtt fiskveiðistjórnunarkerfi sem hefði tryggt einkaeignarrétt að fiskveiðiheimildum, búið að lækka varanlega auðlindagjöld langt umfram það sem þegar hefur verið gert, búið að gefa völdum útgerðum makrílkvótann, búið að afturkalla aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu með bindandi hætti og búið að rústa rammaáætlun og leggja af stað í allar átta virkjanirnar sem Jón Gunnarsson hefur reynt að þjösna í gegnum þingið. Við hefðum þá greitt hátt verð fyrir engan árangur.

## Lýðræðistilraunin heldur áfram

Samfylkingin getur verið stolt af málafylgju sinni þegar kemur að stjórnarskrárbreytingum. Við hófum merkilega lýðræðistilraun með þjóðfundum, skipan stjórnlaganefndar og með beinni kosningu til stjórnlagaþings, síðar stjórnlagaráðs og lögðum mikið afl í að koma þeirri vinnu áfram til afgreiðslu á Alþingi. Það tókst ekki að ljúka málinu í heild. Það var vegna andstöðu annarra, ekki vegna uppgjafar okkar. Þvert á móti höfum við haldið allri þessari vinnu og öllum þessum hugmyndum til haga í þeirri vinnu að stjórnarskrárbreytingum sem síðan hefur átt sér stað. Þannig virðum við umboðið úr þjóðaratkvæðagreiðslunni frá 20. október 2012 og berjumst áfram fyrir stjórnarskrárbreytingum með þátttöku þjóðarinnar.


THE OTHER WAY
HEIMSFRUMSÝNING
Á NÝJU SUMMIT LÍNUNNI
KL. 20:00 Í ÚTILÍF GLÆSIBÆ.
THE NORTH FACE®
THE WORLD'S FINEST
ALPINE EQUIPMENT
REIMAGINED.

# Ristilkrabbamein – tökum til hendinni



**Jón Gunnlaugur Jónasson**
prófessor í meinafræði við læknadeild Háskóla Íslands og yfirlæknir meinafræðideildar Landspítalans og Krabbameinsskrárinnar

Á Vesturlöndum er ristil- og endaþarmskrabbamein (hér eftir í greininni nefnt ristilkrabbamein) algengasta dánarorsök af völdum krabbameina sem ekki má beinlínis rekja til reykinga. Um 5% fólks í þessum heimshluta munu greinast með sjúkdóminn einhvern tímann á lífsleiðinni. Sjúkdómurinn er illvígur en í langflestum tilfellum læknanlegur, ef hann greinist snemma í sjúkdómsferlinu.

Á Íslandi er ristilkrabbamein þriðja algengasta krabbameinið hjá báðum kynjum og í öðru sæti í dánartíðni vegna krabbameins. Árlega hafa að meðaltali greinst hér á landi á undanförnum árum rúmlega 130 ný tilfelli af ristilkrabbameini og skráð eru árlega að meðaltali 52 dauðsföll af völdum sjúkdómsins. Það þýðir að einn Íslendingur deyr í viku hverri vegna ristilkrabbameins.

Árveknisátakið „Bleika slaufan“ stendur nú yfir og beinist athyglin sérstaklega að ristilkrabbameini, en þessi sjúkdómur herjar nokkuð jafnt á karla og konur. Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins greindist á árabilinu 2009-2013 að meðaltali 61 kona með ristilkrabbamein á ári hér á landi. Þetta eru tæplega 9% af öllum krabbameinum hjá konum. Meðalaldur þeirra við greiningu var 70 ár og 22 konur létust árlega úr þessum sjúkdómi. Í lok árs 2013 voru á lífi á Íslandi 550 konur sem einhvern tímann höfðu greinst með ristilkrabbamein.

### Lykilatriði að greina sepa

Langflest (eða um 85%) ristilkrabbamein myndast út frá forstigsbreytingum, sem er ákveðin gerð ristilsepa, sem nefnast æxlissepar. Ef unnt er að greina og fjarlægja þessa sepa í tíma er hægt að koma í veg fyrir að þeir þróist í krabbamein. Lykilatriði er að greina þessa sepa og meðhöndla þá á viðeigandi hátt svo þeir ekki myndi ólæknandi sjúkdóm. Þetta gerist helst með góðu miðlægu utanumhaldi þar sem boðun einstaklinga í skoðun og viðeigandi rannsóknir eru framkvæmdar í samræmi við viðurkennda læknisfræði og kemur þannig í veg fyrir bæði of- og vanlækningar.

> Þar sem dregist hefur í mörg ár að taka ákvörðun um að hefja miðlæga skipulagða leit að ristilkrabbameini hefur hafist óskipuleg leit, sem ekki skilar nærri nógu miklum árangri.

Ristilkrabbameini hefur við greiningu verið skipt niður í fjögur útbreiðslustig, sem spá fyrir um lífshorfur sjúklingsins. Á stigi I er sjúkdómurinn bundinn við ristilinn sjálfan og æxlið ekki vaxið djúpt niður í ristilvegginn. Á stigi IV eru hins vegar komin fjarmeinvörp, sem þýðir að æxlið hefur dreift sér um líkamann með meinvörpum til líffæra fjarri ristlinum. Stig II og III eru þar mitt á milli og tilgreina hvort æxlið sé vaxið út í gegnum vegglög ristils og/eða búið að sá sér í eitla í nærliggjandi vef.




Áætlað er að fimm ára lífshorfur sjúklinga sem greinast með ristilkrabbamein á stigi I séu um 90-95%, á stigi II um 55-80%, á stigi III um 35-60% og á stigi IV um 8-12%. Það skiptir því meginmáli að greina æxlin fljótt í sjúkdómsferlinu, ef sjúklingur á að eiga góða möguleika á lækningu.

Í gögnum Krabbameinsskrárinnar má sjá að ristilkrabbamein greinist oft þegar æxlið hefur náð stigi III eða IV. Á undanförnum árum hafa um 55% æxlanna greinst á þessum alvarlegustu stigum sjúkdóms og þar af upp undir 30% sjúklinga á stigi IV. Vel yfir helmingur þeirra sem greinast hefur því slæmar horfur og þarf gjarnan að ganga í gegnum mjög erfiða og einnig fyrir samfélagið dýra lyfjameðferð.

Ristilkrabbamein er mjög oft án einkenna þangað til það er komið á alvarlegra stig. Því er mikilvægt að uppgötva sjúkdóminn sem fyrst í sjúkdómsferlinu. Áætla má að nú séu um 2.000 Íslendingar annaðhvort með ógreint ristilkrabbamein, eða sepa sem munu þróast yfir í ristilkrabbamein á næstu 10-15 árum. Um 30% þessara einstaklinga, eða um 600, munu að óbreyttu greinast á stigi IV sem er illlæknanlegt, og um 800 þessara 2.000 sem greinast munu deyja úr sjúkdómnum.

### Hefjum strax skipulagða miðlæga leit

Skimun fyrir ristilkrabbameini hefur mikið verið til umfjöllunar á Íslandi undanfarin ár, einkum á þessu ári. Góð rök hafa verið færð fram, bæði varðandi gagnsemi fyrir sjúklingana sjálfa og einnig hvað gæti borgað sig varðandi fjárútlát í heilbrigðiskerfinu. Ég ætla ekki hér að blanda mér í þá nokkuð flóknu umræðu sem varðar aðferðafræði við skimun, en vil þó leggja áherslu á að miðlæg stýring skimunar er nauðsynleg til að árangur geti verið mælanlegur, en slíkt er nauðsynlegt við allt mat á gagnsemi og árangri.

Þar sem dregist hefur í mörg ár að taka ákvörðun um að hefja miðlæga skipulagða leit að ristilkrabbameini hefur hafist óskipuleg leit, sem ekki skilar nærri nógu miklum árangri, einkum vegna þess að ekki er unnt að fylgjast vel með hverjir hafi farið í rannsókn og hverjir ekki. Í heildina er slíkt allt of dýrt og erfitt að fylgjast með árangri í slíkri baráttu við sjúkdóminn.

Hefjum því strax skipulagða miðlæga leit að þessu illvíga meini og spörum með því mannslíf og fjármuni.

# Verðtrygginguna burt



**Helga Þórðardóttir**
formaður Dögunar

> Verðtryggingin hefur verið nefnd „vítisvél andskotans“ og eiga erlendir bankastarfsmenn oft erfitt með að skilja hana.

Völd fjármálakerfisins eru allsráðandi í lífi okkar. Bankarnir hafa hagnast um rúma fjögur hundruð milljarða frá hruni. Samtímis eru til einstaklingar í þjóðfélagi okkar sem þurfa að velja á milli lyfja og matar. Alþingi Íslendinga horfir á án inngripa og samþykkir því glæpinn. Alþingi er stjórnað af sérhagsmunaöflum og fátækir Íslendingar teljast ekki til þeirra. Þeir hvorki þrýsta né setja úrslitakosti eða múta.

Verðtryggingin hefur verið nefnd „vítisvél andskotans“ og eiga erlendir bankastarfsmenn oft erfitt með að skilja hana. Hvernig getur bara annar aðilinn alltaf grætt, spyrja þeir. Þeir eru vanir vissum ófyrirsjáanleika í störfum sínum sem íslenska bankakerfið hefur ekki haft manndóm í sér til að takast á við.

Lánardrottnar á Íslandi, bankar og lífeyrissjóðir ætla sér að halda í verðtrygginguna hvað sem það kostar. Þeir græða á henni og hún veitir þeim yfirburðastöðu. Lánardrottinn á Íslandi sem veitir verðtryggt lán getur ekki tapað, bara lántakandinn meðan hann stendur í skilum. Sá fyrirsjáanleiki er ekki til staðar hjá erlendum lánastofnunum. Þannig sogar verðtryggingin sjálfvirkt fjármuni dag og nótt frá almenningi til lánardrottna, alla daga ársins. Síðan fá bankamenn bónusa fyrir snilldina. Til að bæta gráu ofan á svart þá veldur verðtryggingin verðbólgu og hver græðir á því?

Þessu verður að breyta, það er réttlætismál. Dögun, stjórnmálasamtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði, ætlar að breyta þessu. Samkvæmt skoðanakönnun Hagsmunasamtaka heimilanna vilja 80% landsmanna afnema verðtrygginguna. Fimmflokkurinn hefur marglofað að afnema verðtrygginguna en hefur aldrei staðið við það og mun ekki gera það. Þess vegna er sterkasta vonin að styðja Dögun til áhrifa sem mun afnema verðtrygginguna, hvað sem tautar og raular.

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Höfrungahlaupið og friðarskylda



**Þórólfur Matthíasson**
varaformaður Félags prófessora og situr í samninganefnd félagsins

Á verðbólguframsóknarárunum bjuggu aðilar vinnumarkaðarins til sjálfvirkt en ósjálfbært launahækkunarkerfi með því að verðlagsleiðrétta laun á þriggja mánaða fresti. Afleiðingin varð margþvælt og margþætt höfrungahlaup þar sem launabreytingar kölluðu á verðbreytingar sem kölluðu á launahækkanir og svo koll af kolli. Kerfinu var kippt úr sambandi eftir að árshraði verðbólgunnar hafði komist í eða yfir 100% og í ljósi fyrirliggjandi aflabrests árið 1983.

Á síðustu misserum hefur aðilum vinnumarkaðarins aftur tekist að koma sér í nauð sjálfvirkra hækkanareglna. Á framsóknaráratugunum sögðust menn vera að semja um raunlaun. Núna er viðmiðunin að hver launþegahópur haldi sínu sæti samanborið við alla aðra. Þessi nýja aðferðafræði er alveg jafn eitruð og verðlagsleiðréttingin forðum daga.

Á ytra borði búa Noregur og Svíþjóð við svipaða uppbyggingu vinnumarkaðarins og við. Þar búa útflutningsgreinar sem ekki ráða verðlagningu afurða sinna í sambýli við greinar sem þjónusta innlendan markað og geta auðveldlega velt kostnaðarhækkunum yfir í verðlagið. Rétt eins og á Íslandi.

> Verði fyrirtæki og stéttarfélag sammála um hagræðingarleiðir skipta aðilar ávinningi hagræðingarinnar á milli sín. Þetta getur átt við bæði í einkarekstri og opinberum rekstri.

Þó hefur launahækkunartakturinn verið annar og raunlaunahækkun meiri.

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa réttilega bent á að árangur þessara landa megi rekja til þess hversu mótandi áhrif útflutningsgreinarnar hafa á almenna nafnlaunahækkun. Valin verkalýðsfélög á almennum markaði semja fyrst við samtök útflutningsfyrirtækja. Almennar hækkanir sem þessir aðilar semja um ganga yfir til allra á almenna markaðnum.

### Sérkjarasamningar

En þar með er ekki öll sagan sögð. Meira en helmingur launahækkana á almennum markaði á uppruna sinn í sérkjarasamningum sem gerðir eru í hverju fyrirtæki fyrir sig eftir að heildarsamtök hafa lokið sínum samningum. Verkalýðsfélögin geta beitt verkfallsvopninu í stóru samflotunum. Fyrirtækjasamningarnir eru gerðir undir formerkjum friðarskyldu. Deildir verkalýðsfélaganna og yfirmenn hvers fyrirtækis fyrir sig semja um hagræðingaraðgerðir (draga úr mannahaldi, hagræða kaffitímum, stytta verkferla) og skipta ávinningnum á milli sín. Þetta fyrirkomulag dregur úr þrýstingi á almennar launahækkanir og á sinn þátt í hraðri framleiðniþróun í löndunum tveimur.

Þess ber að geta að illa hefur gengið að koma þessu tveggja þrepa kerfi á í opinbera geiranum, enda er „varan“ sem hið opinbera framleiðir flóknari og erfiðari í mælingu en tilfellið er í einkageiranum. En aukin tölvuvæðing og bættar mælingaraðferðir eru að breyta þeirri mynd.

Af umræðu um norræna samningalíkanið undanfarnar vikur hefur mátt skilja að inntak þess væri að þvinga stéttarfélög og atvinnurekendur utan útflutningsgreinanna til að fara eftir forskrift sem gefin væri af stéttarfélögum og atvinnurekendum innan þess hóps. Það er fjarri lagi hvað varðar fyrirtækjasamningana. Verði fyrirtæki og stéttarfélag sammála um hagræðingarleiðir skipta aðilar ávinningi hagræðingarinnar á milli sín. Þetta getur átt við bæði í einkarekstri og opinberum rekstri. Það fer því víðsfjarri að allir launþegar sitji við sama launahækkunarborðið allan tímann. Þar er sveigjanleiki stikkorð frekar en stífni.

Í lokin má geta þess að framhaldsskólasamningurinn sem gerður var sl. vor bar ýmis merki fyrirtækjasamnings af norrænu gerðinni, þar sem aðilar komu sér saman um hagræðingaraðgerðir og skiptu með sér fjárhagslegum ávinningi, báðum til hagsbóta ef að líkum lætur.




## Nýr ísskápur / frystir með VitaminLED tækni og Breath Tech himnu.

Ef það er eitthvað sem er sett í forgang í japanskri matargerð þá er það ferskt hráefni. Nýju Panasonic kæliskáparnir viðhalda ferskleika matvörunnar lengur. Þökk sé VitaminLED tækninni, sem líkir eftir sólarljósinu til að varðveita virkni C og D vítamína. Japanska BreathTech himnan stillir sjálfkrafa rakastigið svo ávextir og grænmeti geymist við réttar aðstæður. Full-NoFrost þýðir að bæði kæli- og frystihlutinn afþýðir sig sjáfur. Lítil rafmagnsneysla, orkuflokkur A +++, er samnefnari fyrir góða umgengni við umhverfið.

**Gildir fyrir: PAN-NRBN31EX1 • PAN-NRBN31EW1 • PAN-NRBN34EX1 • PAN-NRB53V2XE • PAN-NRB53VW2*



**GLOBAL**

**4ra hnífa Global sett að andvirði 69.900 kr. fylgir með í kaupum á kæliskáp frá Panasonic*.**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Aðkoma almennings að fjárlögum – ódýr og einföld leið



Einar Guðmundsson
geðlæknir

**Ef þessi leið verður farin munu stjórnvöld alltaf vita við gerð fjárlaga hver afstaða skattgreiðenda er til hinna ýmsu málaflokka.**

Lýðræðislega sinnaðir stjórnmálamenn eru sífellt að leita leiða til að rödd almennings heyrist betur í sem flestum málaflokkum. Þó hafa margir þeirra lýst því yfir að þjóðaratkvæði um fjárlög sé ekki heillavænlegt og er þá gjarnan Kalifornía nefnd sem nýlegt dæmi um vafasamar afleiðingar. Það eru ýmis rök fyrir því að fjárlög henti illa til bindandi þjóðaratkvæðagreiðslna. Hins vegar gildir annað um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslur.

Hér á eftir er bent á auðvelda og ódýra leið til að fá fram ósk almennings/skattgreiðanda um það hvernig þeir vilja að skattgreiðslum þeirra sé best varið. Þetta má gera á þann hátt að í lok hverrar skattskýrslu sé skattgreiðandinn spurður örstutt um hvernig hann vilji að skattgreiðsla hans skiptist á milli helstu málaflokka á fjárlögum og þá gjarnan í prósentum talið. Málaflokkarnir væru listaðir upp fyrirfram. Þannig gæti skattgreiðandi til dæmis sagt: Heilbrigðismál 40%, Menntamál 20%, Dómsmál 15% o.s.frv.

Þar sem um rafrænar skattskýrslur er að ræða, í nær öllum tilfellum, ætti að vera auðvelt fyrir skattstjóra að láta forrit lesa sjálfkrafa úr þessum upplýsingum og birta síðan niðurstöðurnar opinberlega.

Vegna þess að ekki er um bindandi kosningu að ræða, heldur ósk skattgreiðanda, geta stjórnvöld ráðið fjármögnun hinna ýmsu málaflokka eins og áður, stjórnvöld hafa því áfram lokaorðið.

### Stjórnvöld rökstyðji

Lýðræðið gerir hins vegar alltaf þær kröfur á stjórnvöld að rökstyðja það vandlega, þegar gengið er gegn vilja almennings. Segjum svo að málaflokkur eins og menntun sé skv. niðurstöðu skattframtala að meðaltali 30% skv. vilja skattgreiðanda, en stjórnvöld ákveða annað , t.d. 25%, eða 35%. Það er þá skylda stjórnvalda að útskýra/rökstyðja fyrir skattgreiðendum hvers vegna ráðgjöf þeirra upp á 30% var hafnað o.s.frv.

Ef þessi leið verður farin munu stjórnvöld alltaf vita við gerð fjárlaga hver afstaða skattgreiðenda er til hinna ýmsu málaflokka. Sé almenningur á villigötum að mati stjórnvalda eru hæg heimatökin að útskýra villurnar og væntanlega mun sá rökstuðningur skila sér í breyttri niðurstöðu við skil á næstu skattskýrslu. Þannig lærir almenningur af stjórnvöldum og stjórnvöld af almenningi. Það hlýtur að teljast lúxus fyrir íslensk stjórnvöld við fjárlagagerð að hafa alltaf nýjar tölur um hvað almenningur vill um skiptingu þjóðarkökunnar.

# Stjórnsýsla skapandi greina



Kolbrún Halldórsdóttir
forseti BÍL

**Í allri markaðssetningu á Íslandi sem ferðamannalandi leikur náttúra Íslands aðalhlutverkið en ævinlega í bland við mannlíf, menningu og listir.**

BÍL – Bandalag íslenskra listamanna hélt málþing í tengslum við aðalfund sinn fyrr á þessu ári þar sem fjallað var um stöðu lista og menningar í stjórnkerfinu og spurt hvort breytinga sé þörf til að skapandi greinar sæki fram og eflist. Meginspurning málþingsins var sú hvort tímabært gæti verið að slíta tengslin milli menntamála og menningarmála með því að stofna sérstakt menningarmálaráðuneyti.

Ástæða þess að forystumenn listafólks telja þörf á að leita svara við þessari spurningu er sú að þeir telja að listirnar fari halloka í samkeppninni um athygli ráðherra og embættismanna, sem hafa jafn umfangsmikinn og aðkallandi málaflokk og menntamálin á sinni könnu. Það sé því full þörf á því að listir og menning eigi sér sjálfstæðan málsvara við ríkisstjórnarborðið, ráðherra sem getur einbeitt sér að baráttunni fyrir bættu umhverfi og skilvirkari stjórnsýslu menningar og lista.

### Sóknaráætlun

Stjórnvöld hafa lengi haft uppi áform um að efla skapandi greinar, auka hlut þeirra í atvinnulífinu og fjölga atvinnutækifærum í greinunum um land allt. Erfitt hefur reynst að hrinda þeim áformum í framkvæmd og mikið skortir á að listir og menning hafi endurheimt þann fjárhagslega stuðning og þann styrk sem þær nutu fyrir hrun. Þar kemur margt til, m.a. viðkvæmur fjárhagsgrunnur menningarstofnana og erfiðleikar við að byggja upp skilvirkt stoðkerfi fyrir þann geira atvinnulífs sem reiðir sig á skapandi hugsun. Bandalag íslenskra listamanna samþykkti á ársfundi sínum sóknaráætlun í skapandi greinum og afhenti hana formlega mennta- og menningarmálaráðherra á samráðsfundi BÍL og ráðuneytisins í apríl sl. Áætlunin var einnig send þingmönnum til kynningar og er aðgengileg á vef BÍL. Hún er í 8 liðum og greinir helstu aðgerðir sem ráðast þarf í til að markmið um uppbyggingu greinanna náist.

### Tvístrað milli ráðuneyta

Síðan 2010 hafa stjórnmálamenn sýnt áhuga á því að kortleggja umfang skapandi atvinnugreina og bera það saman við aðra geira atvinnulífsins. Gerð var tilraun til að mæla hagræn áhrif greinanna og í ljós kom að umfang þeirra hér á landi er sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Í framhaldinu var skipaður starfshópur sem skilaði skýrslu 2012 þar sem lagðar voru fram tillögur um með hvaða hætti skynsamlegast væri að vinna að eflingu greinanna. Síðan hefur lítið gerst annað en það að málaflokknum hefur verið tvístrað milli ráðuneyta.

Þannig hefur umsýsla menningararfsins verði flutt til forsætisráðuneytis, málefni hönnunar að mestu flutt yfir í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og menningarsamningar við landshlutasamtök sveitarfélaga fluttir í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið. Kynningarmál menningar og lista heyra svo að hluta undir utanríkisráðuneyti, sem fer með málefni Íslandsstofu og menningarkynningar í sendiráðum. Þessar aðgerðir stjórnvalda samrýmast sannarlega ekki áformum um aukinn sýnileika skapandi greina eða eflingu starfsumhverfis innan geirans.

### Fjölbreytt tækifæri

Það er mat Bandalags íslenskra listamanna að eina leiðin til að efla þær atvinnugreinar sem byggja á listum og menningu sé að koma málaflokknum undir eitt og sama ráðuneytið, ráðuneyti menningar og lista. Einungis þannig takist okkur að feta í fótspor nágrannaþjóða okkar, sem beina nú sjónum í auknum mæli að skapandi greinum þegar horft er til uppbyggingar atvinnutækifæra og fjölbreytni í atvinnulífi. Í því sambandi er rétt að geta þess að listir og menning eru ein mikilvægasta stoðin í uppbyggingu ferðaþjónustu þegar til lengri tíma er litið, því þótt ferðamenn þurfi vissulega að kaupa sér aðgang að flugsætum og hótelherbergjum þá eru það ekki seglarnir sem draga ferðamenn til landsins. Í allri markaðssetningu á Íslandi sem ferðamannalandi leikur náttúra Íslands aðalhlutverkið en ævinlega í bland við mannlíf, menningu og listir. Heildarsamtök listamanna óska nú eftir því að ráðamenn skoði af alvöru þann möguleika að stofna sérstakt menningarmálaráðuneyti til hagsbóta fyrir þennan ört vaxandi geira atvinnulífsins en ekki síður til að efla listsköpun og menningarstarf í þágu framtíðarkynslóða.

# Eru engar konur meðal hæfustu lögfræðinga landsins?



Jón Sigurgeirsson
lögfræðingur



Jón Steinar Gunnlaugsson hefur haldið því fram að aðeins ein rétt niðurstaða sé í hverju dómsmáli og skipta því engu aðrir eiginleikar dómara en þeir að hann sé „góður lögfræðingur“. Jón segir að lögskýringareglum séu þröngur stakkur skorinn og því ekki um mikið val að ræða fyrir dómara.

Almenningur sér svo að lögfræðingar eru ekki sammála um niðurstöður og Hæstiréttur breytir oft dómum héraðsdóms. Jafnvel hæstaréttardómarar komast ekki að sömu niðurstöðu. Það sem Jón nefnir ekki í sinni grein er að leiðin til niðurstöðu er mörkuð af matskenndum ákvörðunum. Meta þarf sönnunargögn, vitnisburði og jafnvel vægi lagaákvæða. Dæmi um það eru mörk frelsisins til að tjá sig annars vegar og sjónarmið um verndun æru hins vegar. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur stundum verið Hæstarétti ósammála um það mat.

Hversu vísindalegum aðferðum sem beitt er þá er mat háð persónugerð þess sem metur.

Þó ein rétt niðurstaða í dómsmáli sé e.t.v. fræðilega rétt markmið þá þarf ekki lögfræðinga til að sjá að hún stenst ekki í raun. Engu að síður er dómari bundinn af lögum og skýringarreglum eins og Jón segir.

Lýðræði er á Íslandi. Það byggir á þeirri heimspeki sem franska byltingin byggði á, þ.e. að völdin séu hjá fólkinu. Fólkið velur sér fulltrúa til fjögurra ára í senn sem fara með þessi völd. Allt ríkisvald er sem sagt hjá fólkinu og aðeins má stjórna í umboði þess.

### Grunnregla brotin

Dómstólar eru ein af þremur greinum ríkisvalds og er ofangreind grunnregla brotin við skipan dómara í Hæstarétt.

Við alla túlkun á lögum verður að leita að vilja almennings eins og hann birtist hjá kjörnum fulltrúum hans á Alþingi. Konur eru um helmingur þjóðarinnar og hafa haft mikil áhrif á vissa löggjöf. Eru einhverjir sem halda því fram að karlar séu almennt hæfari til að skilja þann vilja en blönduð samkoma?

Rannsóknir sýna að fjölbreyttur hópur sem vinnur saman að lausn mála kemst að jafnaði að betri niðurstöðu en einsleitur. Það á ekki síst við eðli máls samkvæmt þegar leitað er að vilja annars mjög fjölbreytts hóps.

**Ég tel það lögbrot að skipa aðeins karla í nefndina. Þar eiga hæfileikamennirnir í Hæstarétti sök eins og hinir.**

Umræða þessi er sprottin af skipun nefndar sem velur hæstaréttardómara. Það má deila um það hvort í einstökum tilfellum eigi að velja karl eða konu í embætti en það getur ekki verið umdeilanlegt að nefnd sem hefur það hlutverk að velja á ólýðræðislegan hátt menn í eina af þremur greinum ríkisvaldsins – og þá mikilvægustu vegna tengsla hinna – sé eingöngu skipuð körlum. Ég tel það lögbrot að skipa aðeins karla í nefndina. Þar eiga hæfileikamennirnir í Hæstarétti sök eins og hinir. Þar hafa þeir ekki fundið réttu lögfræðilegu niðurstöðuna að mínu áliti. Ef til vill hefðu þeir nálgast hana betur ef fleiri konur væru meðal þeirra.




Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2014. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Heimilt er að sækja um styrk til undirbúningsvinnu vegna verndarsvæða í byggð. Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

**Umsóknarfrestur er til 1. desember 2015. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.**

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, undir gagnasafn og á Húsverndarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39,101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Vertu vinur okkar á Facebook

**SUNDAY SÓFI**
m. færanlegri tungu
Áður 179.900,-
**NÚ 125.930,-**




Stærð: 268x144xH82 cm. Litur: Dökkgrár / Ljósgrár

# 30% AFSLÁTTUR AF SUNDAY TUNGUSÓFA

## AFSLÁTTUR GILDIR 15.–21. OKTÓBER


1


2


3


4

# 40% AFSLÁTTUR AF PÚÐUM




**the PIER**

**GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is

1 BOLSWARD HILLA
Verð 99.900.
Stærð 95x40xH180 cm.

2 GENDT SKÁPUR
Verð 129.900.
Stærð 100x42xH170 cm.

3 EDE FATASKÁPUR
Verð 199.900.
Stærð 120x63xH200 cm.

4 ZWETTL GLERSKÁPUR
Verð 169.900.
Stærð 128x45xH189 cm.

ANTON&BERGUR

# Hver er stefna ÍSOR í nýtingu jarðhita og hvernig hefur hún reynst?



Gunnlaugur H. Jónsson
fv. innri endurskoðandi

Forstjóri ÍSOR, Ólafur G. Flóvenz, ritaði nýlega grein í Fréttablaðið sem hann nefndi „Villandi fréttamennska Ríkisútvarpsins“. Þar skammaði hann RÚV fyrir að leyfa sér að tala við eðlisfræðing og fyrrverandi yfirmann stjórnsýslu Orkustofnunar um nýtingu jarðhita.

Í fyrri greinum um nýtingu jarðhita á Reykjanesskaganum benti ég á að í rammaáætlun séu skilgreind 18 virkjunarsvæði á skaganum, þar af tíu á Hengilssvæðinu. Svæðin séu allt of mörg því þau skarist og hægt sé að nýta svæðið með sjálfbærum hætti með færri virkjunum. Raunar sé Hellisheiðarvirkjun of stór og þegar að soga til sín orkuna úr fimm virkjunarsvæðum, þ.e. Innstadal, Hellisheiðarvirkjun, Gráuhnjúkum, Bitruvirkjun og Hverahlíð og sjái ekki fyrir endann á því.

> Nú standa hálfbyggð mannvirki Norðuráls við Helguvík sem minnismerki um ofmat á afli jarðhitasvæðanna á Reykjanesi og í Henglinum.

Greinarnar voru skrifaðar af sjónarhóli eðlisfræðingsins. Nú hefur forstjóri ÍSOR bannað fjölmiðlum að hafa nokkuð eftir undirrituðum sem eðlisfræðingi og fyrrverandi starfsmanni Orkustofnunar og titlar mig innri endurskoðanda. Ég tek áskorun forstjórans og leita sem innri endurskoðandi svara við spurningunni: Hver er stefna ÍSOR í nýtingu jarðhita og hvernig hefur hún reynst?

**Stefna ÍSOR**

Um sjálfbæra nýtingu jarðhita segja sérfræðingar ÍSOR í fyrstu grein sinni meðal annars:

„Sérfræðingar ÍSOR hafa um áratuga skeið haldið fram því sjónarmiði að heppilegast sé að virkja jarðhita í smáum skrefum og láta reyna á það hægt og rólega hver eru mörk sjálfbærrar vinnslu. Þessi sjónarmið koma m.a. fram í grein Valgarðs Stefánssonar og fleiri frá Orkuþingi árið 1991 sem ber heitið „Ný viðhorf til virkjunar jarðhita til raforkuframleiðslu“. Gunnlaugur tekur undir þessi sjónarmið í grein sinni. Sjálfbærnimörkin eru aldrei þekkt fyrirfram og það getur tekið mjög mörg ár að finna þau. Stundum hefur leið hægfara uppbyggingar verið farin eins og á Nesjavöllum og í Svartsengi, en hratt var farið í stóra áfanga á Reykjanesi og á Hellisheiði. Það getur samt verið að fjárhagsleg rök leiði til þess að heppilegra sé að byrja stórt og sætta sig síðan við að langtímaframleiðslan verði minni í staðinn.“

Hvað segir þetta um stefnu ÍSOR í nýtingu jarðhita? ÍSOR segir að það geti verið heppilegt hvort heldur sem er að virkja í smáum skrefum eða í einu stóru stökki. Sem innri endurskoðanda finnst mér þessi stefna mjög óljós. ÍSOR segir að vilji kúnninn gæta hagkvæmni, forðast áhættu og láta náttúruna njóta vafans og virkja varlega á sjálfbæran hátt þá sé það heppilegast. Vilji kúnninn hins vegar taka áhættu og virkja stórt þá sé það heppilegra enda hafi kúnninn ávallt rétt fyrir sér!

Stefna ÍSOR í nýtingu jarðhita og meint yfirburðaþekking æðstu manna fyrirtækisins á forðafræði kom ekki í veg fyrir að Hitaveita Reykjavíkur ofmat virkjanlegt afl í Henglinum eða ofmat Hitaveitu Suðurnesja á virkjanlegu afli á Reykjanesi. Óljós stefna ÍSOR varðandi nýtingu jarðhita gæti hafa stuðlað að því að samið var um kaup á allt of mörgum vélum til raforkuframleiðslu með jarðhita bæði á Hengilssvæðinu og Reykjanesi og samið var við Norðurál um sölu á mun meiri raforku og afli til álframleiðslu en hægt var að standa við á hagkvæman hátt. Þetta hefur valdið orkufyrirtækjunum og sveitarfélögunum sem þau áttu milljarða tjóni. Orkufyrirtækin urðu nær gjaldþrota. Nú standa hálfbyggð mannvirki Norðuráls við Helguvík sem minnismerki um ofmat á afli jarðhitasvæðanna á Reykjanesi og í Henglinum.

*P.S.*

Höfundur hefur lengi haft áhuga á hagkvæmri nýtingu innlendrar orku til hagsældar fyrir þjóðina. Hann telur hana mjög mikilvæga efnahagslega og geta tryggt orkuöryggi Íslands til margra alda. Hann er fylgjandi því að efla raforkukerfi landsins á hagkvæman hátt og auka nýtingu jarðvarma. Hann telur hins vegar að með skilgreiningu 18 virkjanasvæða á Reykjanesskaga hafi rammaáætlun farið út af sporinu og birti því greinar þar um. Hann telur að skoðanafrelsi og prentfrelsi sé tryggt með lögum. Í grein sinni nefndi hann hvorki einstaklinga, fyrirtæki né stofnanir og skilur því ekki hvers vegna ÍSOR sá sig knúið til þess að ráðast á persónu höfundar, skoðanir hans og skamma RÚV fyrir að flytja fréttir af þeim.





Fáðu Stöð 3 á betra verði í haust

HEILL HELLINGUR AF
**NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 3**

Það verður boðið upp á margt nýtt og spennandi á Stöð 3 í vetur. Á dagskrá verður fjöldi nýrra spennu- og grínþátta sem enginn má missa af. **Vertu með okkur í vetur, þú finnur örugglega þætti við þitt hæfi á Stöð 3.**

STÖÐ 3 + ENDALAUST TAL + 1 GB Í GSM = **1.990 kr.** til 1. nóvember

365.is | Sími 1817 365



**Engin bóla**
**Alskegg er í tísku og hefur verið um nokkra hríð. Gauti Torfason hárskeri segir þessa tísku ekki á undanhaldi en að líklega hafi hún rutt sér til rúms í kjölfar mottumars.**
**SÍÐA 2**







# FRÍ LYFJASKÖMMTUN

**BORGAR APÓTEK KYNNIR** *Borgar Apótek í Borgartúni 28 leggur áherslu á trausta og persónulega þjónustu, lágt lyfjaverð og fjölbreytt vöruúrval. Viðskiptavinum býðst lyfjaskömmtun sér að kostnaðarlausu.*

Borgar Apótek er einkarekið apótek, byggt á grunni Laugarness Apóteks. Við leggjum áherslu á trausta og persónulega þjónustu og bjóðum upp á blóðþrýstings- og blóðsykursmælingar og heimsendingar á lyfjum og öðrum vörum sé þess óskað. Við bjóðum einnig upp á lyfjaskömmtun og þar erum við sér á báti miðað við marga samkeppnisaðila. Ég tel að Borgar Apótek sé eina apótekið sem býður viðskiptavinum sínum þessa þjónustu endurgjaldslaust,“ útskýrir Einar Einar Birgir Haraldsson, lyfjafræðingur og eigandi Borgar Apóteks.

**FYRIR EINSTAKLINGA OG SAMBÝLI**

„Algengast er að við setjum saman skammta til fjögurra vikna í senn en ef óskað er eftir lengra tímabili er ekkert mál að verða við því. Lyfjaskömmtunin fer í þar til gerðar þynnur og þetta fyrirkomulag nýtist þeim sem þurfa að taka fleiri en eitt lyf og geta bæði einstaklingar og stofnanir eins og sambýli nýtt sér þjónustuna. Eins er auðvelt að bæta vítamínum og fæðubótarefnum í skammtana.“

**ÞÆGINDI OG AUKIÐ ÖRYGGI**

„Á lyfjapakkningunni koma fram nafn og kennitala viðkomandi og hvenær dags hann á að taka lyfin. Þetta eykur meðferðarfylgni og skapar ákveðið öryggi fyrir sjúklinginn fyrir utan augljós þægindi. Til dæmis munar miklu fyrir sambýlin að fá lyfjaskammtana tilbúna og merkta fyrir hvern einstakling, keyrða heim að dyrum. Þá getur þetta skipt máli í rekstri sambýla en ég veit að víða er rukkað fyrir þessa vinnu.“

**EFTIRLIT FAGFÓLKS**

„Skömmtunin er í höndum fagfólks. Lyfjatæknir skammtar lyfin og lyfjafræðingur les yfir og gæðavottar. Tvöfalt eftirlit er því með skömmtuninni áður en hún fer út úr húsi hjá okkur. Við keyrum lyfin heim sé þess óskað. Best er að hafa beint samband við okkur og getur lyfjaskömmtun hafist með skömmum fyrirvara. Við sjáum um öll samskipti við lækna í tengslum við lyfseðla og endurnýjun á þeim. Ef meðferð breytist getum við opnað umbúðirnar og bætt við lyfjum eða tekið úr eins og þarf. Þannig nýtum við lyfin betur og lækkum lyfjakostnað einstaklingsins eða sambýlisins. Við getum skammtað fyrir alla, hvar sem þeir búa á landinu og tökum vel á móti nýjum viðskiptavinum.“

**ÁRATUGA REYNSLA**

„Hjá Borgar Apóteki starfar reynslumikið starfsfólk sem unnið hefur í apóteki til fjölda ára og leggur ríka áherslu á ánægða viðskiptavini. Hér förum við snemma á fætur, Borgar Apótek er opið frá klukkan 8 á morgnana til klukkan 18 á virkum dögum.“



**FAGMENNSKA** Lyfjatæknir sér um að skammta lyfin hjá Borgar Apótek. Pakkningin er síðan yfirfarin af lyfjafræðingi. Þjónustan er viðskiptavinum að kostnaðarlausu. MYND/GVA



**ÞÆGINDI** Aukin þægindi og aukið öryggi fylgja lyfjaskömmtun.














**FEÐGAR** Gauti Torfason, hárskeri hjá Herramönnum, og Andri Týr, sonur hans, finna fyrir mikilli aukningu í skeggsnyrtingu. MYND/GVA

# ALSKEGGIÐ ER ALLSRÁÐANDI

**ENGIN BÓLA** *Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum að alskegg er í tísku. Það hefur reyndar verið í rúmlega eitt ár, að sögn Gauta Torfasonar, hárskera hjá Herramönnum, rakarastofu í Kópavogi, sem sérhæfir sig í herraklippingum og rakstri.*

Rakarastofan Herramenn hefur verið starfrækt frá árinu 1961 þegar faðir Gauta, Torfi, opnaði stofuna. Nú starfar Gauti með syni sínum, Andra Tý. Þeir eru því með langa reynslu af rakstri. „Þessi skeggtíska hefur verið ríkjandi og er sannarlega ekki á undanhaldi. Ég tel að tískan hafi byrjað með mottumars. Þá létu menn sér vaxa yfirskegg. Síðan létu þeir skeggið vaxa áfram í alskegg," útskýrir Gauti.

Þegar Gauti er spurður hvort herrarnir séu nægilega duglegir að snyrta skeggið, svarar hann því neitandi. „Það er örugglega ekki af því að þeir vilji það ekki, heldur vegna þess að það er erfitt að snyrta það sjálfur. Menn hanga fyrir framan spegilinn með skæri í hendi og reyna hvað þeir geta. Þeir kunna hins vegar ekki að móta skeggið sem er nauðsynlegt en þá koma fagmenn til sögunnar. Það hefur einmitt verið gríðarlega mikið að gera hjá okkur undanfarið í því að móta og snyrta skegg," segir Gauti. „Mér heyrist að straumurinn liggi núna inn á gömlu rakarastofurnar þar sem hefðin fyrir skeggsnyrtingu er til staðar. Sem betur fer leita margir til fagmanna. Að halda skegginu fallegu er langt í frá eins og að raka sig."

### MISJAFN VÖXTUR

Á tímabili voru menn með svokallað tveggja daga skegg en nú á það að vera loðnara. Það er ekki bara á Íslandi sem þessi skeggtíska er allsráðandi, Hollywood-stjörnurnar eru líka með skegg. „Alskeggið er allsráðandi," segir Gauti. „Það er mjög algengt að menn séu að safna skeggi í fyrsta skipti, séu að prófa þetta. Síðan lenda þeir margir í vandræðum með að móta skeggið. Það er mjög misjafnt hvað mönnum vex mikið skegg. Sumir eru með hnausþykkt skegg en aðrir eru með gisinn hárvöxt og síðan eru enn aðrir sem fá alls ekkert skegg. Mér þykir mjög leiðinlegt þegar ég þarf að segja við menn að þeir ættu bara að sleppa því að reyna að safna," segir Gauti.

Skeggtískan er engin bóla, að mati Gauta. „Margir héldu að þetta væri eitthvert skeggtímabil sem gengi yfir en það hefur ekki verið svo. Skeggið er komið til að vera og mér finnst það mjög skemmtilegt. Maður hefur séð mjög flott skegg að undanförnu. Sumir láta skeggið vaxa niður á bringu en það þarf að snyrta það líka. Skegg er misjafnt, stundum vex það niður og verður flott eins og á jólasveininum en aðrir eru með hrokkið skegg sem bólgnar út á andlitinu en það þarf að „hefla" til að ná rétta útlitinu," segir Gauti og bendir á að allt sé í gangi í þessum efnum. „Það er engin ein skegglína í gangi."

### SKEGGOLÍA VAR HIMNASENDING

Skeggið þarf að þrífa eins og aðra líkamsparta. „Óhreinindi geta safnast fyrir í skeggi, enginn vill vera með matseðilinn í andlitinu. Best er að nota sérstaka skeggsápu sem er mild, enda getur andlitið verið viðkvæmt. Við seljum mikið af skeggolíu en oft vill húðin þorna upp undir skegginu. Þurrkurinn býr til kláða og ef menn klóra sér getur myndast flasa. Skeggolían er himnasending fyrir þá sem lenda í þessu," segir Gauti. „Það þarf þolinmæði til að safna skeggi í fyrsta skipti. Mönnum finnst það oft gisið í upphafi en ég hef bent þeim á að gefast ekki upp – leyfa skegginu að þróast. Ekki gleyma að snyrta strax og móta því þá virkar það þéttara. Algengustu mistökin eru að draga skeggsnyrtinguna of lengi. Vanhirt skegg er aldrei fallegt."

elin@365.is



**NÝTT ÚTLIT**
Leonardo DiCaprio er kominn með alskegg eins og svo margar aðrar Hollywood-stjörnur.



**FRÆGT SKEGG**
Conchita Wurst er heppin að hafa fallegt skegg.



**LOÐINN Í FRAMAN**
Leikarinn Keanu Reeves hefur ekki rakað sig undanfarna daga.



**RAUTT SKEGG**
Harry prins hefur vakið athygli undanfarna daga fyrir rautt alskegg.

Ótrúleg tilboð

# Bleikur fimmtudagur



Kjóll áður 14.990
nú 7.490 kr.



Túnikka áður 11.990
nú 7.490 kr.



Kjóll áður 14.990
nú 7.490 kr.



Peysukápur áður 16.990
nú 12.990 kr.



Peysukápur áður 14.990
nú 11.990 kr.



Peysukápur áður 14.990
nú 11.990 kr.



Ponsjó áður 16.990
nú 9.990 kr.



Peysa áður 9.990
nú 5.990 kr.

opið til kl. 21

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fleiri myndir á Facebook






**TÆKNI NÍTJÁNDU ALDAR** Tannhjól, keðjur, sjóngler og skrítnar græjur eru áberandi í steampunk-tískunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# STEAMPUNK STEMNING

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Hulda Dröfn Atladóttir hannar men undir áhrifum frá steampunk. Hún segir menin rjúka út og að tannhjól, keðjur og sjóngler séu inn í dag.*

Ég reyndi að gera hálsmen úr gömlu úrverki en þau reyndust of viðkvæm. Ég kaupi því hjólin í þessi men. Ég geri mismunandi men og hringi, af öllum stærðum og gerðum og það er gaman að setja þau saman á mismunandi máta,“ segir Hulda Dröfn Atladóttir, fatahönnuður í Leynibúðinni, en hún hannar hálsmen og hringi úr litlum tannhjólum og keðjum.

„Steampunk er inn núna og þetta er í þeim anda,“ segir Hulda en steampunk-tíska sækir innblástur sinn til vísindaskáldsagna sem byggja á gufuvélum og iðnbyltingu nítjándu aldarinnar. Tannhjól, keðjur, sjóngler og ýmiss konar undarlegar græjur eru áberandi í bland við viktorísk klæði.

„Ég hafði verið að gera men með lyklum og skráargati og einu og einu tannhjóli og komst svo í þetta úrval og fór að gera meira af þessu. Þetta er rosa vinsælt. Fyrir nokkrum árum var enginn spenntur fyrir þessu en núna er greinilega tíminn. Það er til dæmis mikið í tísku núna að vera með „chokera“ og ég fór að gera „steampunk chokera“ úr tannhjólum. Menin eru mislöng og hægt að stytta og lengja í keðjunum. Það er flott að vera með einn choker og annað sítt men líka um hálsinn,“ segir Hulda og ætlar sér að bæta við fleiri munum í línuna.

„Ég mun fljótlega bæta við armböndum. Svo er ég að gera slaufur og öðruvísi hálsmen í bland,“ segir Hulda.

Með Huldu í Leynibúðinni er Linda Ósk Guðmundsdóttir, fatahönnuður og saman hanna þær undir merkinu Death Flower.

„Við reynum að skera okkur úr flórunni, þetta er íslensk hönnun sem við leggjum okkur fram um að hafa á viðráðanlegu verði,“ útskýrir Hulda. „Við liggjum til dæmis ekki með lager heldur tökum við sérpöntunum. Við viljum að stemningin í búðinni sé eins og að koma inn í stofu og erum með gamalt útvarp hér í hillu og fleira til að skapa heimilislega stemningu.“



**STEAMPUNK** „Það er til dæmis mikið í tísku núna að vera með „chokera“,“ segir Hulda en hún hefur búið til þröngar hálsfestar úr tannhjólum.



**HRINGIR** Hulda hannar einnig hringi úr tannhjólum.



**DEATH FLOWER** Hulda Dröfn Atladóttir fatahönnuður setur menin saman á vinnustofunni í Leynibúðinni. MYND/ANTON



**IÐNBYLTINGIN** Steampunk-tískan sækir innblástur í iðnbyltingu nítjándu aldarinnar og vísindaskáldsögur.








## FLESTAR HVÍTAR

**Tæplega 80 prósent fyrirsæta eru hvítar.**

Fjölbreytileikinn er lykilatriði í tískusýningum heimsins. Enginn vill líkjast þeim næsta. Hins vegar virðist fjölbreytileikinn ekki ná yfir val hönnuða á fyrirsætum en nýleg könnun sýndi að 79,4 prósent allra fyrirsæta eru hvítar.

Það var Business of Fashion (BoF) sem gerði könnun á 117 lykilsýningum á tískuvikunum í New York, London, Milanó og París. 3.875 fyrirsætur tóku þátt í sýningunum. Af þeim voru aðeins 797 af öðrum lit en hvítum. Flokkarnir voru svartur, asískur og rómanskur uppruni og „aðrir“ á borð við indverskan uppruna eða miðausturlenskan.

Svartar fyrirsætur voru flestar í þessum minnihlutahópi en 10,2 prósent allra fyrirsæta voru svartar og 6,5 prósent voru af asískum uppruna.



## FÖRÐUN FYRRI TÍMA

**Snyrtivörur hafa verið notaðar frá upphafi mannkyns.**

Andlitsmálning er nefnd í Gamla testamentinu og augnskuggi var notaður við egypskar greftranir allt til áranna um tíu þúsund fyrir Krist. Orðið fyrir snyrtivörur er „cosmetics“ á ensku og var orðið „cosmetae“ fyrst notað um rómverska þræla sem höfðu það hlutverk að baða bæði karla og konur upp úr ilmvatni.

Bæði menn og konur í Egyptalandi á þessum tíma notuðu ilmolíur og smyrsl til að þvo og mýkja húð sína og koma í veg fyrir líkamslykt. Málning og litir voru notaðir til að lita húð, líkama og hár.

Egyptar lituðu bæði varir og kinnar rjóðar, máluðu neglur sínar með henna-lit og lituðu bæði augu og augabrúnir mikið með sérstökum, þar til gerðum, dökkum lit (kohl). Línur voru málaðar bæði ofan og neðan við augun og voru þær dregnar út á andlitið svo augun fengju möndlulagaðra útlit.

## STJÖRNUR Á TÍSKUPALLI

**Rihanna og Selena Gomez þenja raddböndin á tískusýningu Victoria's Secret.**





Ávallt er mikið um dýrðir á tískusýningu undirfatarisans Victoria's Secret. Svo verður einnig í ár. Iðulega eru fengnar stórstjörnur til að koma fram á sýningunni og mikil spenna ríkir þegar tilkynnt er hver hreppir hnossið.

Í ár verða það söngkonurnar Rihanna og Selena Gomez ásamt tónlistarmanninum The Weeknd sem koma fram á tískusýningunni sem fer fram í byrjun desember í New York.

Rihanna hefur áður komið fram á sýningunni árið 2012 þar sem hún flutti lag sitt Diamonds. Í ár mun hún flytja lög af áttundu plötu sinni, Anti, sem brátt kemur út.

Selena Gomez stígur á hið fjöðrum og semelíusteinum prýdda svið í fyrsta sinn líkt og The Weeknd. Hann er þó ekki ókunnugur tískuheiminum en hann kom fram í auglýsingaherferð fyrir Alexander Wang auk þess sem hann er kærasti fyrirsætunnar Bellu Hadid.




Túnikur - peysur



kr. 8.900.- • Str. 40-56/58 • Fleiri litir.

Ríta

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030





Ný glæsileg lína
Black Crystal komin frá Basler!

Erum komin með úrval af fallegum kápum og yfirhöfnum.

Parísartízkan tekur breytingum og bíður nú upp á 6 merki frá Tískurisanum Max Mara.

Verið velkomnar.

Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan



Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI



365

365.is
Sími 1817




PRONOVIAS



MONIQUE LHUILLIER

# INN KIRKJUGÓLFIÐ

**STÓRI DAGURINN** *Brúðarkjólatískan fyrir haustið og veturinn 2016 var sýnd í New York í byrjun mánaðarins. Þar komu saman allir helstu tískuhönnuðir sem gefa sig út fyrir að hanna fyrir brúðir heimsins. Þótt flestir brúðarkjólar séu klassískir er gaman að skoða þá sem falla ekki alveg inn í normið. Hér má sjá nokkra slíka.*



MARCHESA



THEIA

HOUGHTON

BADGLEY MISCHKA



ANGEL SANCHEZ

# ERTU AÐ FARA Í HREKKJAVÖKUPARTÝ?

**Hrekkjavakan er á næsta leiti en sífellt fleiri hafa tekið upp þann rótgróna bandaríska sið og fer hrekkjavökupartíum fjölgandi ár frá ári. Það vefst þó fyrir sumum að finna búning og margir virðast fá sömu hugmynd. Það er því ekki óalgengt að það séu tvær kattarkonur og þrjár vampírur í sama partíi. Það sem greinir hrekkjavökupartí frá hefðbundnum búningapartíum er að búningarnir þurfa að vera hrollvekjandi, sem takmarkar valið. Það er því ekki úr vegi að fara að viða að sér hugmyndum.**
**Uppvakninga- og dúkkuþema hefur notið vinsælda að undanförnu og hér fylgja tvær mismunandi hugmyndir. Annars vegar frá Disney-stjörnunni Peyton List, sem klæddi sig upp sem hrollvekjandi dúkka í hrekkjavökupartíi 2012 og hins vegar frá leikkonunni Michelle Trachtenberg, sem var framtíðarlegur uppvakningur ári fyrr.**





# SÝNILEIKI Á INSTAGRAM

## Helstu hátískumerkin eru búin að átta sig á kostum samfélagsmiðilsins Instagram.

Samfélagsmiðillinn Instagram hefur verið í mikilli sókn meðal hátískuvörumerkja heimsins undanfarið enda byggir miðillinn á ljósmyndum og hentar því slíkum merkjum einstaklega vel.

Í nýlegri rannsókn markaðsrannsóknafyrirtækisins Digital Luxury Group kemur fram að hátískuvörumerkin bera höfuð og herðar yfir aðra lúxusvöruflokka, t.d. bíla og skartgripi, þegar kemur að sýnileika á Instagram talið í fylgjendum og notkun kassamerkis (#).

Efst á lista yfir fjölda fylgjenda er franski tískurisinn Louis Vuitton (@LouisVuitton) með rúmlega 7,1 milljónir fylgjenda. Skammt á eftir fylgir annar franskur risi, Chanel (@chanelofficial), með rúmlega 7 milljónir fylgjenda og þriðja franska fyrirtækið er næst á lista, skórisinn Christian Louboutin (@louboutinworld) með rúmlega 5,6 milljónir fylgjenda.

Þegar kassamerkin eru skoðuð, þ.e. hversu oft myndir annarra eru merktar viðkomandi tískumerki, breytist röðin talsvert. Ítalski tískurisinn Prada (#prada) trónir þar á toppnum með tæplega 23 milljónir kassamerkja, Dior (#dior) er með rúmlega 22,5 milljónir og í þriðja sæti er franska fyrirtækið Hermès (#hermes) með tæplega 20 milljónir kassamerkja.








**TJULLUÐ**
Í tjullkjól frá Chanel við frumsýningu myndarinnar Suffragette í London í byrjun október.



**Á RAUÐUM SKÓM**
Þarna er leikkonan í kjól frá Erdem. Rauðu hælarnir poppa útlitið allhressilega upp.

# TEKUR OFT ÁHÆTTU

**GLÆSILEG** *Breska leikkonan Carey Mulligan vekur athygli á rauða dreglinum. Stíll hennar þykir klassískur og oftast er hún á lista þeirra best klæddu.*

Fyrsta stóra hlutverk leikkonunnar Carey Mulligan var Kitty Bennet í kvikmyndinni Hroki og hleypidómar (Pride & Prejudice) frá árinu 2005. Hún sló hins vegar í gegn í myndinni An Education og var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2010 sem besta leikkonan fyrir leik sinn í þeirri mynd.

Mulligan hefur einnig tekið tískuheiminn með trompi en hún þykir vart stíga feilspor þegar kemur að útlitinu þrátt fyrir að vera þekkt fyrir að taka oft áhættu í þessum efnum. Carey klæðist oft einföldum og dömulegum kjólum og þykir stíll hennar og útlit vera klassískt. Hún er afar hrifin af klæðnaði frá Prada en sést oft skarta flíkum frá minna þekktum og óvenjulegri hönnuðum eins og Lanvin, Prabal Gurung og Roland Mouret.



**Í PEYSU**
Leikkonan sýnir hér að peysur geta alveg verið við hæfi á rauða dreglinum.



**KLASSÍSK**
Carey tekur sig vel út í svörtum síðkjól frá Balenciaga.



**ÁBERANDI**
Í heiðgulum Dior-kjól árið 2013. Hún fór ekki fram hjá neinum í þessu dressi.



**Í SVÖRTU**
Mulligan er oft á lista yfir þær best klæddu á rauða dreglinum.

# DEBENHAMS




# HELENA RUBINSTEIN

## KYNNING Í DEBENHAMS 15. - 21. OKT.

Flott snyrtibudda með Helena Rubinstein lúxusstærðum fylgir þegar keyptar eru HR vörur fyrir 8.900 eða meira.*

### HELENA RUBINSTEIN
### TOPP 5 VÖRUR
### 15% AFSLÁTTUR

- POWERCELL KREMLÍNAN
- LASH QUEEN MASKARAR
- COLOR CLONE FARÐAR
- MAGIC CONCEALER HYLJARAR
- ALL MASCARA AUGNFARÐAHREINSIR



*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir ekki með Nudit eða blýöntum.

Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# GLERAUGU MEÐ STÆL

**KARAKTER** *Gleraugu eru tískuvara. Það þarf enginn að óttast að þurfa að nota gleraugu því úrvalið hefur sjaldan verið meira. Bæði hafa formin breyst og stækkað og litaúrval aukist. Þá hefur dirfska manna og kvenna aukist að prófa nýjan stæl.*



**TÍSKAN FER Í HRINGI** Pétur Christiansen gleraugnasali.

Gleraugu hafa verið í mikilli þróun á undanförnum árum. Þau eru léttari og þægilegri í notkun. Glerin eru sömuleiðis fínlegri og léttari. Það gefur aukna möguleika fyrir hönnuði. Pétur Christiansen, gleraugnasali í Garðabæ, segir að horfa mætti aftur til áttunda áratugar (seventies) þegar kemur að nýjustu tísku í gleraugum. „Umgjarðirnar hafa verið að stækka mikið og sú þróun heldur áfram. Ég var á sýningu í París fyrir stuttu og þar sá ég að svokölluð „pilot“ umgjörð er að koma mjög sterk inn. Einnig kringlótt gleraugu eins og John Lennon gekk með. Tískan fer alltaf í hringi. Ekki henda gömlu gleraugunum,“ segir Pétur.

### ÓHUGSANDI AÐ VELJA LITI

Íslendingar voru ekki ginnkeyptir fyrir tískusveiflum í gleraugnaumgjörðum en það hefur verið að breytast. „Það tekur auðvitað alltaf smá tíma að koma nýjungum á markað. En aukist hefur að fólk líti á gleraugu sem hluta af klæðnaðinum og sé óhræddara við að kaupa umgjörð með litum. Slíkt var óhugsandi fyrir nokkrum árum. Núna leitar fólk eftir umgjörðum með litum og á gjarnan tvenn gleraugu til skiptanna, þá er önnur umgjörðin í hlutlausum lit,“ segir Pétur og bætir við að verð á gleraugum á Íslandi sé mjög gott miðað við önnur Evrópulönd en samkeppnin er mikil hér á landi.

Pétur bendir á að undanfarið hafi verið töluvert um tilboð í gleraugnaverslunum þar sem boðið er 2 fyrir 1. Sjálfur segist hann vera að bjóða slíkt tilboð þar sem búðin er að flytja í glænýtt húsnæði á Garðatorgi. „Svona tilboð gefa fólki möguleika á að fá tvenns konar útlit á gleraugum,“ segir hann.

### KAUPA Á NETINU

Þegar Pétur er spurður um alheimsverslunina, það er netverslun, segir hann að allir finni fyrir henni. „Við finnum fyrir því að fólk kaupi gleraugu á netinu. Það er ekkert við þeirri samkeppni að gera nema bregðast við henni. Fólk sendir upplýsingar frá lækni, bil milli augna og þess háttar á netfyrirtæki. Gallinn er að fólk veit ekki alltaf hvað það er að fá. Ef verðið er of gott til að vera trúanlegt eru gæðin oft í svipuðum dúr. Gleraugnasalar á Íslandi eru fagmenn sem vanda sig og það er alltaf hægt að leita til þeirra með lagfæringar og þjónustu. Auk þess erum við með ábyrgð. Við erum til dæmis með vönduð gler frá Þýskalandi og þeim fylgir ábyrgð. Síðan er betra að máta gleraugu og finna út hvað hentar andlitsfalli. Einnig þarf að stilla gleraugun miðað við nefstærð og fleira. Það er mjög mismunandi hvaða umgjarðir passa fólki eða litir,“ segir Pétur og bætir við að sér finnist mjög skemmtilegt að Íslendingar séu orðnir jákvæðir gagnvart alls kyns umgjörðum. Gleraugu geti sett ákveðinn karakter á fólk. ■ elin@365.is



**NÆSTA SUMAR** Þessi gleraugu frá Emilio Pucci voru sýnd í Mílanó.



**MILANÓ** Gleraugu frá Emilio Pucci sem sýnd voru á tískusýningu fyrir vor-og sumartískuna 2016.



**JOHN LENNON** Að sögn Péturs eru kringlótt gleraugu eins og Bítillinn gekk með að koma sterk inn.



**GUCCI** Vor og sumar 2016.



**ÁBERANDI GLERAUGU**



**NEW YORK** Gleraugu frá Gucci, vor og sumar 2016.





Stærðir
36-56
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
NÝJAR VÖRUR!
Kjólar og skór á frábæru verði - opið til kl 21 í kvöld
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA
6.990kr
st. S-XXXL
JAKKI
9.990kr
st. S-4XL
BOLUR
2.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
7.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
BOLUR
3.990kr
st. S-XXXL
BOLUR
5.990kr
st. S-XXXL
VESTI
13.990kr
st. S-XXXL
KJÓLL
5.990kr
st. S-XXXL
Verð
9.990,-
st. 36-41
Einnig til í gráu og svörtu!
Verð
8.990,-
st. 36-41
Verð
9.990,-
st. 36-41
Einnig til í bláu og brúnu!
Verð
11.990,-
st. 36-41
JESSIGIRL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314









**AÐALSMERKI** Það þekkja allir pólóbolina frá Ralph Lauren.

**ÞETTA MÁ** Margir eiga erfitt með að klæðast gallaefni að ofan og neðan. Tískukóngurinn sjálfur sér ekkert athugavert við það.

**FRUMKVÖÐULL** Lauren klæddi Gwyneth Paltrow í bleikan kjól á Óskarnum 1999 en það hafði ekki verið til siðs fram að því.

# ÁHRIFIN FRÁ RALPH LAUREN

**ÁHRIFAVALDUR** *Pólóbolir, kögur og „denim on denim" eru allt tískufyrirbæri sem rekja má til Ralph Lauren sem nýlega steig af stóli framkvæmdastjóra samnefnds fyrirtækis síns. Hann hefur haft mikil áhrif á tískuna allan ferilinn.*

Bandaríski tískuhönnuðurinn Ralph Lauren steig af stóli framkvæmdastjóra fyrirtækis síns í lok síðasta mánaðar en það var stofnað fyrir hálfri öld. Stefan Larson, sem áður starfaði hjá Old Navy, tekur við en enginn annar en Lauren hefur setið í framkvæmdastjórastólnum fyrr. Lauren mun þó áfram gegna hlutverki stjórnarformanns og listræns ráðgjafa.

Ralph Lauren hefur verið einn áhrifamesti tískuhönnuður heims svo árum skiptir og ekki úr vegi að rifja upp hvaða áhrif hann hefur haft á tískuna. Í raun er það ótæmandi listi en hér eru nokkrir hápunktar.

**JAKKAFÖT FYRIR KARLA OG KONUR**
Klæðskerasniðin jakkaföt á karla jafnt sem konur vöktu fyrst athygli í myndum á borð við The Great Gatsby og Annie Hall á áttunda áratug síðustu aldar, en þar tóku þau Robert Redford og Diane Keaton sig vel út í aðsniðnum jakkafötum. Þau hafa átt vinsældum að fagna hjá báðum kynjum allar götur síðan.

**SAFARI-ÁHRIF**
Ralph Lauren setti Afríkuskotna fatalínu á markað snemma á níunda áratugnum. Eftir það hafa stórborgarbúar klæðst grænum eða beige-lituðum safarískyrtum og síðum stuttbuxum þótt þeir hafi aldrei nokkurn tíma svo mikið sem farið út fyrir heimabyggðina.

**LITRÍKIR PÓLÓBOLIR**
Litríkir pólóbolir og amerísku fánalitirnir í fatnaði eru fyrirbæri sem tengja við Ralph Lauren. Sömuleiðis tennis- og reiðfatnað til daglegra nota.

**BLEIKIR SÍÐKJÓLAR**
Ralph Lauren klæddi leikkonuna Gwyneth Paltrow í púðurbleikan síðkjól fyrir Óskarðsverlaunahátíðina 1999, sem var árið sem hún hreppti hnossið. Fram að því höfðu bleikir síðkjólar ekki þótt hæfa á rauða dreglinum en hafa verið algeng sjón síðan.

**KÚREKAFATNAÐUR**
Ralph Lauren hefur alltaf verið trúr uppruna sínum og er kúrekastíllinn aldrei langt undan þegar hann er annars vegar. Það er ekki síst vegna hans sem flestum þykir sjálfsagt að klæðast kögri og kúrekastígvélum þótt þeir hafi ekkert með villta vestrið að gera. Ralph Lauren hefur líka kennt okkur að Denim on Denim er alltaf val.

**Heimild: look.co.uk.**



**BÆÐI FYRIR KARLA OG KONUR** David Beckham tekur sig vel út í klæðskerasniðnu.



**VILLTA VESTRIÐ** Lauren gerði kúrekafatnað almennan.

100 bílar bílasala .is



Kia Sportage EX, 5 /2014, ek 60 þús km, sjsk, dísel, ásett verð 4890 þús , er á staðnum raðnr 210168.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**TOYOTA URBAN CRUISER**

12/10. Disel, 4x4, 6 gíra, ek. 44 þ.km, svartsans. Upphækkaður að framan. Verð 2,2 mkr, í beinni sölu. Uppl. 893 3137

**ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR**

Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bátar



Til sölu trilla með vagni á 599þ. Frábært verð á skemmtibát. Uppl. 820-5181

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Hreingerningar

Tek að mér heimilisþrif og fleira. Hef mikla reynslu.S 847 6277.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

Alhliða málningarþjónusta. Afsláttur f. eldri borgara. Sími 776-0000

**REGNBOGALITIR**

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Inni og úti málun, sprungu og múrviðgerðir. Vönduð vinna, snyrtimennska. S. 787 4594 & 691 3249

**INNIMÁLUN**

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896 5778

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**NÝJAR VÖRUR**

Mikið úrval af slám verð 7990 húfur með ekta kanínu dúsk 3590 margir litir hattar 3990 gallastredsbuxur 7990. Stærð 34-50. Súpersól/ Noon, Hólmasel 2, 109 Reykjavík. Sími 5870077 / 5672077 erum á facebook




myranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**ÁTT ÞÚ SÍMA SEM ÞÚ ERT HÆTTUR AÐ NOTA?**

Er að leita biluðum símum borga vel fyrir símana. www.facebook.com/biladursimi s. 7807459

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

## til sölu

# Tækjamiðlun - Sala - Innflutningur





**Volvo FM9 380**
Árgerð 2005
415.507 km
**5.500.000** án vsk.



**Man 14.284**
Árgerð 2000
405.176 km
**1.850.000** án vsk.



**Scania R420 4x2**
Árgerð 2005
265.421 km
**4.500.000** án vsk.



**Iveco Tracker**
Árgerð 2008
112.737 km
**7.490.000** án vsk.



**Scania 113M**
Árgerð 1995 - 629.366 km
Hiab 140 krani
**3.500.000** án vsk.

Vinnuvélar

Vinnuvélar- tækjamiðlun ehf er systurfyrirtæki Jötunn Véla og sérhæfir sig í sölu, miðlun og innflutningi vinnuvéla og vörubíla. Markmiðið er að vera leiðandi söluaðilli notaðra vinnuvéla og vörubíla á Íslandi með fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

**Vantar fleiri vinnuvélar og vörubíla á söluskrá og á staðinn.**

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



# ALLTAF GOTT ÍSVEÐUR

*Nýttu þér góða ísverðið í Iceland því það er alltaf tími fyrir ljúffengan ís.*




Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

Iceland

## Stutt gaman hjá Auði Ýri í Ásgarði



Ingvar Guðjónsson, einn af þremur þjálfurum Hauka, ber Auði Ýri Ólafsdóttur, leikstjórnanda liðsins, í örmum sér af velli eftir að Auður sneri sig á ökkla í fyrsta leikhluta. Hún gat ekki snúið aftur vegna meiðslanna en Haukarnir unnu samt leikinn með ellefu stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Titill númer fimmtán í augsýn

**Domino's-deild karla í körfubolta hefst í kvöld með þremur leikjum. Hafi pressa verið á FH-ingum í Pepsi-deildinni í sumar þá er hún alls ekki minni á stjörnum prýddu og sigursælu liði KR-inga í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** ÍR-ingar hafa í meira en hálfa öld getað kallað sig sigursælasta körfuboltalið landsins en nú eru blikur á lofti. Lengi leit út fyrir að Njarðvíkingar væru líklegastir til að ná Breiðhyltingum en Njarðvíkingar hafa ekki unnið stóra titilinn í að verða áratug og þess í stað eru það KR-ingar sem stefna nú hraðbyri á toppinn.

KR vann Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð síðasta vor og um leið í fimmta skiptið á síðustu níu árum. Þá svart-hvítu vantar því aðeins einn titil til að ná ÍR.

### Unnu fimmtánda titilinn árið 1977

ÍR-ingar unnu fimmtánda titil sinn vorið 1977 og voru þá tíu titlum á undan erkifjendum sínum úr Vesturbænum. Njarðvíkingar unnu sinn tólfta Íslandsmeistaratitil á rúmum tveimur áratugum árið 2002 en hafa síðan aðeins bætt einum við og hann kom í hús fyrir níu árum. Gullöld KR hefur tekið við og enginn endir á henni í augsýn. Metin eru við sjóndeildarhringinn.

KR-ingar, Íslandsmeistarar síðustu tveggja ára, eru ekki aðeins með lið fullt af landsliðsmönnum og besta Kana deildarinnar síðustu ár (Michael Craion) því þeir gerðu gott enn betra og fengu til sín einn besta leikstjórnanda landsins (Ægi Þór Steinarsson).

KR-liðið hefur unnið 21 og 20 leiki síðustu tvö ár en með þennan mannskap er engin ástæða til annars en að stefna á 22 sigra (í 22 leikjum) á þessu tímabili. Hafi verið pressa á FH-ingum í fótboltanum síðasta sumar þá verður hún alls ekki minni á körfuboltaliði KR í vetur. Liðið var aðeins sex stigum frá fullu húsi í spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna og ekki að ástæðulausu. Allt annað en fimmtándi titillinn í húsi væru mikil vonbrigði í Vesturbænum og stórfrétt fyrir alla aðra.



Fulltrúar liðanna tólf sem spila í Dominos-deild karla í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tindastóll kom mjög mörgum á óvart með því að ná öðru sætinu á síðasta tímabili en það er ekki hægt að koma á óvart ár eftir ár og nú eru miklu meiri væntingar gerðar til Stólanna. Gömlu mennirnir eru vissulega einu ári eldri en hinir ungu og efnilegu leikmenn liðsins hafa líka bætt við einu ári í reynslubankann. Finninn Pieti Poikola hefur náð frábærum árangri með lið sín en það á eftir að koma í ljós hvort hann nær að byggja ofan á frábært starf Israels Martin eða reynir að breyta of miklu.

### Skref í rétta átt á hverju ári

Haukarnir hafa stigið eitt skref í rétta átt á hverju tímabili undir stjórn Ívars Ásgrímssonar undanfarin ár og eru líklegir til að reyna við eitt skref til viðbótar í vetur. Liðið, sem er nær eingöngu byggt upp á heimastrákum, fór upp 2013, komst í átta liða úrslitin 2014 og fór í undanúrslitin 2015. Haukar eru eitt af liðunum sem verða í baráttunni um annað sætið í vetur.

Stjarnan vann Lengjubikarinn og mætir með spennandi lið til leiks. Justin Shouse er enn á eftir hinum langþráða Íslandsmeistaratitli og mætir hungraður til leiks í flottu formi. Garðbæingar verða með í toppbaráttunni. Fyrir fram er búist við að fjögur efstu liðin skeri sig úr en það má alltaf búast við spútnikliði og eitt þeirra gæti komið úr næsta pakka. Þar eru lið eins og Þór Þorlákshöfn, Grindavík, Njarðvík, FSu og Keflavík.

### Ekkert Suðurnesjalið á topp fimm

Suðurnesin hafa verið höfuðvígi körfuboltans síðustu áratugina en útlitið er ekkert sérstaklega bjart ef marka má árlega spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna. Þar skipa Suðurnesjaliðin þrjú sér í sæti sex, sjö og átta. Það væri sögulegt enda hefur alltaf að minnsta kosti eitt lið frá Suðurnesjum verið með heimavallarrétt í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Þetta er líka í fyrsta sinn í sögu þessarar spár þar sem lið frá Suðurnesjum endar ekki í einu af þremur efstu sætunum.

Það var vitað að bæði Keflavík og Grindavík yrðu í leikmannavandræðum en það var aftur á móti búist við miklu af Njarðvík eftir að liðið samdi aftur við Stefan Bonneau. Hásinarslit Bonneau hafa hins vegar breytt öllu í Ljónagryfjunni og takmarkanir leikmannahópsins urðu um leið enn meira áberandi.

Það er samt alltaf hættulegt að vanmeta liðin þrjú sem hafa saman unnið 23 af síðustu 32 Íslandsmeistaratitlum. Endurnýjunin hefur ekki verið í sama gæðaflokki og áratugina á undan en „pressuleysið" gæti gert mörgum leikmönnum liðanna gott. Það er líka enginn í Keflavík, Njarðvík og Grindavík að fara að sætta sig við sjötta sætið, hvað þá það sjöunda eða áttunda.

### Spútnikliðið frá Suðurlandi?

Suðurlandið á tvo fulltrúa í deildinni í ár og bæði liðin fóru alla leið í undanúrslit Lengjubikarsins. Nýliðar FSu burstuðu bæði Njarðvík og Keflavík á leið sinni þangað og Þórsarar eru búnir að endurheimta Nat-vélina (Ragnar Nathanaelsson) sem breytir miklu fyrir liðið.

Nýliðar Hattar verða að berjast fyrir lífi sínu í deildinni en ÍR og Snæfell, sem misstu bæði af úrslitakeppninni í fyrra, hafa þurft að horfa á eftir lykilmönnum síðustu árin og það bættist í þann hóp í sumar. Óvissan í kringum leikmannahóp þeirra og lítil reynsla gætu orðið báðum liðum að falli í vetur.

ooj@frettabladid.is

## Nýjast

**Dominos deild kvenna**

**Stjarnan - Haukar 75-86**

**Stigahæstar:** Chelsie Schweers 31, Margrét Kara Sturludóttir 11/11 frák. - Helena Sverrisdóttir 35/15 frák./7 stoðs.

Meistaraefnin í Haukum unnu góðan sigur á nýliðunum þar sem Helena fór á kostum í endurkomuleiknum í íslenska boltann.

**Valur - Keflavík 92-88**

**Stigahæstar:** Karisma Chapman 36/19 frák., Bergþóra Holton 19. - Melissa Zorning 35, Guðbjört Júlíusdóttir 10.

Kanarnir fóru á kostum í Hlíðarenda þar sem Valsliðið byrjaði á góðum sigri.

**Hamar - Snæfell 61-78**

Íslandsmeistararnir byrjuðu á sigri í Hveragerði. Engin tölfræði barst frá leiknum vegna rafmagnsvandræða í húsinu.

ÍSLAND 4. STYRKLEIKAFLOKKI

Strákarnir okkar verða í fjórða og neðsta styrkleikaflokki þegar dregið verður til riðlakeppni EM 2016 þann 12. desember. Styrkleikaröðunin var gefin út í gær, en Ísland þurfti sigra gegn Lettum og Tyrkjum til að eiga möguleika á að klífa upp í þriðja styrkleikaflokk. Strákarnir luku keppni með tveimur jafnteflum og einum tapleik gegn Tyrklandi.

KRISTJÁN Í BREIÐHOLTIÐ

Kristján Guðmundsson var í gær ráðinn þjálfari Leiknis í Breiðholti sem féll úr Pepsi-deild karla í fótbolta í sumar. Leiknir var þar að spila í fyrsta sinn í sögu félagsins og sögðu þjálfarar liðsins, Freyr Alexandersson og Davíð Snorri Jónasson, upp störfum eftir að liðið féll. Kristján hefur áður þjálfað Þór, Keflavík og Val.

Frábær ráðning hjá minum mönnum! Nú þurfa bara #leiknisljonin að ná upp sömu stemningu og í sumar! #leiknir.

Garðar Gunnar Ásgeirsson
@gardargunnar

GYLFI Í ÚRVALSLIÐINU

Gylfi Þór Sigurðsson, landsliðsmaður í fótbolta, var valinn í úrvalslið undankeppni EM 2016 af evrópska knattspyrnusambandinu, en Gylfi spilaði frábærlega með strákunum okkar í undankeppninni. Gylfi er á þriggja manna miðju með Steven Davis frá Norður-Írlandi og David Alaba frá Austurríki. Framlínan er heldur betur glæsileg í þessu úrvalsliði, en þar eru Gareth Bale, Robert Lewandowski og Thomas Müller.



Gylfi Þór skoraði sex mörk af miðjunni í undankeppninni og gaf þrjár stoðsendingar. Ashley Williams, samherji Gylfa hjá Swansea, er í varnarlínu úrvalsliðsins hjá UEFA.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | ÍR - Tindastóll | Hertz Hellirinn |
| 19.15 | Haukar - Snæfell | Schenkerh. |
| 19.15 | FSu - Grindavík | Iða |
| 19.30 | Valur - Víking. | Vodafonehöll |
| 19.30 | Grótta - ÍR | Hertz höllin. |
| 20.00 | Fram - UMFA | Framhús |



ego dekor
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM
ORLANDO HORNSÓFI
Stærð: 317X212cm
Verð: 258.000,-
ORLANDO TUNGUSÓFI
Stærð: 243X165cm -færanleg tunga
Verð: 159.900,-
TILBOÐSVERÐ: 143.910,-
ERIC TV SKENKUR -HNOTA/HVÍTT MATT
Breidd: 210cm
Verð: 159.900,-
GIBSON TUNGUSÓFI
Stærð: 297X172cm
Verð: 238.000,-
STÆKKANLEGT BORÐ Í HNOTU
Stærð: 160(248)X100cm
Verð: 189.000,-
ERIC SKENKUR -HNOTA/HVÍTT MATT
Breidd: 170cm -Verð: 159.900,-
Breidd: 224cm -Verð: 219.000,-
OLÍA Á STRIGA
Stærð: 100X100cm
Verð: 9.900,-
MILO STÓLL
Verð: 17.900,-
ENZO ARMSTÓLL
Verð: 35.000,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun 13.00 - 16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

# Tíu tímamótaleikir í tölum



**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta endurskrifaði íslenska íþróttasögu með því að tryggja sér sæti á stórmóti í fyrsta sinn en liðið spilaði sinn tíunda og síðasta leik í Tyrklandi á þriðjudagskvöldið. Fréttablaðið skoðar í dag hvernig strákarnir okkar tryggðu sér sæti í úrslitakeppni EM í Frakklandi 2016 út frá nokkrum athyglisverðum tölum úr undankeppninni.**




## 20

**Íslenska landsliðið** náði nú í fyrsta sinn í 20 stig í undanriðli fyrir stórmót og bætti metið frá því í síðustu undankeppni um þrjú stig.



## +11

**Íslenska liðið** var með markatöluna 17-6 í 10 leikjum sínum í A-riðli og hefur aldrei áður verið með betri markatölu í einni undankeppni. Gamla metið var frá því í undankeppni EM 2000 þegar liðið var með 5 mörk í plús (12-7).

## 6&6

Talan 6 er táknræn fyrir **varnarleik íslenska** liðsins í undankeppni EM 2016 því íslenska liðið fékk sex mörk á sig og hélt sex sinnum hreinu í tíu leikjum. Ísland hafði mest áður haldið fimm sinnum hreinu í einni undankeppni.

## 2 AF 9

Íslenska liðið náði aðeins í **tvö af níu stigum í boði í síðustu þremur leikjum sínum** í A-riðlinum. Það voru bara Lettar (1 stig) sem fengu færri stig í síðustu þremur umferðum riðilsins.



## 6

**Gylfi Þór Sigurðsson** var markahæsti leikmaður íslenska liðsins í riðlinum en hann skoraði sex mörk í leikjunum tíu. Eiður Smári Guðjohnsen skoraði líka 6 mörk í undankeppni HM 2006.

## 1

**Ragnar Sigurðsson** var eini leikmaður íslenska liðsins sem spilaði allar 900 mínúturnar í leikjum Íslands í undankeppninni. Gylfi Þór Sigurðsson kom næstur með 889 mínútur og Birkir Bjarnason var inni á vellinum í 867 mínútur.



## 8

leikmenn skoruðu fyrir íslenska liðið í undankeppninni. **Gylfi Þór Sigurðsson** skoraði 6 mörk og **Kolbeinn Sigþórsson** var með 3 mörk en þeir **Aron Einar Gunnarsson** og **Birkir Bjarnason** skoruðu báðir tvö mörk. **Eiður Smári Guðjohnsen**, **Jón Daði Böðvarsson**, **Ragnar Sigurðsson** og **Rúrik Gíslason** komust líka allir á blað.

## 0

Íslenska liðið tapaði ekki leik á **Laugardalsvellinum** í þessari undankeppni og er það í fyrsta sinn sem íslenska karlalandsliðið er taplaust á heimavelli í einni undankeppni.



## 22+2

**Birkir Bjarnason** fiskaði bæði flestar aukaspyrnur (22) og flestar vítaspyrnur (2) í keppninni. Birkir fékk vítaspyrnu í báðum leikjum Íslands á móti Hollandi. Gylfi Þór Sigurðsson fékk næstflestar aukaspyrnur, einni fleiri en fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson.



## 94%

**Theódór Elmar Bjarnason** var með besta sendingarhlutfallið innan íslenska liðsins samkvæmt opinberri tölfræði UEFA en 144 af 154 sendingum hans heppnuðust. Sendingar Ragnars Sigurðssonar (396 af 442) og Emils Hallfreðssonar (197 af 218) heppnuðust einnig í 90 prósentum tilvika.



## 10

**Gylfi Þór Sigurðsson** var maðurinn á bak við 10 af 17 mörkum íslenska landsliðsins í A-riðlinum. Hann skoraði sex mörk sjálfur, gaf þrjár stoðsendingar og þá var fylgt á eftir einu skota hans. Birkir Bjarnason átti þátt í fimm mörkum og Kolbeinn Sigþórsson átti þátt í fjórum mörkum.



## 1-45

Íslenska landsliðið fékk ekki á sig eitt einasta mark á fyrstu 45 mínútum leikja sinna í keppninni. Eina markið sem íslensku strákarnir fengu á sig í fyrri hálfleik kom í uppbótartíma fyrri hálfleiks úti í Tékklandi.

## 36

**Íslenska karlalandsliðið** náði í 36 stig út úr 20 leikjum sínum í fyrstu tveimur undankeppnum sínum undir stjórn Svíans Lars Lagerbäck (HM 2014 og EM 2016) en var bara með samtals 34 stig í húsi í fimm undankeppnum sínum frá EM 2004 til EM 2012.

## 15

Eitt af fáum metum sem féllu ekki var **markamet íslenska liðsins** frá því í undankeppni HM 2014. Íslensku strákarnir skoruðu bara tvö mörk í þremur síðustu leikjum sínum í A-riðlinum og enduðu með 15 mörk í 10 leikjum eða tveimur mörkum færra en í undankeppni HM 2014.

## 4%

Íslenska landsliðið var **yfir í 398 mínútur** í tíu leikjum sínum í A-riðlinum (44 prósent leiktímans) en mótherjar liðsins voru aftur á móti aðeins yfir í samtals 35 mínútur eða 4 prósent leiktímans.

## 36-6-13

**Eiður Smári Guðjohnsen** bætti met **Guðna Bergssonar** yfir lengsta landsliðsferilinn þegar hann spilaði (18 ár – 11 mánuðir – 5 dagar) og skoraði á móti Kasakstan í mars en Eiður varð um leið sá fjórði elsti til að skora í undankeppni EM frá upphafi á eftir þeim Jari Litmanen, John Aldridge og Krasimir Balakov (36 ára, 6 mánaða og 13 daga).


Símafélagið
Áreiðanleg, traust og afkastamikil fjarskiptanet og upplýsingakerfi fyrir fyrirtæki
Símafélagið ehf.
Stórhöfða 23 | sími 415 1500
www.simafelagid.is | simafelagid@simafelagid.is



✝

Ástkær móðursystir okkar,

**Kristín Jóhannsdóttir**
Austurbrún 2, Reykjavík,

lést að Droplaugarstöðum að kvöldi 12. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 16. október kl. 13.00.

**Brynjólfur Magnússon**
**Ragnhildur Haraldsdóttir**
**Oddný Björgólfsdóttir**
**Björgólfur Stefánsson Björgólfsson**
**Jóhann Björgólfsson**



✝

Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir, afi og bróðir,

**Kristgeir Hákonarson**

lést á heimili sínu sunnudaginn 11. október.

**Berglind Kristgeirsdóttir**
**Arnar Már Guðmundsson**
**Reynir Sæmundsson**
**Finnbjörg Konný Hákonardóttir**
**Steinunn Helgu Hákonardóttir**
**Kristborg Hákonardóttir og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýndan hlýhug og samúð við andlát og útför

**Guttorms V. Þormar**
Geitagerði í Fljótsdal.

**Ragnheiður Þormar**
**Gunnlaugur Sigurðsson**
**Vigfús Þormar**
**Jóhanna Þormar**
**Hermann Ottósson**
**Skeggi Þormar**
**Stefán Þormar**
**Kristjana V. Jónatansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Tómas Grétar Ólason,**
verktaki,
Borgarholtsbraut 73, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 4. október.
Útför hans fer fram frá Hvalsneskirkju laugardaginn 17. október kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktar- og minningarsjóð skáta, kt. 440169-2879, reikningsnr. 313-26-44169, eða Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð, sími 560-4100, sunnuhlid.is.

**Margrét Tómasdóttir**
**Matthías G. Pétursson**
**Anna Guðrún Tómasdóttir**
**Matthías Kjartansson**
**Guðlaug Þóra Tómasdóttir**
**Daníel Þór Ólason**
**Magnea Tómasdóttir**
**Pétur Gauti Valgeirsson**
**afa- og langafabörn.**



✝

Elsku mamma mín, unnusta, tengdamamma, dóttir, systir, mágkona og frænka,

**Elín Hanna Jónsdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Bakkaseli 16,

lést þann 8. október 2015.
Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 16. október kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á vinnustað hennar, geðdeild Landspítalans 33A. Reikningsnúmer 0162-05-263926, kt. 260875-4509.
Jarðsett verður síðar í Svínavatnskirkjugarði.

**Berglind Hönnudóttir**
**Baldur Þór Bjarnason**
**Sigurður Steinar Jónsson**
**Jón Atli Sigurðsson**
**Jón Sigurgeirsson**
**Ingibjörg Sigurvinsdóttir**
**Hildur Lilja Jónsdóttir**
**Kristján Pétursson**
**Jón Sigurgeir Jónsson**
**Tinna Halldórsdóttir**
**Svala Sigríður Jónsdóttir**
**Svavar Birkisson**
**Róbert, Petrína Inga, Halldór Snær, Krista Guðrún, Sverrir Bjarki, Tóbías Þorri og Rakel Emma**



Höfundakvöldin hafa verið gríðarlega vinsæl og vel sótt. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Bubbi Morthens les upp ljóð sín á Höfundakvöldi

**Höfundakvöld í Gunnarshúsi er í kvöld. Þar lesa skáldin Bubbi Morthens, Linda Vilhjálmsdóttir og Óskar Árni Óskarsson upp úr nýjustu verkum sínum.**

„Á hverju kvöldi koma fram tvö til þrjú skáld, lesa úr nýútkomnum bókum sínum og spjalla um þær við spyril og við áhorfendur. Í kvöld verða það Bubbi Morthens, Linda Vilhjálmsdóttir og Óskar Árni Óskarsson sem ríða á vaðið á fyrsta höfundakvöldinu,“ segir Kristín Svava Tómasdóttir, rithöfundur og einn meðlima í húsráði Rithöfundasambandsins. Ásamt henni skipa ráðið Bryndís Björgvinsdóttir, Þórdís Gísladóttir og Hallgrímur Helgason. Spyrill kvöldsins er Haukur Ingvarsson.

„Síðastliðið haust blés nýstofnað húsráð Rithöfundasambands Íslands til vikulegra höfundakvölda í Gunnarshúsi, húsi sambandsins á Dyngjuvegi,“ segir Kristín Svava og segir markmið höfundakvöldanna að auka líf í Gunnarshúsi. „En ekki síður til að hvetja til dýpri umræðu um nýjar bækur í jólabókaflóðinu og skapa vettvang þar sem höfundar fengju meira rými og tíma til þess að kynna verk sín.“

> **Ekki síður til að hvetja til dýpri umræðu um nýjar bækur í jólabókaflóðinu og skapa vettvang þar sem höfundar fengju meira rými og tíma til að kynna verk sín.**
>
> Kristín Svava Tómasdóttir rithöfundur

Kristín segir höfundakvöldin hafa gefið reglulega góða raun. „Kvöldin tókust vonum framar og því var ákveðið að endurtaka leikinn.“

Höfundakvöldin verða að þessu sinni átta talsins og fara fram í Gunnarshúsi á fimmtudagskvöldum frá 15. október til 3. desember. Höfundakvöldin hefjast kl. 20.00. Aðgangseyrir er 1.000 krónur og veitingar eru innifaldar.

**olof@frettabladid.is**



✝

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar og tengdamóðir,

**Sigríður Gröndal**
söngkona,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 7. október.
Útförin verður gerð frá Hallgrímskirkju föstudaginn 16. október kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið, endurhæfingarmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.

**Kristinn Gestsson**
**Kristín Halla Kristinsdóttir**
**Friðþjófur Þorsteinsson**
**Atli Þór Kristinsson**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Auður Katrín Sólmundsdóttir**
frá Hátúni, Stöðvarfirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Austurlands í Neskaupstað þann 6. október, verður jarðsungin frá Stöðvarfjarðarkirkju laugardaginn 17. október kl. 14.00.

**Sólmundur Jónsson**
**Auður Guðmundsdóttir**
**Viðar Jónsson**
**Heiðdís Guðmundsdóttir**
**Sólveig Jónsdóttir**
**Pétur Skarphéðinsson**
**ömmu- og langömmubörn.**









# UM HJÖRTU MANNANNA

## OPINN FRÆÐSLUFUNDUR

### UM HJARTASJÚKDÓMA OG ERFÐIR

**ALLIR VELKOMNIR**

**laugardaginn 17. október kl. 14:00 - 15:30**

í fyrirlestrasal *Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE)*, Sturlugötu 8

ERINDI FLYTJA



**Davíð O. Arnar**
hjartalæknir, Landspítala

Hjartsláttartruflanir



**Guðmundur Þorgeirsson**
hjartalæknir, Landspítala

Kransæðasjúkdómur



**Hilma Hólm**
hjartalæknir, Landspítala og ÍE

Hjartasjúkdómar og erfðir



**Kári Stefánsson**
læknir og erfðafræðingur, ÍE

Af öllu hjarta

Á vefnum getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir okkar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.

decode.is/fundir

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Í samráði við Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga

HjartaHeill

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag verða suðvestan 8 til 13 metrar á sekúndu á landinu, en þó gæti verið heldur hvassara nyrst. Með hlýju lofti kemur raki og því má búast við súldarlofti sunnan og vestanlands en útlit fyrir bjartviðri um austanvert landið.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 8° | 6° | 6° |
| ↑8 | ↗16 | ↗14 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 6° | 5° | 1° |
| ↑4 | ↘1 | ↑13 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 7° | 8° |
| ↑13 | ↑20 | ↑12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 5° | 4° |
| ↑3 | ↙4 | ↑16 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. eftir hádegi
8. tangi
9. hljóð rjúpunnar
11. í röð
12. gengi
14. háð
16. drykkur
17. bar
18. spendýr
20. persónufornafn
21. kvenflík

**LÓÐRÉTT**
1. iðja
3. utan
4. ávaxtatré
5. suss
7. holdýr
10. blaður
13. í hálsi
15. rótartauga
16. skaði
19. þófi



**LÁRÉTT:** 2. sápu, 6. eh, 8. nes, 9. rop, 11. rs, 12. kliku, 14. spott, 16. te, 17. krá, 18. api, 20. ég, 21. píls. **LÓÐRÉTT:** 1. verk, 3. án, 4. perutré, 5. uss, 7. holsepi, 10. píp, 13. kok, 15. tága, 16. tap, 19. il.

### Skák Gunnar Björnsson

Sergei Karjakin (2759) átti leik gegn Magnus Carlsen (2914) á heimsmeistaramótinu í hraðskák. Hann missti þó af mögnuðum leik.



**Svartur á leik**
Hinn magnaði **1...Ha1!!** vinnur skákina strax. Karjakin valdi aðra leið en vann þó um síðir. Alexander Grischuk varð heimsmeistari í hraðskák. Carlsen varð aðeins sjötti. Jóhann og Hannes Hlífar urðu efstir Íslendinga.
**www.skak.is:** Íslandsmót ungmenna um helgina.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | 4 | 7 | | 1 | |
| 9 | | 5 | 1 | 2 | | | 6 | 7 |
| | | 7 | | 5 | | 2 | | |
| 2 | | 8 | | | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | | 9 | | | | | | 5 |
| | 1 | | | | | 9 | 8 | |
| 4 | | | | 3 | 8 | | | |
| | 9 | | 7 | | | | | |
| | 8 | 1 | | | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | | 2 | | |
| 4 | | 6 | 8 | | | | | 9 |
| | 3 | 7 | | | | | 6 | |
| | | 8 | | | 1 | 6 | | |
| 3 | | 9 | | | 4 | | 7 | |
| 7 | 2 | | | 6 | | | | 5 |
| | 8 | | | | 2 | | | 4 |
| 9 | 7 | 4 | | | 8 | | | |
| | | | | | 9 | | 3 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 6 | | |
| | 4 | | | | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | | | | 4 | | 7 | | 9 |
| | 5 | | 3 | | | | | |
| | | | 8 | | 2 | | | |
| | | | | 6 | 1 | | | |
| | 6 | | | 2 | | 3 | 5 | 7 |
| | | 4 | | | | | | |
| 3 | 9 | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 1 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 7 | 1 | 4 | 3 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 1 | 8 | 6 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 2 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 4 | 7 | 2 | 9 | 3 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 4 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 |
| 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 |
| 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 6 | 1 | 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 |
| 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 5 | 8 |
| 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 8 | 3 | 7 | 6 | 9 |

## Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF SPENNANDI NÝJUNGUM

### U31
FULL HD IPS 1920x1080 SKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

80M5003MMT

**FISLÉTT ULTRABOOK FARTÖLVA**

Ný kynslóð léttari og öflugri fartölva með öflugra þráðlausu neti, enn hraðari SSHD harðdisk og kristaltæru Dolby DS hljóðkerfi.

- Intel Core i5-5200U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 128GB SSD ofur hraður diskur
- 13.3" FHD IPS Anti-Glare 1920x1080
- 2GB GeForce GT 920M leikjaskjákort
- 867Mbps Dual WiFi AC, BT 4.0, USB 3.0
- 2.0 Dolby DS Home Theater hljóðkerfi
- Motion Control HD vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

Motion Control — Nú getur þú stýrt helstu aðgerðum með því einu að benda Lenovo fartölvunni þinni á hvað hún á að gera ;)

Lenovo

**149.900**
FISLÉTT Í SKÓLATÖSKUNA;)

### 1TB Slim
KEMUR Í FJÓRUM LITUM!

SEAGATE

**HÁGÆÐA FERÐAFLAKKARI**

- Örsmár Seagate USB3.0 ferðaflakkari
- Einstaklega falleg Slim Metal hönnun
- Fær straum úr USB tengi
- Hugbúnaður fyrir PC, MAC og snjallsíma
- One-Click Plan afritunarhugbúnaður
- Örþunnur og fisléttur aðeins 150 gr.
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

**14.900**
2TB AÐEINS 21.900

### APPLE WATCH
SPORT 38mm

3 LITIR

38 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ! ALGENGT VERÐ 117.995

**HÁGÆÐA SNJALLÚR**

- 1.32" Retina snertiskjár með Ion-X gleri
- Með force touch þrýstinæmum skjá
- Allar tilkynningar koma beint í úrið
- Allar aðgerðir með Siri raddstýringu
- Púlsmælir, loftþrýsingsmælir, GPS
- Sterkbyggt vatns- og rykþolið
- All day rafhlaða sem endist í allt að 18 klst

**79.900**
42mm 1.5" AÐEINS 99.900

### E5-552
3 LITIR

acer

1920x1080 FHD ANTI-GLARE SKJÁR MEÐ BLUELIGHT SHIELD

- AMD A10-8700P Quad Core 3.2GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FHD LED Anti-Glare 1920x1080
- 8GB AMD R6 Carrizo DX12 skjákjarni
- 2.0 TrueHarmony Wide Range hljóðkerfi
- 1300Mbps WiFi MU-MIMO, BT 4.1, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 8.1 & Windows 10 Update!

**149.900**
FÆST Í 3 LITUM

### MacBook Air 13" 256GB SSD
2015

20 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ! ALGENGT VERÐ 249.990

ÞÚ FÆRÐ MACBOOK Á BETRA VERÐI MEÐ ÍSLENSKUM LETUR LÍMMIÐUM — EN BETRA VERÐ

- Intel Core i5-5250U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 13.3" HD LED Glossy 1440x900 skjár
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Li-Polymer rafhlaða allt að 12 tímar
- Apple OS X Yosemite stýrikerfi

**229.990**
ÖRÞUNN OG FISLÉTT!

### B3-A10
ICONIA

1280x800 IPS HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN

NÝ KYNSLÓÐ ÖRÞUNN AÐEINS 9.2mm OG 510gr

TRUE OCTA CORE ALVÖRU 8 KJARNA ÖRGJÖRVI SEM NÝTIR ALLA 8 KJARNA!

**STÓRGLÆSILEG SPJALDTÖLVA**

Ný kynslóð öflugri og þynnri spjaldtölva frá Acer með ótrúlegum 10" HD IPS fjölsnertiskjá, alvöru 8ja kjarna örgjörva og silkiskorið bak;)

- 10" HD IPS fjölsnertiskjár 1280x800
- Octa Core 1.7GHz MT8151 örgjörvi
- Quad-Core Mali 450MP4 4K skjákjarni
- 16GB SSD flash og allt að 128GB microSD
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0 og GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 9 tímar
- Tvær vefmyndavélar FHD 5MP og 0.3MP
- Örþunn aðeins 9.2mm og fislétt 510gr
- Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita

acer

**39.900**
NÝ OCTA CORE FRÁ ACER!

### HP G3 255
G3 255 **59.900**

Glæsileg 15.6" fartölva með Dual Core örgjörva, 4GB minni, 500GB disk og uppfærslu í Windows 10

**15.6" HP G3 255**

### Herschel
VERÐ FRÁ **12.900**

LOKSINS LENTAR!

**HERSCHEL ER LENT!**

### Chromecast 2
2nd GEN **9.990**

GOOGLE CHROMECAST 2

Breyttu sjónvarpinu í snjallsjónvarp með Chromecast 2. Þú stjórnar snjallsjónvarpinu þínu með hvaða snjalltæki sem er ;)

Google

**CHROMECAST 2**

### OCZ Trion 100
TRION 100 **16.900**

3 ÞÚSUND AFSLÁTTUR VERÐ ÁÐUR 19.900

3 ÁRA ÁBYRGÐ

**240GB SSD DISKUR!**

## OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

2011 - 2014 Framúrskarandi fyrirtæki

acer · Lenovo · hp · KOSS · TOSHIBA · THONET & VANDER · Microsoft · intel Security

14.Október 2015 • Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

# Það er vandi að lifa en ég er sátt




**Jenna Jensdóttir rithöfundur hefur auðgað líf íslenskra barna með bókum sínum. Þar ber sögurnar um Öddu hæst. Hátíðardagskrá til heiðurs Jennu verður á sunnudaginn í Félagsheimili Seltjarnarness. Jenna er 97 ára og hefur enn miklu að miðla.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Jenna Jensdóttir situr á stól milli tveggja glugga í herbergi sínu á Hrafnistu í Reykjavík. Æðruleysi, viska og góðmennska skín úr svipnum. „Ég veiktist og lenti á spítala og ákvað þar að fara ekki heim aftur. Ég elska samt húsið mitt á Seltjarnarnesinu, þaðan sé ég himin, haf og land – en ég elska líka fólkið mitt og vil ekki að það hafi stöðugar áhyggjur af mér einni heima. Það er vandi að lifa en ég er sátt. Mér var ungri kennt samhengið milli orsaka og afleiðinga svo ég hugsaði, ég flyt bara í einhverja litla kompu, hef ekkert með mér og loka fortíðinni. Tók bara með mér tölvuna og örfáar myndir sem ég hef fengið á vegferð minni,“ segir hún og bendir meðal annars á teikningu af eiginmanni sínum, Hreiðari Stefánssyni, sem nú er látinn fyrir 20 árum. Líka myndir eftir grænlenska listamanninn Hans Lynge. „Hér fæ ég að borða en ég væri andlega hungruð ef vinir mínir kæmu ekki til mín.“

Nú kemur starfstúlka á Hrafnistu inn og býður Jennu bólusetningu gegn inflúensu, því hafnar hún kurteislega. „Ég hef aldrei viljað láta sprauta mig, ekki einu sinni þegar ég fór til Kína og ég var eina manneskjan sem veiktist aldrei.“

### Adda er sönn

Herbergið hennar Jennu er langt frá því að vera lítil kompa. Það er vistlegt og í einu horninu er tölvan sem hún segist enn skrifa á daglega. Eftir hana og mann hennar Hreiðar liggja 27 bækur. Þar ber Öddubækurnar hæst og þær eru eftir Jennu. Spurð hvort um brot úr sjálfsævisögu sé að ræða svarar Jenna stutt og laggott. „Adda er sönn. Ég þekkti fólk sem tók að sér vegalaust barn, litla stúlku og umvafði hana. Þá sannfærðist ég um að það eru ekki endilega blóðbönd sem skipta öllu máli, heldur ástúð og kærleikur.“

Jenna og Hreiðar ráku smábarnaskóla á Akureyri í 21 ár og eftir það kenndu þau lengi við Langholtsskóla. Jenna kveðst aðallega hafa kennt unglingum þar. En af hverju hefur hún ekki skrifað ævisögu sína? „Það er ekkert um að skrifa. En þegar ég hugsa um lífshlaupið finnst mér ég hafa verið trú sjálfri mér. Ég er komin af góðu fólki vestur á fjörðum, fæddist í kofaskrifli og er tvíburi. Ása, systir mín, fæddist sólarhring og sjö klukkutímum á undan mér. Móðir mín kvaldist og sköllóttur læknir beið í 31 klukkustund eftir að meira kæmi. Þá dró hann út vesælan líkama með töngum, hálfdauðan, setti hann ofan í bala og togaði hann og teygði. Hvernig þetta gat gerst er stöðugt spurningamerki.“

Jenna talar um hinn mikla eilífa anda en kveðst hafa dálítið horn í síðu presta. „Þeir taka próf upp á að segja manni hvert maður fari. Og þeir búa til himnaríki og helvíti og maður fer að raða hegðun sinni á báða staðina,“ segir hún og viðurkennir að hún beri smá sár á hjartanu enn af því hún hafi ekki fengið að fermast með jafnöldrum sínum, því hún hafi þótt of ódæl. „Það fréttist um alla sveitina að presturinn ætlaði ekki að ferma þennan stelpugarm sem stóð uppi í hárinu á öllum – en fór þó á sjóinn tíu ára til að fiska. Hann ætlaði ekki að ferma hana með hinum. Hún þyrfti að þroskast meira. Þá hætti ég að biðja Guð því mér fannst hann ekki rækta mig á nokkurn einasta hátt. Ég var látin bíða í heilt ár og hafði ekkert batnað. Ása, systir mín, ákvað að bíða líka, mér til sálubótar.

Ég var einu sinni spurð hvernig stæði á því að systir mín væri svona góð og kærleiksrík og ég svona óþekk. Þá sagði ég: „Það er af því hún Ása systir mín finnur öðruvísi til en ég.“ Þetta skrifaði amma mín niður. En ég gat verið góð í mér líka og fannst yndislegt ef ég gat lífgað eitthvað, jafnvel þó það væru bara maðkar. Þá brosti ég. Ég var svolítið öðruvísi en hinir krakkarnir. Það var eitt sinn útskýrt fyrir mér með líkingu við tvíbökur í poka, tvíbökurnar koma fyrst úr pokanum, þá er mylsnan eftir – það er ég.“

### Þar með var ég komin á blað

Jenna kynntist sorginni á unglingsárum þegar móðir hennar lést úr krabbameini frá sjö börnum. „Ég horfði á mömmu deyja, hún var að vagga yngstu systur minni. Nokkru seinna fór ég út í heiminn.“ En hvenær byrjaði hún að skrifa? „Það var stuttu eftir að mamma dó. Ég sendi sögu í samkeppni hjá Útvarpinu og hreppti fyrstu verðlaun, 25 krónur. Þar með var ég komin á blað. Þá rigndi upp í nefið á mér.“

Jenna segir sjónina hafa verið að smádaprast og hún hafi nánast verið orðin blind en hún hafi nuddað augun mikið að hætti Kínverja og alltaf hafi komið slím. „Ég bað líka föður og vin alls sem er að ég fengi að sjá. Fyrir viku síðan var ég að nudda augun og hugsa – ekki er nú mikil bænheyrsla í gangi hér – þá gerðist eitthvað – ég grét í heilan dag, tárin runnu stöðugt, en allt í einu sá ég í kringum mig. Synir mínir sem eru báðir læknar, þeir skilja þetta ekki en einhver er þarna úti, bak við móðuna miklu.“

Á borði hjá Jennu liggur Indíáninn, bók Jóns Gnarr, árituð með fallegum hætti. Jón er meðal þeirra sem taka þátt í hátíðardagskránni á sunnudaginn, ásamt Styrmi Gunnarssyni, Katrínu Jakobsdóttur, Ásgerði Halldórsdóttur, Þorgrími Þráinssyni og Agli Eðvarðssyni. Tónlistaratriði eru í höndum Sigríðar Thorlacius og Hjartar Ingva Jóhannssonar. Sjálf ætlar Jenna að leggja orð í belg. Hún er rík af heilræðum og endar viðtalið á einu slíku. „Þegar maður horfir í saklaus barnsaugu segja þau: hér erum við. Við sem eldri erum verðum að vanda líf okkar til að særa ekki þessar litlu sálir. Svo einfalt er það.“



Tónlistarfólkið Tina Dickow og Helgi Hrafn Jónsson eru á meðal stjarna menningarhátíðarinnar.

## Menningarhátíð Seltjarnarness hefst

**Í DAG**, 15. OKTÓBER.
**Kl. 17** Í Galleríi Gróttu: Setning og sýningin Taktur í 100 ár opnuð.
**Kl. 20** Í Nesi: Landbrot, Helgi Hrafn Jónsson bæjarlistamaður spinnur saman ólíka þræði listforma.
**Kl. 20** Í Nesstofu: Sýning á ljósmyndum Mary Ellen Mark.

**FÖSTUDAGUR** 16. OKTÓBER
**Kl. 11** Í Seltjarnarneskirkju: Bach fyrir börnin.
**Kl. 15** Á bókasafninu: Hvað er að virka – umræður um unglingabækur.
**Kl. 17** Á Eiðistorgi: Lúðrasveit Tónó ásamt sólóistum.
**Kl. 18** Á Eiðistorgi: Pop Quiz.

**LAUGARDAGUR** 17. OKTÓBER
**Kl. 9** Við Systrasamlagið: Morgunhugleiðsla og orkuskot.
**Kl. 9.30** Við sundlaugina: Neshreysti.
**Kl. 10.30** Á Eiðistorgi: Morgunverðarboð fyrir bæjarbúa.
**Kl. 12** Á bókasafninu: Músin Marta.
**Kl. 16** Á Valhúsahæð, Seltjarnarneskirkja: Tónlistarhátíð Nesbúa.
**Kl. 21** Í félagsheimilinu: Tónleikar með Tinu Dickow og Helga Hrafni Jónssyni – uppselt.

**SUNNUDAGUR** 18. OKTÓBER
**Kl. 10** Í kirkjunni: Fræðslumorgunn. Lífið í Hrólfsskála – Frá íslenskri ættarhefð til tóna Bachs.
**KL. 11** Í kirkjunni: Guðsþjónusta.
**Kl. 12** Í kirkjunni: Sýningin Sat ég og saumaði (heimasaumaðir dúkar af heimilum á Nesinu) – Flóamarkaður.
**Kl. 14** Í Félagsheimilinu: Heiðursdagskrá um Jennu Jensdóttur rithöfund.
**Kl. 18** Í kirkjunni: Friðrik Karlsson og Nýjaland.
**Kl. 21** Í félagsheimilinu: Aukatónleikar með Tinu Dickow og Helga Hrafni.


PHILIPS
Philips 7600 línan
Hlaut EISA verðlaunin sem bestu kaupin í Evrópu 2015-2016
7600 línan frá Philips með Android sameinar 4K Ultra HD upplausn, þægileg hljómgæði og þríhliða Ambilight baklýsingu í aðlaðandi blaðþunnri hönnun. Allt sem þú vilt að sé til staðar í sjónvarpi. Og það er margverðlaunað líka. Tækið fæst í þremur stærðum, 48“, 55“ og 65“.
EISA AWARD
Best Product 2015-2016
BEST BUY TV
Philips 55PUS7600
með Android
PHILIPS
Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 AKRANESI S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

# Gítarinn hefur oft bókstaflega bjargað lífi mínu

**KK frumflytur einleikinn Vegbúar á Litla sviði Borgarleikhússins og með í för eru gítararnir hans níu sem allir hafa merkar sögur að segja sem KK og Jón Gunnar Þórðarson draga saman fram í dagsljósið.**

Magnús Guðmundsson
gudsteinn@frettabladid.is

Í kvöld ætlar tónlistarmaðurinn Kristján Kristjánsson, flestum þekktur sem KK, að stíga á Litla svið Borgarleikhússins og frumsýna einleikinn Vegbúar sem hann samdi í samvinnu við Jón Gunnar Þórðarson sem jafnframt er leikstjóri sýningarinnar. Kristján segir að leikhúsið sé honum nú ekki ókunnugt en óneitanlega sé Jón Gunnar leikhúsmaðurinn í tvíeykinu. „Jón Gunnar er búinn að vera lengi að í leikhúsinu þrátt fyrir ungan aldur og innan leikhússins vita allir hver hann er. Hann hefur starfað víða og er menntaður í Englandi þar sem hann vann til að mynda með Kevin Spacey í einhverju Shakespeare-brölti. Við kynntumst fyrir einhverjum átta árum þegar hann setti upp Fool for Love eftir Sam Shepard með leikhópi sem hét Silfurtunglið og þar fékk hann gamla manninn til þess að koma og leika. Þessi sýning gekk ljómandi vel og fékk tvær tilnefningar til Grímuverðlauna. Við mættum að sjálfsögðu þangað og þar varð til þessi hugmynd að búa til leikrit sem byggir á sögu gítaranna minna. Það er það sem við erum svo að fara að sýna í kvöld.

Verkið er sem sagt byggt í kringum mína reynslu af gíturunum í gegnum tíðina og tengist líka ýmsum gítarleikurum s.s. John Lennon, Joe Hill og hinum og þessum snillingum. En gítararnir á sviðinu eru níu talsins, allir úr mínum ranni, en sá elsti er hundrað og fimm ára gamall.

Ég er að segja söguna af því hvernig þessir gítarar hafa komið upp í hendurnar á mér. Þeir hafa svona ratað einhvern veginn til mín. Þessi saga tengist svo stundum heiminum og tónlistinni og hvernig tónlistin hefur stundum breytt gangi mála í heiminum. Það er einn tónn sem lifir og það er sama hvað þeir skjóta menn þá er einn tónn sem lifir. Það er búið að skjóta marga en þeir lifa enn. Þetta fjallar soldið um það og er svona tónninn í þessu.“

Kristján segir að hann tengi þetta líka við sína persónulegu sögu og fjölskyldusögu í gegnum árin. „Hvernig sum lögin hafa orðið til og hvaðan þau spretta. Það tekur alveg soldið á að fara í svona persónulegt verkefni. En ég ræð soldið hversu langt er gengið vegna þess að við skrifum þetta saman, við Jón Gunnar. Maður vill ekki vera að bera allt á torg svo ég fæ að halda aðeins í taumana með þennan persónulega þátt. En reyndar er nú mikið af tónlistinni sem ég hef samið í gegnum árin soldið ævisögulegt og byggir oft á þeirri reynslu sem ég hef öðlast á minni lífsleið. Og reynsla mín er ekkert ólík reynslu allra. Þetta er eins og ef þú hlustar á eitthvert lag og það snertir þig, þá er það út af þeirri reynslu sem þú hefur öðlast í lífinu. Kannski er svipuð reynsla að baki hjá þeim sem samdi lagið og þeim sem hlustaði en hún getur líka verið gjörólík en tengingin og tilfinningarnar skríða samt fram á eigin forsendum. Málið er að það er sammannlegur strengur í tónlistinni og tónninn lifir.“

**MAÐUR VILL EKKI VERA AÐ BERA ALLT Á TORG SVO ÉG FÆ AÐ HALDA AÐEINS Í TAUMANA MEÐ ÞENNAN PERSÓNULEGA ÞÁTT. EN REYNDAR ER NÚ MIKIÐ AF TÓNLISTINNI SEM ÉG HEF SAMIÐ Í GEGNUM ÁRIN SOLDIÐ ÆVISÖGULEGT OG BYGGIR OFT Á ÞEIRRI REYNSLU SEM ÉG HEF ÖÐLAST Á MINNI LÍFSLEIÐ.**

Kristján á að baki langan feril sem trúbador og að mörgu leyti er stutt á milli trúbardorsins og leikhússins. „Já, það má vel segja það. Þetta er sögustund hjá trúbadornum KK sem byggir bæði á minni persónulegu reynslu og svo tengir maður í tónlistinni við stórkostlega tónlistarmenn á borð við Lennon, Bítlana og marga aðra og hvernig þeir hafa getað nýtt gítarinn til þess að skýla sér. Í raun og veru má segja að gítarinn hafi bjargað lífi mínu. En vilji fólk fá að komast að því hvernig gítarinn bjargaði lífi mínu, sem hann hefur gert oftar en einu sinni, þá þarf það að koma og sjá leikritið,“ segir Kristján og hlær sínum hlýja ráma hlátri.



Jón Gunnar Þórðarson og Kristján Kristjánsson á Litla sviði Borgarleikhússins með góða gítara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Við söngvararnir hlæjum og skemmtum okkur konunglega allan daginn

Hin vel þekkta gamanópera Rossinis Rakarinn frá Sevilla er haustverkefni Íslensku óperunnar í ár og verður frumsýning næsta laugardag í Eldborg Hörpu. Með titilhlutverkið, hlutverk rakarans Fígarós, fer barítónsöngvarinn Oddur Arnþór Jónsson sem var valinn Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í vor.

Rakarinn frá Sevilla hefur notið vinsælda og velgengni í tæp 200 ár allt frá frumflutningi árið 1816 og Oddur segist vissulega vona að það verði nú ekki lát á þessum vinsældum nú þegar hann stígur á svið á laugardagskvöldið í hlutverki rakarans geðþekka. „Í grunninn er þetta einföld ástarsaga. Greifinn Almaviva fellur fyrir Rosinu og þráir ekkert heitar en að ná ástum hennar. En Rosina býr hjá verndara sínum Bartolo og hann ætlar að giftast henni á þessum degi sem óperan gerist á. Þannig að greifinn fær rakarann ráðagóða til liðs við sig til þess að bjarga málum og þeir þurfa að hafa hraðar hendur ef ekki á illa að fara. Rakarinn er svona gaur sem þarf að bjarga öllu, hann er algjör vængmaður eins og sagt er, enda með það eina markmið að koma greifanum og Rosinu saman.“

**ÞAÐ ER REYNDAR MJÖG ERFITT AÐ SYNGJA HLUTVERK RAKARANS, MAÐUR MÁ KANNSKI EKKI SEGJA SVONA, EN ÞETTA LIGGUR MJÖG HÁTT SVO ÞETTA ER EKKERT SEM MAÐUR GERIR BARA MEÐ VINSTRI.**

Oddur segist halda að það sem liggi að baki þessum tveggja alda vinsældum verksins sé einfaldlega fyrst og fremst samþætting einfaldrar og skemmtilegrar sögu og áheyrilegrar tónlistar. „Þetta bara passar allt svo vel saman og er fyndið og skemmtilegt. En fyrir þá sem hafa áhyggjur af kunnáttuleysi í ítölskunni má benda á að sýningin er textuð þannig að það þarf enginn að missa af neinu. Við reynum líka að gera allt skýrt og skemmtilegt þannig að fólk njóti sýningarinnar vel.

En svo erum líka með alveg fádæma skemmtilegan hóp á sviðinu og það skiptir líka miklu máli. Það er afskaplega skemmtilegt að vinna með Gissuri Páli Gissurarsyni sem fer með hlutverk greifans. Gissur er svona gaur sem er bara ógeðslega fyndinn og skemmtilegur og við erum saman í búningsklefa og alltaf saman á sviðinu líka þannig að við erum bara brosandi hringinn allan liðlangan daginn.“

Oddur segir að þrátt fyrir öll þessi skemmtilegheit þá sé það ekkert endilega léttara verkefni að takast á við hlutverk á borð við rakarann en dramatískari hlutverk. „Mér finnst rosa gott að syngja dramatísk hlutverk og taka dramatíkina út þar. Það er reyndar mjög erfitt að syngja hlutverk rakarans, maður má kannski ekki segja svona, en þetta liggur mjög hátt svo þetta er ekkert sem maður gerir bara með vinstri. Núna í frumsýningarvikunni þarf maður aðeins að passa sig og svo fær maður frí á föstudagskvöldið til þess að vera vel hvíldur og ferskur á laugardagskvöldið.“



# GARNDAGAR

8. - 21. OKTÓBER

# 20-50%

## AFSLÁTTUR AF GARNI*



**20% AFSLÁTTUR AF NÝJUM DALE PRJÓNABLÖÐUM**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HANNYRÐABÓKUM**

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# Frá Íslandi út í geim og aftur heim

**Á morgun kl. 18 verður opnuð í Ásmundarsafni sýningin Geimþrá. Þar er að finna verk fjögurra íslenskra listamanna sem áttu það sameiginlegt að skoða alheiminn með einum eða öðrum hætti í list sinni.**

Magnús Guðmundsson
gun@frettabladid.is



Klara Þórhallsdóttir og Heiðar Kári Rannversson, sýningarstjórar að Geimþrá í Ásmundarsafni, í óða önn að setja upp sýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á sýningunni Geimþrá í Ásmundarsafni Listasafns Reykjavíkur eru verk eftir listamenn sem hver um sig hefur sett mark sitt á íslenska listasögu 20. aldar, einkum þegar litið er til þrívíðrar myndlistar. Auk verka Ásmundar Sveinssonar (1893–1982) eru á sýningunni verk eftir Gerði Helgadóttur (1928–1975), Jón Gunnar Árnason (1931–1989) og Sigurjón Ólafsson (1908–1982). Öll voru þau undir áhrifum frá módernisma síðustu aldar þegar trú á nýjungar og tækni var drifkraftur bæði vísinda og lista.

Sýningarstjórar eru þau Klara Þórhallsdóttir og Heiðar Kári Rannversson og Klara segir að titill sýningarinnar sé sóttur í samnefnt verk eftir Ásmund Sveinsson. „En það er líka afar viðeigandi að vera með þessa sýningu hér í Ásmundarsafni því safnið er gætt þeim eiginleikum að það eru svo mörg ólík og óvænt rými í þessu húsi. Rými sem skapa þá stemningu að maður getur leikið sér svolítið með verkin og leyft hverju verki að njóta sín í sínu rými. Að auki þá er birtan hérna svo stórkostleg, sérstaklega fyrir þrívíð verk, enda er húsið byggt fyrir þrívíð verk. Hugmyndin að sýningunni er líka að vissu leyti sprottin frá húsinu enda höfum við stundum verið að grínast með að það sé svolítið eins og geimstöð.

Við erum þarna með listamenn sem flokka sig sem módernista og eru okkar aðalmyndhöggvarar en eitt af því sem sameinar þau er hvað þau eru mikið með hugann við himintunglin og hvað er handan við tunglið. Þessar skírskotanir er að finna í verkum þeirra allra, þó svo að það sé misbókstaflega, en Gerður nálgaðist þetta á dálítið annan hátt en karlarnir. Hún var mikið í dulspeki, en þessi dulspekifræði sem hún kynnti sér og stundaði í mörg ár eru mikið til byggð á stjörnufræði og það endurspeglast talsvert í verkunum hennar, bæði í formi og tákni. Maður sér þessi hvirfilform birtast og þau minna á himingeiminn og hvernig hreyfingin er í himingeimnum.

**HUGMYNDIN AÐ SÝNINGUNNI ER LÍKA AÐ VISSU LEYTI SPROTTIN FRÁ HÚSINU ENDA HÖFUM VIÐ STUNDUM VERIÐ AÐ GRÍNAST MEÐ AÐ ÞAÐ SÉ SVOLÍTIÐ EINS OG GEIMSTÖÐ.**

Nálgun karlanna er að mörgu leyti svolítið tæknilegri og þá sérstaklega Jóns Gunnars, sem notaði mikið vélaparta og annað slíkt í sínum verkum. Hann er líka aðeins seinna á ferðinni en hin þrjú. Tæknin sést þó líka hjá Ásmundi en hann er líka að nota fundin efni í sín verk, eins og t.d. í verki sem heitir Geimdrekinn, og hann reyndar hitti tilvonandi geimfara á Íslandi. Hann vísaði í þessa geimfara og var mjög uppveðraður yfir þeim og að þeir væru hérna á Íslandi en í næstu andrá yrðu þeir bara staddir á tunglinu.

En það sem einkennir sérstaklega sýn þessara listamanna, allavega Ásmundar, Gerðar og Sigurjóns, er að þetta er á þeim tíma sem framtíðin er svo björt. Síðan kemur Jón Gunnar með aðeins myrkari sýn á þessa framtíð, vangaveltur um hvað verður eiginlega um okkur með allri þessari vélvæðingu. Á þetta ekki bara eftir að hafa neikvæð áhrif og tortíma mannkyninu og náttúrunni? Þannig að það er þarna ákveðinn kynslóðamunur sem má einnig finna í vísindaskáldskap þar sem vísindin eru okkur ýmist til framfara eða tortímingar.“




## Strokubörnin mætt til leiks á ný

**BÆKUR**

**Leyniturninn á Skuggaskeri**

★★★★☆

**Höfundur:** Sigrún Eldjárn
**Útgefandi:** Mál og menning




Í bókabúð mætti undirrituð ungri stúlku nýlega, sem þangað var mætt ásamt móður sinni á útgáfudegi til að fjárfesta eigin vasapeninga í nýjustu bók Sigrúnar Eldjárn um börnin í útlegðinni á Skuggaskeri. Bókin ber titilinn Leyniturninn á Skuggaskeri. Sú stutta beið ekki boðanna að hefja lestur og fréttist af henni á matsölustað seinna sama kvöld þar sem hún gleypti bókina í sig af áfergju.

Enda ekki skrýtið, síðasta bók um hin friðelskandi útlegðarbörn, Draugagangur á Skuggaskeri, var æsispennandi og skildi lesendur eftir með öndina í hálsinum. Og biðin var þess virði. Sigrún hefur enn á ný skapað spennandi fléttu ólíkra sjónarhorna, en það er eitt aðaleinkenni bókanna; kaflarnir eru sagðir út frá sjónarhóli einnar persónu í senn og texti hvers kafla er auðkenndur með viðeigandi lit.

Kaflarnir eru stuttir, aldrei lengri en fimm blaðsíður. Þannig ætti að vera auðvelt að leggja frá sér bókina þegar kallað er í kvöldmatinn, en sú er ekki raunin, því kaflalengdin veldur því að lesandinn hugsar „ég les bara einn í viðbót …“ í sífellu þar til bókin er búin.

Bækurnar segja frá systkinunum Reyni og Björk frá Austurhlíð og þeim Hring, Línu, Önnu og Betu frá Vesturhlíð. Þau struku að heiman því Fagridalur var stríðshrjáð svæði og þar leið þeim ekki vel. Í síðustu bók kynntust þau Karra sem alla tíð hefur búið á Skuggaskeri sem og Soffíu sem faldi sig þar í lok síðustu bókar.

Í þessari bók kynnumst við Soffíu betur, auk þess sem við komumst til botns í ráðgátu sem tengist lífi þeirra allra – og raunar allra jarðarbúa. Þau eru nefnilega alls ekki ein á Skuggaskeri.

Krakkarnir eru slyngir og ráðagóðir og skáka oftar en ekki þeim fullorðnu, enda eru þeir gjarnan blindaðir af græðgi og ósætti. Persónusköpun er stórskemmtileg, undirrituð var sérstaklega ánægð með hve mikill töggur er í stelpunum, ekki síst yngstu tvíburasystrunum tveimur sem alltaf eru með eitthvað á prjónunum og deyja aldrei ráðalausar. Hin ljóshærða og fíngerða Soffía var einnig í miklu uppáhaldi, einkum og sér í lagi vegna munnsöfnuðar sem minnir á versta sjóara. Hressandi tungutak í barnabók.

Boðskapur bókarinnar er afar skýr og talar gegn stríði. Höfundur laumar mikilvægum upplýsingum að lesendum sínum: Eftir því sem þið eldist mun græðgin reyna að ná tökum á ykkur og hún getur verið blindandi. Allir geta tekið þátt í að sporna við stríði, aðeins með því að standa saman, með friði í liði. Og þótt líf barnanna sé vafalaust skemmtilegra en flóttafólks samtímans má kannski nota bókina til að ræða við börn um stöðu mála í dag. **Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi og vel skrifuð fantasía sem heldur lesandanum frá fyrstu blaðsíðu. Sagan er táknræn og býður upp á spjall um alvörumálefni, en söguefnið á vel við samtímann.

# FRUMSÝNING Í HÖRPU
# LAUGARDAGINN 17. OKTÓBER

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á TIX.IS / WWW.OPERA.IS

TAKMARKAÐUR SÝNINGAFJÖLDI

- bókaðu núna -

ÍSLENSKA ÓPERAN



# *Rakarinn frá Sevilla*

## ROSSINI

Figaro: **Oddur Arnþór Jónsson** Almaviva greifi: **Gissur Páll Gissurarson**
Rosina: **Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir / Sigríður Ósk Kristjánsdóttir**
Doktor Bartolo: **Bjarni Thor Kristinsson / Jóhann Smári Sævarsson**
Don Basilio: **Kristinn Sigmundsson / Viðar Gunnarsson**
Fiorello: **Ágúst Ólafsson** Berta: **Valgerður Guðnadóttir**

Leikstjóri: **Ágústa Skúladóttir**
Hljómsveitarstjóri: **Guðmundur Óli Gunnarsson**
Búningar: **María Th. Ólafsdóttir**
Leikmynd: **Steffen Aarfing**
Ljósahönnun: **Jóhann Bjarni Pálmason**
**Kór og hljómsveit Íslensku óperunnar**

# Heimsóttu bakherbergi og upplifðu óritskoðuð viðbrögð í ýmsum aðstæðum

## Á morgun er heimildarmyndin Jóhanna – síðasta orrustan frumsýnd í Bíói Paradís. Myndin segir frá síðustu mánuðum Jóhönnu Sigurðardóttur í embætti forsætisráðherra Íslands.

Björn B. Björnsson kom til mín með hugmyndina um að gera þessa mynd. Við skrifuðum handritið en það leið nokkuð langur tími þar til komist var í tökur. Það þurfti að telja Jóhönnu á að taka þátt og fá vilyrði frá Kvikmyndasjóði,“ segir Elísabet Ronaldsdóttir sem einnig klippir myndina.

Myndin hefst á landsfundi Samfylkingarinnar og fylgst er með þegar Árni Páll Árnason tekur við af Jóhönnu sem formaður flokksins. Í kjölfar formannsskiptanna lætur Árni Páll af stefnu Jóhönnu sem reynt hafði að knýja nýja stjórnarskrá í gegnum Alþingi. „Eins og vill oft verða þegar maður skrifar handrit að heimildarmynd þá ætluðum við nú að lokaniðurstaðan yrði önnur.“

Framleiðandi myndarinnar er Reykjavík Films, tónlistin í myndinni er eftir Tryggva M. Baldvinsson og kvikmyndatöku annaðist Jón Karl Helgason. „Við fengum Jón Karl til að skjóta myndina. Bæði er hann góður tökumaður og svo hefur hann afskaplega þægilega nærveru. Það skiptir miklu máli þegar verið er að fylgja einhverjum eftir á þennan hátt sem við gerum,“ segir Elísabet.

Er þetta fyrsta íslenska heimildarmyndin sem fylgir stjórnmálamanni í valdastöðu eftir á umrótstímum. „Auðvitað hefði verið stórfenglegt að fá að fylgjast með stjórnarskrármálinu frá upphafi. En við náðum þarna tæpum þremur mánuðum. Við fáum að heimsækja bakherbergi, bæði á ríkisstjórnar- og flokksfundum, auk þess að sitja inni á skrifstofu hjá Jóhönnu og upplifa óritskoðuð viðbrögð hennar þegar ýmislegt dynur á.“

Auk þess að fylgja Jóhönnu eftir síðustu mánuði í embætti er stiklað á stóru yfir feril stjórnmálakonunnar sem settist fyrst á þing árið 1978 og sat óslitið til ársins 2013. Stjórnarskrármálið er aðalútgangspunktur myndarinnar, þó að ýmis önnur mál hafi komið til kasta Jóhönnu á þessum tíma sem tökur stóðu yfir. „Ný stjórnarskrá var Jóhönnu hugleikin og má ímynda sér að hún hafi ætlað hana sem sína arfleifð. Þannig má telja verkið til tragedíu, þarna fer manneskja með miklar væntingar og sterka sýn en missir strax í upphafi tök á atburðarásinni.“



Björn B. Björnsson og Elísabet Ronaldsdóttir ásamt plakati myndarinnar Jóhanna - Síðasta orrustan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tvö ár eru síðan tökum lauk en í millitíðinni fór Elísabet erlendis að klippa kvikmyndina John Wick. „Ég þurfti að eiga fyrir salti í grautinn.“ Hún segir jafnframt oft erfitt að fá fullnægjandi styrk til að gera heimildarmyndir hér á landi. Heimildarmyndir þarfnast þolinmóðs fjármagns því oft krefjast þær langs tíma í bæði tökum og eftirvinnslu, jafnvel nokkurra ára ef vel á að takast til. „Það þarf að styrkja grunninn fyrir þetta mikilvæga söguform. Við eigum fullt af góðum heimildarmyndum en fjárhagslega hefur þetta oft verið afgreitt sem heimilisiðnaður.“

Elísabet segir að þó að umfjöllunarefni myndarinnar sé vissulega pólitískt þá nái verkið út fyrir ramma fréttaskýringar og mikið sé lagt upp úr mannlegum samskiptum og tilfinningum. „Ég upplifi myndina alls ekki sem einhvers konar flokkspólitíska árás á einn eða neinn. Við erum þarna lítil fluga á vegg að fylgjast með atburðarás og út frá einu sjónarhorni,“ segir hún og bætir við að vissulega sé dramatík í myndinni, það liggi í eðli sögunnar. „En trúverðugleikinn er okkur mikilvægur og við lögðum mikla áherslu á heiðarleika í allri vinnslunni.“


Stilla úr heimildarmyndinni Jóhanna - síðasta orustan.

„Sem lýðræðisríki ber okkur skylda til að halda uppi samræðum um hvernig okkur finnst Alþingi eiga að starfa og hvað við getum gert til þess að bæta lýðræðið. Ég treysti því að þetta verk okkar sé veglegt innlegg í slíka umræðu.“

Jóhanna – síðasta orrustan verður frumsýnd í Bíói Paradís á morgun klukkan 20.00. gydaloa@frettabladid.is

## Frumsýningar



### ÞRESTIR

Dramamynd
Aðalhlutverk: Atli Óskar Fjalarsson, Ingvar E. Sigurðsson, Kristbjörg Kjeld, Pálmi Gestsson, Rakel Björk Björnsdóttir og Nanna Kristín Magnúsdóttir.
Frumsýnd: 16.10. 2015
IMDB 7,7/10



### PAN

Fjölskyldu- og ævintýramynd
Aðalleikarar: Hugh Jackman, Levi Miller, Rooney Mara, Garrett Hedlund og Amanda Seyfried.
Frumsýnd: 16.10.2015
IMDB 6,1/10
Rotten Tomatoes 25%



### THE WALK

Ævintýra- og dramamynd
Aðalleikarar: Joseph Gordon-Levitt, Charlotte Le Bon og Ben Kingsley
Frumsýnd: 16.10.2015
IMDB 7,9 Rotten Tomatoes 86%

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA
FLOTTUR PAKKI

365

Með Skemmtipakkanum fylgja sex sjónvarpsstöðvar. Spennandi íslenskir og erlendir þættir, kvikmyndir og vandað talsett barnaefni. Að auki fá áskrifendur internet, heimasíma, Stöð 2 Maraþon og aðild að Vild. Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is

9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

Krakkastöðin HBO BRAVO MARAÞON Vild

365.is
Sími 1817

**HÚSASMIÐJAN**

# SÚPER KAUP

## Fjöldi tilboða í Húsasmiðjunni 15.-25. október



Súper kaup

**33.900kr**

~~39.899~~kr

**Frystikista G115**
Frigor 103 ltr. Orkunýting A+
1805483



Súper kaup

**19.995kr**

~~28.995~~kr

BLACK&DECKER

**Hleðsluborvél ASL188KB**
Högg, 18V, 2 li-ion rafhlöður
5245557

Súper kaup

Öll málning frá Hörpu Sjöfn

**25% afsláttur**






Súper kaup

**15.795 kr**

FULLT VERÐ: 19.795

damixa

**Handlaugartæki**
Damixa Lyra
80000241



Súper kaup

**59.900 kr**

FULLT VERÐ:69.900

**Frystikista TM300**
Frigor 248 ltr.
1805487




Súper kaup

**1.599 kr**

FULLT VERÐ:2.490

**Victorinox hnífar**
Gæða hnífar, 4 litir
2007337-40



Súper kaup

**2.490kr/m²**

FULLT VERÐ:3.290

**Flís Grafito**
30x60 cm, frostþolin
8600710



Súper kaup

**9.995 kr**

FULLT VERÐ:14.519

BLACK&DECKER

**Juðari KA330E**
260W, 115 mm,
Cyclonic ryksafnari
5245792



Súper kaup

**4.290 kr**

FULLT VERÐ:6.490

Electrolux

**Hraðsuðukanna**
ELOISE EEWA3100
1,5 ltr
1829123



Súper kaup

**9.495kr**

~~11.852~~

**Ryksuga Nilfisk**
Buddy II, 1200W
ryksugar þurrt og blautt.
12L tankur
5254378

NILFISK



Súper kaup

**8.990 kr**

FULLT VERÐ: 12.990

**Matastell 66 stk**
2007331



EGGER

Súper kaup

**1.790kr/m²**

~~2.390~~

**Harðparket**
Eikarplanki dökkur fasaður.
Borðastærð 1.292x192 mm.
8 mm þykkt, slitþolsflokkur 32
146980

10 ára ÁBYRGÐ

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.










# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

## 15. OKTÓBER 2015

### Ráðstefnur

**Hvað?** Láttu tónlistarveiturnar vinna fyrir þig
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Norræna húsið, Sturlugötu 5
Ráðstefna á vegum STEF og ÚTÓN þar sem markmiðið er að skoða tekjumódel tónlistarveitna og hvernig tónlistarmenn geta fengið sem mest út úr þeim. Ýmsir innlendir og erlendir gestir koma og flytja erindi. Meðlimir STEFs fá frítt inn en almennt miðaverð er 3.000 krónur. Skráið þátttöku á icelandmusic@icelandmusic.com.

### Tónlist

**Hvað?** Hamingjan og Úlfurinn – Jónas Sig. og Héðinn Unnsteinsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson leikur tónlist sína og rithöfundurinn Héðinn Unnsteinsson, sem skrifaði bókina Vertu úlfur, gerir Lífsorðunum 14 skil og fjallar um lífsreynslu sína. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Vegbúar með KK
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið, Listabraut 3, Reykjavík
Tónlistarmaðurinn KK stígur á svið og segir sögu gítaranna sinna sem hafa fylgt honum í blíðu og stríðu í gegnum árin. Hann greinir frá uppruna þeirra og sérstökum tengslum sínum við hvern og einn þeirra – allir tengjast þeir á einn eða annan hátt skrautlegu lífi og örlögum erlendra trúbadora sem áttu það sameiginlegt að þrá réttlæti og frelsi. Í verkinu tvinnast þessar sögur saman við lífshlaup KK sjálfs, spurt er um mikilvægi tónlistarinnar, mátt hennar í hörðum heimi og leitina eilífu að hinum eina sanna tóni. KK slær á sína alkunnu strengi og fer með áhorfendur í ógleymanlegt ferðalag. Verð 5.500 krónur.

**Hvað?** Högni Egilsson
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Landnámssetur Íslands, Brákarbraut 13-15
Högni leikur efni úr ýmsum áttum en hann hefur samið mikið af tónlist ásamt hljómsveitunum Hjaltalín og GusGus auk sólóverkefnisins HE. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Lára Rúnars
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg, Klapparstígur 27
Lára Rúnars hefur tónleikaröð sína á Café Rósenberg í kvöld. Hún mun leika lög af nýútkominni plötu sinni, Þel, ásamt eldra efni. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Fiddlebox
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Hafnarstræti 96
Dúettinn Fiddlebox stígur á svið á Græna hattinum í kvöld. Sérstakur gestur er trommuleikarinn Steingrímur Guðmundsson.

**Hvað?** Laser Life
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Raftónlistarmaðurinn Laser Life, eða Breki Steinn Mánason, flytur lög af plötunni Polyhedron. Platan byggir á hljóðheimi sem á rætur að rekja í gamla tölvuleiki á borð við NES og Saga Genesis. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Dúndurfréttir
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hljómahöll, Hjallavegi 2
Hljómsveitin fagnar tuttugu ára afmæli. Á tónleikunum flytja Dúndurfréttir klassískt rokk eins og það gerðist best en sveitina skipa þeir Matthías Matthíasson, Pétur Örn Guðmundsson, Einar Þór Jóhannsson, Ólafur Hólm og Ingimundur Óskarsson. Miðaverð er 3.500 krónur.

### Frumsýning

**Hvað?** Þú kemst þinn veg
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Einleikur eftir Finnboga Þorkel Jónsson sem byggður er á sögu Garðars Sölva Helgasonar sem glímt hefur við geðklofa frá unga aldri. Verkið er byggt á viðtölum Finnboga við Garðar en Finnbogi flytur jafnframt einleikinn. Miðaverð er 2.900 krónur.

### Uppistand

**Hvað?** Uppistand í Comedy klúbbnum
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11, Hverfisgötu 18
Uppistand á ensku með þeim York Underwood, Jonathan Duffy, Rökkva Vésteinssyni og Sigurði Antoni Friðþjófssyni. Miðaverð er 1.000 krónur.


Lára Rúnars spilar á Café Rósenberg í kvöld.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


Högni Egilsson spilar á Borgarnesi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Sýningar

**Hvað?** Circum-Arctic Art sýning
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Gamla bíó, Ingólfsstræti 2a
Sýningin er vettvangur fyrir handverk og listir frumbyggja frá svæðunum við norðurheimskautsbaug. Í boði eru sölusýning, vinnustofur, sviðslistir, kvikmyndasýningar og fleira. Sýningin stendur yfir til 19. október næstkomandi og er miðaverð 2.200 krónur.

### Opnanir

**Hvað?** RUMSK
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Menningarhús, Spönginni 41
Systurnar Sigrún og Ólöf Einarsdætur sýna gler- og textílverk. Verk þeirra eru innblásin af hinum stöðugu átökum ytri og innri krafta hinnar íslensku náttúru. Sýningin stendur til 9. janúar 2016.

### Listamannaspjall

**Hvað?** Heimurinn án okkar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34
Myndlistarkonurnar Björg Þorsteinsdóttir og Brynhildur Þorgeirsdóttir ræða við gesti um verk sín á sýningunni Heimurinn án okkar. Á sýningunni eru leiddir saman íslenskir listamenn sem vinna með hugmyndir um alheiminn í verkum sýnum og varpa ljósi á ákveðna þætti hans á margvíslegan máta.

### Uppákomur

**Hvað?** Jafnréttisdaga-pubquiz ungmennaráðs UN Women
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel, Bankastræti 7
Ungmennaráð UN Women lætur sig ekki vanta á Jafnréttisdaga og stendur fyrir PubQuiz á Lofti Hosteli kl. 20 þann 15. október. Tveir til fjórir saman í liði, óþarfi að skrá liðið, bara mæta á staðinn. Þemað verður kvenhetjur og við lofum mikilli skemmtun! Vinningar verða ekki af verri endanum. Hvetjum alla til að mæta! Viðburðurinn er hluti af Jafnréttisdögum og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Höfundakvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gunnarshús, Dyngjuvegi 8
Linda Vilhjálmsdóttir, Bubbi Morthens og Óskar Árni Óskarsson koma á fyrsta Höfundakvöld haustsins í Gunnarshúsi. Þar ræða þau um nýútkomin verk sín við Hauk Ingvarsson. Allir velkomnir, aðgangur 1.000 krónur.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Fyrirlestraröð um Sturlungaöld
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Salur 132, Öskju, Háskóla Íslands
Miðaldastofa Íslands stendur fyrir fyrirlestraröð um Sturlungaöld annan hvern fimmtudag í vetur. Í dag verða fluttir tveir fyrirlestrar. Sverrir Jakobsson, prófessor í miðaldasagnfræði, flytur erindið Gissur, Hrafn og Brandur – Konungstaka Íslendinga 1262-1264, og Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði, erindið Noregskonungur sök á Sturlungaöld? Aðgangur er ókeypis.

### Félagsvist

**Hvað?** Félagsvist
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Salur Skaftfellingafélagsins, Laugavegur 178
Félagsvist á vegum Rangæinga- og Skaftfellingafélagsins. Vegleg verðlaun í boði og kaffiveitingar. Allir velkomnir.

BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20
STILLE HJERTE
Stille Hjerte ........ 18:00, 22:15
Stúlkurnar á Kleppjárnsreykjum ........ 18:00
Hrútar ........ 18:00
Fúsi ........ 20:00
Love 3D ........ 22:00
Red Army ........ 22:00
STÚLKURNAR Á KLEPPJÁRNSREYKJUM


20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚTIVISTAR-
FATNAÐI OG -BÚNAÐI*
GILDIR Í ÖLLUM
VERSLUNUM
TIL MÁNUDAGS
Í DAG:
KVÖLDOPNUN Í ÚTILÍF GLÆSIBÆ
OPIÐ TIL KL. 22:00
HEIMSFRUMSÝNING Á NÝJU
SUMMIT FATALÍNUNNI FRÁ
THE NORTH FACE KL. 20:00
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



19:50
**MATARGLEÐI EVU**
Eva Laufey sækir innblástur sinn í sænska matargerð. Kjötbollur frá grunni, kanelsnúðar með gómsætri fyllingu og ekta sænsk Kladdkaka með pekanhnetum og karamellusósu.

FRÁBÆR
FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



20:15
**MASTERCHEF USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna hylli dómnefndarinnar.



21:40
**THE BLACKLIST**
James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Red Reddington sem var efstur á lista yfir eftirlýsta glæpamenn hjá bandarískum yfirvöldum.



22:25
**THE PLAYER**
Öryggissérfræðingur sérhæfir sig í spilavítabransanum en er fenginn til að vinna fyrir dularfull samtök.



22:00
**GODZILLA**
Árið 1999 var Janjira kjarnorkuverinu í Japan eytt með dularfullum hætti og fjöldi starfsmanna lét lífið.




22:15
**ARROW**
Fjórða þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.



19:00
**LÁSI LÖGGUBÍLL**
Skemmtileg teiknimynd um Lása löggubíl og ævintýrin sem hann lendir í á hverjum degi.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Masterchef USA
**08.50** The Middle
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Jamie's 30 Minute Meals
**11.25** Geggjaðar græjur
**11.40** Heilsugengið
**12.05** Um land allt
**12.35** Nágrannar
**13.00** Spider-Man 2
**15.05** Pitch Perfect
**16.55** iCarly
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.25** Undateable Gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smá hjálp. Danny Burton er myndarlegur og öruggur með sjálfan sig. Hann ákveður að aðstoða vini sína í ástarmálunum en þarf sjálfur á bráðri hjálp að halda.
**19.50** Matargleði Evu
**20.15** Masterchef USA
**20.55** NCIS
**21.40** The Blacklist
**22.25** The Player
**23.10** The Eastwood Factor Vönduð heimildarmynd um líf og feril leikarans og leikstjórans Clints Eastwood. Hér verður farið yfir hans uppáhaldsmyndir á borð við vestrana sem hann gerði með Sergio Leone, hlutverk hans sem Dirty Harry og önnur verkefni sem leiddu hann að stórvirkinu og Óskarsverðlaunamyndinni Unforgiven og einnig Million Dollar Baby. Sögumaður er Morgan Freeman.
**00.35** Homeland
**01.20** X Company
**02.05** The Conjuring
**03.55** Hit & Run

## SPORT

**07.45** Stjarnan - Haukar
**09.15** Körfuboltakvöld
**10.30** Austurríki - Liechtenstein
**12.10** Rússland - Svartfjallaland
**13.50** Svíþjóð - Moldóva
**15.30** Serbía - Portúgal
**17.10** Euro 2016 - Markaþáttur
**18.00** PSG - Zagreb
**19.20** Markaþáttur
**19.50** NFL Gameday
**20.20** Körfuboltakvöld
**21.35** Úkraína - Spánn
**23.15** Eistland - Sviss
**00.55** NFL Gameday

## SPORT 2

**12.20** Man. City - Newcastle
**14.05** Noregur - Malta
**15.45** Gíbraltar - Skotland
**17.25** Finnland - N-Írland
**19.05** Euro 2016 - Markaþáttur
**20.00** Premier League World
**20.30** Sunderland - West Ham
**22.15** Chelsea - Southampton
**00.00** Premier League World

## GOLFSTÖÐIN

**08.10** Presidents Cup
**12.10** Presidents Cup Highlights
**13.05** Golfing World
**13.55** Presidents Cup
**17.55** Presidents Cup Highlights
**18.50** Golfing World 2015
**19.40** Inside the PGA Tour
**20.05** Champions Tour Highlights
**21.00** PGA Tour

## STÖÐ 3

**18.25** The Carrie Diaries
**19.05** Suburgatory
**19.30** Clipped
**19.55** Sullivan & Son
**20.20** Sirens
**20.45** Flash
**21.30** Gotham
**22.15** Arrow
**23.00** Supernatural
**23.45** Who Gets the Last Laugh
**00.05** Hollywood Hillbillies
**00.30** Lip Sync Battle
**00.55** NCIS: Los Angeles
**02.05** Clipped
**02.30** Sirens
**02.55** Sullivan & Son
**03.15** Flash
**04.00** Gotham
**04.40** Arrow
**05.25** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Skógardýrið Húgó
**07.25** Latibær
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.45** Doddi litli og Eyrnastór
**08.55** Sumardalsmyllan
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveins
**09.49** Tommi og Jenni
**09.55** UKI
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.23** Ofurhundurinn Krypto
**10.47** Elías
**11.00** Skógardýrið Húgó
**11.47** Ævintýraferðin
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.45** Doddi litli og Eyrnastór
**12.55** Sumardalsmyllan
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveins
**13.49** Tommi og Jenni
**13.55** UKI
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.23** Ofurhundurinn Krypto
**14.47** Elías
**15.00** Skógardýrið Húgó
**15.25** Latibær
**15.47** Ævintýraferðin
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.45** Doddi litli og Eyrnastór
**16.55** Sumardalsmyllan
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveins
**17.49** Tommi og Jenni
**17.55** UKI
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.23** Ofurhundurinn Krypto
**18.47** Elías
**19.00** Lási löggubíll



Svampur Sveinsson, kl. 09.24, 13.24 og 17.24

## GULLSTÖÐIN

**17.50** Two and a Half Men
**18.15** Friends
**18.40** New Girl
**19.05** Modern Family
**19.30** Ally McBeal
**20.15** Cold Feet
**21.05** Broadchurch
**21.55** The Sopranos
**22.50** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.10** The Glades
**23.55** Ally McBeal
**00.40** Cold Feet
**01.30** Broadchurch
**02.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** The Truth About Cats and Dogs
**13.40** Prelude to a Kiss
**15.25** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me
**17.00** The Truth About Cats and Dogs
**18.40** Prelude to a Kiss
**20.25** Austin Powers: The Spy Who Shagged Me Ofurnjósnarinn Austin Powers er mættur aftur á svæðið. Dr. Evil ferðast með tímavél til ársins 1969 og hyggst stöðva Austin Powers í eitt skipti fyrir öll með því að stela kynorku hans. Austin þarf að fara aftur í tímann til að endurheimta kynorkuna og nýtur dyggrar aðstoðar kynbombunnar Felicity Shagwell. Það má heldur ekki gleyma að minnast á smávaxna eftirgerð Dr. Evils, Mini-Me, og hinn magnaða Skota, Fat Bastard, sem setja svip sinn á myndina.
**22.00** Godzilla
**00.05** The Last Stand
**01.50** Exam
**03.35** Godzilla

## RÚV

**15.45** Síðasti tangó í Halifax
**16.40** Tónahlaup
**17.20** KrakkaRÚV
**17.21** Stundin okkar
**17.45** Kungfú Panda
**18.08** Sveppir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Vísindahorn Ævars
**18.30** Vísindahorn Ævars
**18.35** Saga af strák
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Toppstöðin
**21.10** Scott og Bailey
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Poldark
**00.05** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Odd Mom Out
**15.00** Reign
**15.45** The Muppets
**16.05** The Voice Ísland
**17.35** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**18.55** The Late Late Show
**19.35** Bakraddir
**19.50** Life in Pieces
**20.15** Grandfathered
**20.40** The Grinder
**21.00** Scandal
**21.45** How to Get Away
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Blue Bloods
**00.35** Law & Order: Special Victims Unit
**01.20** Secrets and Lies
**02.05** Scandal
**02.50** How to Get Away with Murder
**03.35** The Tonight Show
**04.15** The Late Late Show
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |



BK KLÚBBTILBOÐ

**GROHE** eldhústæki.

**13.995 kr.**

15333202 Almennt verð 16.995 kr.



**ARMATURA Ecokran** eldhústæki.

**2.595 kr.**

15400044



**GROHE Concetto** eldhústæki með hárri sveiflu og útdraganlegum úðara.

**28.595 kr.**

15332663



**GROHE Eurosmart** eldhústæki.

**13.995 kr.**

15333281

# VATN OG VELLÍÐAN



BK KLÚBBTILBOÐ

**RONDA handlaug,** 33,5x29x11,5 cm. Hægt að nota á vegg eða borð. Blöndunartæki fylgir ekki.

**7.995 kr.**

10708500
Almennt verð 9.995 kr.



**ARMATURA Ecokran** handlaugartæki með lyftitappa.

**2.695 kr.**

15400042



**GROHE Eurosmart** handlaugartæki með lyftitappa.

**11.995 kr.**

15333265



**GROHE Essence** handlaugartæki með lyftitappa.

**19.995 kr.**

15332898



**GROHE Grohterm 2000** baðtæki 2013.

BK KLÚBBTILBOÐ **49.995 kr.**
15334174
Almennt verð 55.995 kr.

**GROHE Grohterm 800** baðtæki.

BK KLÚBBTILBOÐ **24.995 kr.**
15334568
Almennt verð 29.995 kr.

**GROHE Grohterm 800** sturtutæki.

BK KLÚBBTILBOÐ **17.995 kr.**
15334561
Almennt verð 19.995 kr.

**GROHE** sturtusett, hitastýrt tæki með innbyggðum skipti, ömmustöng, barka, handúðara og höfuðúðara.

BK KLÚBBTILBOÐ **49.995 kr.**
15327922
Almennt verð 59.995 kr.


# MARKAÐSDAGAR

200 kr. 100 kr. 300 kr. 400 kr. 1500 kr. 1000 kr. 50 kr. 600 kr. 500 kr. 800 kr.

SÍÐUSTU DAGARNIR



**Gerðu alveg hreint ótrúleg kaup!**
Mikið úrval af vörum frá 50 krónum og upp í 1500 krónur. Töluvert af öðrum vörum á stórlækkuðu verði. Bætum við nýjum vörum daglega.

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ LÍTA VIÐ Á MARKAÐINN

í öllum verslunum BYKO





Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Klúbbtilboðin gilda til 26. október

FRÉTTABLAÐIÐ
# LÍFIÐ



## KANILSNÚÐAR MEÐ LJÚFFENGRI EPLAFYLLINGU

### DEIG
**500 g hveiti**
**100 g sykur**
**1 tsk. vanillusykur**
**2,5 tsk. þurrger**
**250 ml mjólk**
**70 ml smjör, brætt**
**2 egg**
**1 tsk. salt**

### FYLLING
**2 meðalstór græn epli**
**50 g sykur**
**100 g smjör**
**2-3 msk. kanill**

### AÐFERÐ
*Öllum þurrefnum í deigið er blandað vel saman, bætið vökvanum saman við og hnoðið vel. Breiðið rakt viskustykki yfir skálina og látið deigið hefast í 30-40 mínútur. Þá er kjörið að útbúa fyllinguna.*



*Hitið smjörið í potti, afhýðið eplin og skerið þau í litla bita, bætið þeim út í pottinn ásamt sykrinum og kanilnum. Leyfið blöndunni að malla við vægan hita í nokkrar mínútur eða þar til eplin eru orðin mjúk, hrærið vel í á meðan.*

*Þegar deigið hefur hefað sig er það flatt út og smurt með fyllingunni. Deiginu er svo rúllað í lengju og það skorið niður í hæfilega marga snúða. Setjið bökunarpappír í ofnskúffu, raðið snúðunum á pappírinn og leggið rakt viskustykki yfir þá. Leyfið þeim að standa í 30 mínútur áður en þeir fara inn í ofn. Bakið við 170°C í 12-15 mínútur.*

*Eftir að snúðarnir koma úr ofninum og hafa kólnað er gott að setja súkkulaði sem brætt hefur verið yfir vatnsbaði yfir þá.*



***Uppskrift fengin af evalaufeykjaran.com***



**Karólína Jóhannsdóttir vann söngkeppni framhaldsskólanna í apríl síðastliðnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Ótrúlegt að fólk úti í heimi sé að hlusta

Söngkonan Karólína Jóhannsdóttir, betur þekkt sem Karó, hefur slegið í gegn með lagi sínu Silhouette. Lagið hefur fengið mikla spilun erlendis, í gegnum Soundcloud-síðu útgáfufyrirtækisins Les Fréres Stefson.

**Kjartan Atli Kjartansson**
kjartanatli@frettabladid.is

Söngkonan Karólína Jóhannsdóttir, betur þekkt sem Karó, hefur vakið mikla athygli með laginu Silhouette. Lagið hefur verið í spilun á mörgum af helstu útvarpsstöðvum landsins og hefur auk þess vakið athygli á netinu. Á Soundcloud-vefsíðu útgáfufyrirtækisins Les Fréres Stefson má sjá að hlustað hefur verið á lagið í rúmlega sextán þúsund skipti. Logi Pedro Stefánsson, sem vann með Karó að laginu og er annar eigandi Les Fréres Stefson, segir að flestir þeirra sem hlusta á lagið í gegnum Soundcloud-síðuna séu staðsettir í útlöndum. „Flestir koma frá Bandaríkjunum. Þar á eftir hafa flestar heimsóknirnar komið frá Kanada, þá Bretlandi, Frakklandi, Ástralíu og Þýskalandi. Fjöldi heimsókna frá Íslandi kemur svo þar á eftir.“

> **UM 50 NOTENDUR HAFA HLUSTAÐ Á LAGIÐ OFTAR EN TUTTUGU SINNUM. SÁ SEM HEFUR HLUSTAÐ Á ÞAÐ OFTAST HEFUR HLUSTAÐ Á ÞAÐ Í SEXTÍU SKIPTI, Á EINUM MÁNUÐI. ÉG HELD AÐ ÉG HAFI ALDREI HLUSTAÐ Á NEITT LAG SVONA OFT Á SVONA STUTTUM TÍMA.**
>
> Logi Pedro

**Ekki froða eftir einhverri uppskrift**

Þau Karó og Logi eru sammála um að lagið sé vel heppnað. „Þetta virðist hitta á einhverjar taugar hjá fólki,“ segir Logi og Karó bætir við: „Já, þetta er vel heppnað popplag. Það er gott „sánd“ í þessu. Þetta er ekki froða eftir einhverri uppskrift.“ Hægt er að fá ítarlegar upplýsingar um hvaðan heimsóknir koma á Soundcloud-síður og hversu oft stakir hlustendur hlusta á lagið. „Um 50 notendur hafa hlustað á lagið oftar en tuttugu sinnum. Sá sem hefur hlustað á það oftast hefur hlustað á það í sextíu skipti, á einum mánuði. Ég held að ég hafi aldrei hlustað á neitt lag svona oft á svona stuttum tíma,“ útskýrir Logi og hlær. „Manni finnst þetta auðvitað svolítið fjarlægt, að vita að manneskjur einhvers staðar úti í heimi séu að hlusta á lagið. Þetta er eitthvað svo langt frá manni,“ segir Karó.

**Góð samvinna**

Þau Karó og Logi eru sammála um að samvinna þeirra hafi gengið mjög vel. „Um leið og ég heyrði hana syngja fann ég hvað hún var efnileg og góð. Okkur gekk vel að vinna saman, þetta var ekkert stress.“ Karó segist hafa vitað það í ferlinu að þau voru með gott lag í höndunum. „Ég veit ekki alveg hvort við höfum búist við því að þetta yrði svona vinsælt. Það kom bara skemmtilega á óvart.“ Bæði Karó og Logi eru í skemmtilegum verkefnum þessa dagana. Logi vinnur hörðum höndum að útgáfu EP-plötu Sturlu Atlas sem kemur út síðar í mánuðinum. Karó er byrjuð á verkefni sem hún segir mjög spennandi. „Ég er að vinna með mjög efnilegum tónlistarmanni sem er á hraðri uppleið. Ég get ekki sagt meira um það að svo stöddu, en þetta er mjög spennandi.“ Hægt er að hlusta á lagið Silhouette á Youtube og á Soundcloud-síðu Les Fréres Stefson.



# GENGUR ÞÚ Í GILDRUNA?

**Vildarverð: 5.599.-**
Verð: 6.999.-




**Kemur út í dag!**



Lilja Sigurðardóttir hefur áður sent frá sér tvær glæpasögur, Spor og Fyrirgefningu, og árið 2014 hlaut hún Grímuverðlaun fyrir frumraun sína í leikritaskrifum, Stóru börnin, sem valið var leikrit ársins.

**ÚTGÁFUBOÐ VERÐUR Í PENNANUM EYMUNDSSON AUSTURSTRÆTI Í DAG KL 17 ALLIR VELKOMNIR**

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir frá 15. okt. til og með 18. okt. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ég er alls enginn tónlistarmaður

**Ólafur Friðrik Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri, fetar nú nýjar slóðir og semur lög og texta. Tvö ný lög komu út á dögunum. Hann er ákaflega hamingjusamur með að vera laus úr pólitíkinni.**

Læknirinn og fyrrverandi borgarstjórinn Ólafur Friðrik Magnússon hefur á undanförnum vikum sent frá sér tvö ný lög, sem hann bæði semur og syngur. „Ég hef aldrei verið hamingjusamari og tónlistin hefur hjálpað mér gífurlega mikið við endurreisnina,“ segir Ólafur. Hann missti heilsuna og glímdi við mikil veikindi en reis aftur upp árið 2013. „Þetta er ótrúlegt, ég hef upplifað algjörlega nýtt líf síðan 2013, það er þá þegar ég rís upp nánast frá dauðum, eignast nýtt líf. Þegar ég kemst aftur út í lífið eftir veikindin fer ég að yrkja,“ segir Ólafur.

### Byrjaður að læra söng

Lögin tvö sem komu út fyrir skömmu bera titlana Máttur gæskunnar og Ferðabæn. Ólafur vann lögin með Vilhjálmi Guðjónssyni og Gunnari Þórðarsyni og þá syngur Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir með Ólafi í öðru þeirra. Myndbönd við lögin voru frumsýnd á Vísi fyrir skömmu en Friðrik Grétarsson tók þau upp. „Það var mikil gæfa að hitta Vilhjálm Guðjónsson. Ég á honum að þakka að ég þorði að byrja að syngja sjálfur. Ég samdi til dæmis Ferðabænina 25. júní síðastliðinn og fór þá með hana til Vilhjálms og hún varð fljótlega að lagi. Við töluðum svo við Gunnar Þórðarson sem tók vel í að spila undir við þetta lag,“ útskýrir Ólafur, en lögin eru tekin upp í hljóðveri Vilhjálms.

Ólafur hefur verið að læra söng hjá Guðlaugu. „Hún er ótrúlega fjölhæf tónlistarkona, söngkona góð og með afbrigðum góður kennari. Ég er henni mjög þakklátur.“ Hann fékk þó ekki tónlistarmenntun þegar hann var barn en varð fljótt hrifinn af tónlist í æsku og segir Tsjaíkovskij og Bítlana vera sína eftirlætistónlistarmenn og -hljómsveit. „Ég er ekki nútímamaður þegar kemur að tónlist og enginn rokkari en hef melódískan smekk,“ bætir hann við.

### Bjargaði Austurbæjarbíói

Ólafur segir þó að upphaf tónlistarferilsins megi rekja til ársins 2003. „Það var þegar ég bjargaði Austurbæjarbíói frá niðurrifi, þá héldu Hljómar 40 ára afmælistónleika þar til styrktar Austurbæjarbíói og síðan þá höfum við Gunnar verið miklir félagar.




Ólafur F. Magnússon er kominn í tónlistina og semur bæði lög og texta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ég leitaði svo ráða hjá honum síðar varðandi lögin og benti hann mér á að tala við meistara Vilhjálm Guðjónsson. Vilhjálmur er hógvær, þolinmóður og ljúfur og maður færist allur í aukana á að vinna með slíkum snillingi.“

Ólafur hefur þó áður samið tónlist og hefur meðal annars sent inn lög í Söngvakeppni Sjónvarpsins. „Páll Rósinkranz hefur sungið fimm lög fyrir mig, tvö þeirra hef ég sent inn í Söngvakeppni Sjónvarpsins,“ segir Ólafur og bætir við: „Ég ætla að gefa þessum óbirtu lögum eftir mig, með söng Páls, sem er að mínu mati okkar fremsti dægurlagasöngvari, við undirleik Vilhjálms, tónföður míns og lærimeistara, tækifæri, í Söngvakeppni Sjónvarpsins, áður en þau verða flutt opinberlega.“

### Feginn að vera laus úr pólitíkinni

Eins og fyrr segir var Ólafur borgarstjóri árið 2008 og var í borgarstjórn í um tuttugu ár en vegna deilna gegndi hann því embætti til skamms tíma en segist vera ákaflega hamingjusamur með að vera laus úr pólitíkinni. „Það fór að birta til hjá mér þegar ég fór úr borgarstjórn. Ég var líka svo innilega feginn, haustið 2008, að vera laus undan návist Hönnu Birnu, að ég samdi lag sem heitir Ákall og er við ljóð afa míns, Stefáns Ágústs Kristjánssonar,“ segir Ólafur léttur í lund.

Hann segist ekki stefna á plötuútgáfu sem stendur en ætlar að gefa út lög áfram. „Ef tími væri til þá tæki stuttan tíma að gera heilan geisladisk en það er ekki í augsýn og ekki markmið á þessari stundu. Ég er enginn tónlistarmaður,“ bætir Ólafur við og hlær.

gunnarleo@frettabladid.is




Jólin þín byrja í IKEA
1.390,-/stk.
Nýtt STRÅLA skrautlýsing
Ljósapera seld sér
Nýtt SÄRDAL/STRÅLA innisería með 24 LED ljósum 3.970,-
3.990,-/stk.
Nýtt STRÅLA skrautlýsing
Ljósapera seld sér
© Inter IKEA Systems B.V. 2015
4.990,-
Nýtt STRÅLA skrautlýsing með LED lýsingu
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®

# Frægir tvífarar

Þó nokkrar af stjörnunum í Hollywood eiga sér tvífara sem eiga það einnig sameiginlegt að vera ítrekað í sviðsljósinu.


Rachel Bilson er einna þekktust fyrir hlutverk sitt í The O.C.


Söng- og leikkonan Selena Gomez hóf ferilinn á Disney-stöðinni.


Bandaríska poppsöngkonan Katy Perry er gríðarlega vinsæl.


Zooey Deschanel getur ekki bara leikið heldur er hún prýðisgóð söngkona líka.


Leikarinn Tom Hardy er sterklega orðaður við hlutverk James Bond.


Logan Marshall-Green fór með hlutverk í The O.C.


Jeffrey Dean Morgan er einna þekktastur fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Grey's Anatomy.


Leikarinn Javier Bardem lék meðal annars í Bond-myndinni Skyfall.


Sarah Hyland er einna þekktust fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Modern Family.


Leikkonan Mila Kunis hóf ferilinn þegar hún lék í sjónvarpsþáttunum That '70s Show.









**Trendið**

# Góð lýsing skiptir höfuðmáli

Um þessar mundir hefur borið mikið á grófum, svokölluðum „industrial“ ljósum og lömpum í tískublöðum, á bloggum, nýlegum veitingastöðum og á heimilum hjá fagurkerum. Góð lýsing skiptir höfuðmáli. Þá er hlý, gul birta eftirsóknarverðari en blá og sterk lýsing. Þá er gott að setja upp lampa og veggljós til þess að hafa notalega birtu á heimilum í stað þess að hafa einvörðungu loftljós.























## Nurofen Apelsin

Íbúprófen mixtúra fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 12 ára

- Hitalækkandi
- Verkjastillandi
- Bólgueyðandi

**Sýnt hefur verið fram á að Nurofen apelsin slær á hitann eftir aðeins 15 mínútur og áhrifanna gætir í allt að 8 klukkustundir**

## Fæst án lyfseðils í apótekum

Nurofen Apelsin 40 mg/ml mixtúra, dreifa. **Inniheldur** Íbúprófen. Til skammtímameðferðar gegn vægum til miðlungi alvarlegum verkjum eða hita. **Skammtar og lyfjagjöf:** Til inntöku. Dagsskammtur af Nurofen er 20-30 mg/kg líkamsþyngdar tekin inn í 3-4 aðskildum skömmtum á u.þ.b. 6 til 8 klst. fresti. Mælt er með því að sjúklingar sem eru viðkvæmir í maga taki Nurofen með mat. Ekki ráðlagt fyrir börn yngri en 6 mánaða eða undir 8 kg. Aðeins til skammtímanotkunar. Leita skal til læknis ef einkenni versna. Ef lyfið er notað án lyfseðils og einkenni barnsins eru viðvarandi í meira en 3 daga skal leita til læknis. Lágmarka má aukaverkanir með því að nota lægsta virka skammt í eins stuttan tíma og hægt er til að meðhöndla einkenni. **Ekki má taka lyfið ef þú:** Hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni, bólgueyðandi gigtarlyfjum, hveiti eða einhverju innihaldsefnanna, sögu um berkjukrampa, astma, nefslímubólgu eða ofsakláða í tengslum við inntöku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, sögu um blæðingar eða rof í meltingarvegi í tengslum við fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum, virk sár, eða sögu um endurtekin sár/blæðingar í maga, virka blæðingu í heila eða annars staðar, alvarlega lifrarbilun, alvarlega nýrnabilun, alvarlega hjartabilun, storkuvandamál, óútskýrðar truflanir á blóðmyndun svo sem blóðflagnafæð, ert á síðasta þriðjungi meðgöngu, tekur önnur bólgueyðandi gigtarlyf eða meira en 75 mg af acetýlsalicýlsýru daglega, ert með hlaupabólu, hefur nýlega gengist undir stóra skurðaðgerð, hefur ofþornað. **Gæta skal sérstakrar varúðar og ræða við lækni eða lyfjafræðing ef þú ert með, hefur einhvern tíman fengið eða átt hættu á að fá:** Bandvefssjúkdóm, þarmasjúkdóm, hjarta og/eða æðasjúkdóm, skerta nýrnastarfsemi, lifrarsjúkdóm, óþol fyrir sykrum eða ef þú tekur önnur lyf. Regluleg notkun verkjalyfja getur leitt til varanlegra truflana á nýrnastarfsemi. Andþyngsli geta komið fyrir ef barnið hefur astma, langvinnt nefrennsli, sepa í nefi eða ofnæmissjúkdóma. Örsjaldan hefur verið greint frá alvarlegum viðbrögðum í húð í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja. Hætta skal notkun Nurofen Apelsin strax við fyrstu merki um útbrot á húð, sár á slímhúðum eða önnur einkenni ofnæmisviðbragða. Lyf svo sem Nurofen Apelsin geta tengst aukinni hættu á hjartaáfalli eða heilaslagi. Ekki nota meira en ráðlagðan skammt og ekki lengur en ráðlagt er. Ef blæðing eða sár koma fram í meltingarvegi ætti að hætta meðferð strax. Hættan á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi eykst við notkun stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum, hjá sjúklingum með sögu um sár í meltingarvegi, einkum ef þeim hafa fylgt blæðingar eða rof og hjá öldruðum. Lyfið getur dulið einkenni sýkinga og hita. Sjúklingar með sögu um aukaverkanir í meltingarfærum, sérstaklega aldraðir, ættu að hafa samband við lækni án tafar og greina frá öllum óvenjulegum einkennum frá meltingarvegi. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfishafi: Reckitt Benckiser Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

www.apotekarinn.is

Apótekarinn
- lægra verð

# Sífellt meiri tengsl rapps og íþrótta



Skilin á milli tónlistar og íþrótta verða sífellt óskýrari, sér í lagi þegar rapparar eiga í hlut. Vinskapur hefur myndast milli fremstu íþróttamanna landsins og helstu rappara þjóðarinnar.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is



„Chilla eins og Gunnar Nelson,“ segir rapparinn Gauti Þeyr Másson, einnig þekktur sem Emmsjé Gauti, í textanum við lagið Strákarnir, sem kom út í sumar og hefur vakið miklar vinsældir. Þetta er enn ein birtingarmynd aukinna tengsla íslenskra rappara og íslenskra íþróttamanna. Vinatengsl hafa myndast á milli helstu íþróttamanna landsins og þekktustu rappara þjóðarinnar. Nöfn íþróttamanna geta verið gott efni í texta og geta opnað á skemmtilegar líkingar. Mörk rapps og íþrótta eru jafnvel enn óskýrari í Bandaríkjunum, þar sem NBA-leikmenn gefa út rapplög og rapparar eiga hlut í NBA-liðum.

## Fyrirliðinn

Líklega náðu tengsl rapps og íþrótta hámarki í laginu Fyrirliðinn með Erpi Eyvindarsyni þar sem hann nýtur aðstoðar Helga Sæmundar Guðmundssonar. Í myndbandinu koma margir af helstu íþróttamönnum landsins fram. Þar má sjá bardagakappann Gunnar Nelson, knattspyrnukonuna Margréti Láru Viðarsdóttur og körfuknattleiksmanninn Pavel Ermolinskij. Einnig koma fram keppendur í fitness sem standa framarlega í sinni grein á heimsvísu og má þar nefna Magneu Gunnarsdóttur og Aðalheiði Guðmundsdóttur.

Tengsl Erps, sem hefur í gegnum tíðina líklega verið þekktasti rappari landsins, við íslenska íþróttamenn hafa lengi verið mikil. Fréttablaðið sagði til að mynda frá því að Erpur og Aron Einar Gunnarsson hefðu fagnað saman þegar íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu tryggði sér sæti í Evrópukeppninni. Saman sátu þeir, fyrirliði rappsins og fyrirliði knattspyrnulandsliðsins, á Prikinu og hlustuðu á íslenskt rapp, aðeins nokkrum klukkustundum eftir leikinn.

## Aron Einar

Þetta eru ekki einu tengsl Arons Einars Gunnarssonar við íslenska rappara.

„Aron Gunnarsson, frá Cardiff, já það er pappír,“ sagði Emmsjé Gauti í textanum við lagið Þeyr. Þeir hafa verið félagar í dágóðan tíma. Aron Einar er frá Akureyri og þaðan kemur líka ein af ástsælustu rappsveitum þjóðarinnar, Skyttturnar. Aron Einar er annálaður aðdáandi sveitarinnar og hafa meðlimir hennar spilað í afmælisveislum kappans. Emmsjé Gauti og sveitin Úlfur Úlfur hafa einnig skemmt í afmælisveislum kappans.



Talandi um Úlf Úlf, þá eru sveitin frá Sauðárkróki og þar er einnig eitt besta körfuboltalið landsins, Tindastóll. Helgi Sæmundur Guðmundsson, annar meðlima sveitarinnar, sagði í viðtali við vefinn Karfan.is að hann ætti örugglega ein tíu stuðningsmannalög um Tindastól ókláruð, enda mikill stuðningsmaður liðsins og þykir auk þess nokkuð sprækur í körfubolta.



Ramses er nú orðinn þekktur afreksþjálfari.

## Rapparar í íþróttum

Íslenskir rapparar hafa einnig látið að sér kveða á sviði íþrótta. Davíð Tómas Tómasson, einnig þekktur sem Dabbi T, er einn fremsti körfuknattleiksdómari landsins. Dabbi T naut mikilla vinsælda á sínum tíma, en tók sér frí frá rappinu í nokkur ár. Nýlega steig hann aftur upp á svið og hefur troðið upp á böllum og fengið ný lög í spilun á útvarpsstöðvum landsins. Davíð dæmir í úrvalsdeildunum í körfubolta, karla- og kvennamegin, og hefur dæmt í nokkrum alþjóðlegum keppnum.

Rapparinn Guðjón Örn Ingólfsson, betur þekktur sem Ramses, er þekktur á sviði afreksþjálfunar íþróttamanna. Guðjón hefur þjálfað marga af fremstu íþróttamönnum þjóðarinnar, í heilsuræktinni Spörtu í Kópavogi. Á meðal þeirra sem hafa æft hjá Guðjóni er Aron Jóhannsson, landsliðsmaður Bandaríkjanna í knattspyrnu.

Fleiri rapparar hafa látið að sér kveða í íþróttum. Theódór Óskarsson er á meðal þeirra, en hann lék með Fylki í efstu deild karla í knattspyrnu þegar liðið var upp á sitt besta. Theódór gekk undir nafninu T-Bone í rappheiminum og var í hljómsveitinni Bounce Brothers, ásamt Kristni Sævarssyni, eða Didda Fel.



Körfuboltadómarinn Dabbi T hitaði upp fyrir Snoop Dogg um daginn.

## Íþróttamenn í rappinu

Tónlist skiptir veigamiklu máli í íþróttum. Íþróttamenn nota tónlist til að koma sér í gírinn fyrir átök. Í Bandaríkjunum er það þekkt að íþróttamenn semji tónlist. Til að mynda hefur einn þekktasti körfuknattleiksmaður allra tíma, Shaquille O'Neal, sent frá sér rappplötur.

Hér á landi er Ívar Bjarklind, fyrrverandi knattspyrnumaður ÍBV, líklega þekktasta dæmi þess þegar íþróttamaður semur tónlist. Ívar var liðtækur knattspyrnumaður og sendi frá sér plötuna Blóm eru smá, að ferlinum loknum.

Högni Egilsson er annað dæmi um mann sem er fær á sviði tónlistar og íþrótta. Högni lék með meistaraflokki Vals á dögunum, gegn Íslandsmeisturum KR í körfubolta.

En hvorki Högni né Ívar eru rapptónlistarmenn. Það var hins vegar Helgi Már Magnússon, lykilmaður KR-inga í körfuknattleik. Hann var í hljómsveitinni Sveittir gangaverðir, sem naut mikilla vinsælda fyrir aldamótin síðustu. Með honum í sveitinni var Andri Fannar Ottósson, sem gerði garðinn frægan sem knattspyrnumaður með Fram. Andri var einnig mjög efnilegur í körfuknattleik og segja gárungarnir að hann hefði getað náð langt á því sviði. Helgi og Andri voru í hinum fræga 1982 árgangi KR í körfubolta, en fjórir leikmenn úr þeim flokki léku með landsliði Íslands í Evrópukeppninni í körfuknattleik í sumar.

Annar körfuknattleiksmaður hefur gefið út rapplög. Arnar Freyr Jónsson, sem lék með Keflavík og Grindavík á flottum ferli, var í hljómsveitinni Oblivion. Sveitin gaf út lag á tíunda áratug síðustu aldar, sem fékk mikla spilun á hiphop-stöðinni Skratz FM94,3.

## Miklir stuðningsmenn

Nokkrir af þekktustu rapptónlistarmönnum landsins styðja af krafti við félögin úr hverfinu sem þeir ólust upp í. Logi Pedro Stefánsson og Sturla Atlas eru til dæmis harðir stuðningsmenn Vals og voru þeir í hópi sem lét sérútbúa jakka merkta Val, fyrir bikarúrslitaleikinn gegn KR í sumar. Erpur Eyvindarson er mikill stuðningsmaður Breiðabliks og heitir stuðningsmannafélag knattspyrnuliða Breiðabliks einmitt Kópacobana, eins og ein af plötunum sem Erpur hefur sent frá sér. Hann er heiðursmeðlimur félagsins og hefur ferðast með því víða um land. Erpur hefur notað tengslin við Blika í textum sínum: „Á toppnum eins og kvennadeild Breiðabliks,“ sagði hann í laginu XXX.

Rapparinn U-Manden, sem var félagi Erps í sveitinni Hæsta hendin, er KR-ingur í húð og hár, eins og hann útskýrði í einu lagi sveitarinnar: „Heimurinn minn er svartur og hvítur – ég held með KR, því restin er skítur.“

Ekki er hægt að nefna rappara sem stuðningsmenn íþróttaliða án þess að nefna rapparann Ástþór Óðin, sem samdi óð til körfuknattleiksliðs Njarðvíkur fyrir nokkrum árum. Í laginu rifjar Ástþór upp eftirminnileg atvik úr ríkri sögu Njarðvíkinga á parketinu og er viðlagið ógleymanlegt: „Njarðvík, Nja, Nja, Nja, Njarðvík. Það bergmálar.“

## Mikil tengsl í Bandaríkjunum

Vestanhafs verða skilin á milli rapps og íþrótta sífellt óskýrari. Rappið á í mestum tengslum við NBA-deildina, en fjölmargir NBA-leikmenn hafa reynt fyrir sér í rappinu og hefur deildin meðal annars staðið fyrir útgáfu rappdisks með lögum eftir leikmenn.

Þekktustu rapparar heims eru miklir stuðningsmenn NBA. Jay-Z átti á sínum tíma hlut í liði Brooklyn Nets og barðist fyrir því að fá liðið þangað frá New Jersey. Hann rekur nú eina af heitustu umboðsskrifstofum NBA-deildarinnar og er meðal annars með stórstjörnuna Kevin Durant á sínum snærum.

Hinn kanadíski Drake tengist Toronto Raptors tryggðaböndum og situr gjarnan við völlinn þegar liðið spilar heimaleiki. Drake var skipaður sérstakur sendiherra liðsins, sem gefur honum mikinn aðgang að leikmönnum liðsins. Raptors var einmitt sektað af NBA-deildinni í fyrra vegna framkomu Drakes, en hann tjáði sig þá opinberlega um að liðið ætti að fá til sín Kevin Durant, en menn á vegum félaga mega ekki tjá sig um leikmenn annarra liða, samkvæmt reglum NBA. Ummælin féllu á tónleikum Drakes, sem Kevin Durant mætti á. Þeir fóru fram í Toronto og bað Drake fólkið sem mætti að hylla Durant, svo að hann fengi að kynnast því hvernig það væri að vera dáður af íbúum Toronto.



Aron Einar og Erpur eru góðir félagar og voru saman á Prikinu eftir að Ísland komst á EM.



Drake gegnir hlutverki hjá Toronto Raptors í NBA-deildinni.



Emmsjé Gauti er góður vinur Arons Einars Gunnarssonar.


F&F
HAUSTÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær og Akureyri

Vertu eins og heima hjá þér




Nýtt blað er komið í dreifingu
Þú finnur blaðið á www.husgagnahollin.is






KAMMA
Þriggja sæta sófi með viðarfótum. Dökk-, ljósgrátt eða brúnt slitsterkt áklæði. Stærð: 201 x 84 x :105 cm
89.990 kr. Afmælisverð



MANCHESTER
Tungusófi XL. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 300 x 160 x 70 cm
179.990 kr. ~~269.990 kr.~~



PEOPLE
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dúnfylling í sessu. Grábrúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 402 x 222/166 x 87 cm.
369.990 kr. ~~459.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
558 1100
Reykjavík
Bíldshöfði 20
Akureyri
Dalsbraut 1




Vigdís velti því upp hvort hún ætti að standa fyrir blómaskreytinganámskeiði í Alþingishúsinu í kjölfar hugleiðslunámskeiðsins sem Elín Hirst og Óttar Proppé stóðu fyrir í gær.

# Ekki einhugur um hugleiðslunámskeið

Hugleiðslunámskeið þingmanna í hádeginu í gær vakti spurningar um hlutverk Alþingishússins. Vigdís Hauksdóttir var ósátt við staðsetningu námskeiðsins sem Elín Hirst og Óttarr Proppé stóðu fyrir.

Þau Óttarr Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, og Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokkksins, stóðu fyrir hugleiðslunámskeiði fyrir þingmenn í hádeginu í gær. Námskeiðið, sem fór fram í salnum Hlaðbúð á þriðju hæð Alþingishússins, vakti spurningar hjá Vigdísi Hauksdóttur, þingmanni Framsóknarflokksins og formanni fjárlaganefndar, um hvert hlutverk þinghússins væri. „Ég er mjög hugsi yfir þessu nýja hlutverki Alþingishússins,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið og bætir við: „Ég velti því upp hvort að ég ætti ekki bara að halda blómaskreytinganámskeið, fyrst við erum byrjuð á svona námskeiðum.“

### Ágætlega sótt

Fréttablaðið ræddi við þingmenn í gær sem höfðu haft fregnir af þessum orðum Vigdísar, sem hún lét falla í Alþingishúsinu í gær þegar námskeiðið var auglýst. Óttarr Proppé hafði þó ekki heyrt af þeim. „Ég hef ekki fylgst með því, nei,“ segir hann um hvaða skoðanir Vigdís hefur á námskeiðinu.

„Við höfum verið að tala um að svona gæti verið gagnlegt fyrir okkur þingmennina. Við eigum að vera opin fyrir öllu sem getur hjálpað okkur að rækja störf okkar betur,“ segir Óttarr um hugmyndina að þessu hugleiðslunámskeiði. Hann segir námskeiðið hafa verið ágætlega sótt. „Þarna mættu nokkrir þingmenn. Við vorum svo heppin að einn kennari bauðst til að koma og miðla reynslu sinni.“

Þegar Óttarr er spurður að því hvort kennarinn hafi nokkuð verið Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra sem kennir hugleiðslu, segir Óttarr ekki svo hafa verið. „Nei, þetta var ekki Björn, en þetta var örugglega í hans anda.“

### Fleiri lýst yfir áhuga

Kennarinn á námskeiðinu var Sigrún Olsen, sem rekur Lótushús í Garðabæ. „Við fengum hana Sigrúnu til að reyna að koma á jafnvægi á andrúmsloftið,“ segir Elín Hirst í léttum tóni. Elín hefur sjálf stundað hugleiðslu í dágóðan tíma. „Já, ætli þetta séu ekki komin ein tíu eða tólf ár. Ég vissi að Óttar hafði líka verið í þessu að einhverju marki, þannig að við töluðum okkur saman og stóðum fyrir þessu. Þarna mættu sjö manns og ég fékk tölvupósta frá allavega tíu þingmönnum sem lýstu yfir áhuga á að koma næst. Námskeiðið bar að með nokkuð skömmum fyrirvara og margir þingmenn voru þá þegar búnir að bóka sig annað. Við munum því halda annað námskeið næsta þriðjudag.“ **kjartanatli@frettabladid.is**

## Námskeið þingmanna

***Eins og margir vita er Vigdís Hauksdóttir menntuð í blómaskreytingum. Ef hugmynd hennar, að hún haldi slíkt námskeið, verður að veruleika mætti spyrja sig hvaða aðrir þingmenn gætu frætt þingheim um nytsamlega en skemmtilega hluti, sem eru kannski ekki alltaf í umræðunni. Fréttablaðið tók saman nokkra sem gætu eflaust haldið skemmtileg námskeið.***

**KÖKUSKREYTINGAR BJARNA**



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra er þekktur fyrir áhuga sinn á kökuskreytingum. Bjarni hefur oft birt á Facebook-síðu sinni myndir af kökum sem hann hefur bakað og skreytt og hafa þær vakið mikla lukku þar.

**KATRÍN MEÐ GALDRA**



Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, er töframaður. Hún er meðlimur í Hinu íslenska töframannagildi, félagi töframanna hér á landi. Katrín gæti eflaust kennt þingmönnum einhver töfrabrögð.

**BOLLYWOOD-DANSAR HELGA HRAFNS**



Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, lauk nýlega námskeiði í Bollywood-dansi ásamt Ingu Auðbjörgu Kristjánsdóttur, unnustu sinni. Þau þóttu standa sig með prýði á námskeiðinu og telja þeir sem til þekkja að Helgi sé líklega fyrsti karlmaðurinn til þess að ljúka námskeiði af þessu tagi hér á landi.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# FRUMSÝNING Í KVÖLD KL.20 UPPSELT

## ÓGLEYMANLEG KVÖLDSTUND MEÐ KK

Fös 16/10 kl. 20 UPPSELT
Sun 18/10 kl. 20 UPPSELT
Þri 20/10 kl. 20 UPPSELT
Lau 24/10 kl. 20 UPPSELT

Sun 25/10 kl. 20 UPPSELT
Mið 28/10 kl. 20 UPPSELT
Fim 29/10 kl. 20 UPPSELT
Sun 1/11 kl. 20 UPPSELT

Mið 4/11 kl. 20 UPPSELT
Lau 7/11 kl. 20 UPPSELT
Sun 8/11 kl. 20 UPPSELT
Sun 15/11 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI

Mið 18/11 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
Fim 19/11 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
Fim 26/11 kl. 20 ÖRFÁ SÆTI
Fös 27/11 kl. 20 UPPSELT

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**




Atla Fannars Bjarkasonar


## Lærdómurinn af burðardýrinu

Samstarfsvilji borgar sig ekki. Þrátt fyrir að hafa sýnt lögreglunni á Íslandi mikinn samstarfsvilja var það ekki metið. Hin hollenska Mirjam van Twuyver fékk ellefu ára dóm, sem var einn sá þyngsti sem fallið hefur á Íslandi í tengslum við fikniefnamál. Hún benti lögreglunni á fólk og tók þátt í tálbeituaðgerð. Þá tilkynnti hún lögreglu við yfirheyrslur að til stæði að smygla fikniefnum með Norrænu til Íslands – skömmu síðar fundust 90 kíló af hörðum efnum í bíl pars sem kom til landsins með Norrænu.

Burðardýr flytja inn fikniefni í neyð. Mirjam lýsir því í viðtalinu við Stundina hvernig hún gat ekki borgað húsaleigu. Hún er öryrki og segir mjög erfitt að lifa á bótunum í Hollandi. Hún þurfti að leita til Hjálpræðishersins, missti íbúðina sína og þurfti að búa á götunni. Hún flutti svo inn til manns sem reyndist vera ofbeldismaður og kynntist loks fólki sem fékk hana til að smygla fikniefnum til Íslands. Hún gerði þetta ekki vegna þess að þetta væri spennandi viðskiptatækifæri.

Höfuðpaurarnir sleppa. Í viðtali við Stundina lýsir Mirjam því hvernig henni er ítrekað hótað af glæpasamtökum sem stóðu að smyglinu. Hún lýsir því þegar aðili tengdur málinu sagðist vita hvar hún ætti heima og að hann vissi að hundurinn hennar væri þar. Þá sagðist hann vita hvar foreldrar hennar búa og að svik myndu kosta höfuð hennar. Samtökin ná samt að halda sér í það mikilli fjarlægð að hún veit lítið um þau, annað en að þau eru mjög ógnvekjandi og með augu í hnakkanum.

Sem sagt. Meingölluð stefna í fikniefnamálum, sem virkar ekki samkvæmt neinni skilgreiningu, er notuð til að troða burðardýri í fangelsi í mörg ár á meðan höfuðpaurarnir mala sitt gull í friði. Vel gert, Ísland.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland






**YFIRBURÐIR**
**Fréttablaðsins staðfestir**
**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015

Allt sem þú þarft ...



